# FRÉTTABLAÐIÐ

115. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 17. MAÍ 2018



Stríð, sem er nýtt verk eftir Ragnar Kjartansson og Kjartan Sveinsson, var frumsýnt í Þjóðleikhúsinu í gær. Uppsetningin er samstarfsverkefni Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Þetta er í þriðja sinn sem þeir Ragnar og Kjartan vinna sviðsverk í sameiningu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Sigurður Hannesson skrifar um fjárfestingu í líf- og heilbrigðistækni 16

**SPORT** Bjarki Már Elísson og Berlínarrefirnir hafa í nógu að snúast þessa dagana. 22

**LÍFIÐ** Don Johnson vildi of margar milljónir fyrir að koma. 40

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Tuttugu þúsund hafa skráð sig

**HEILBRIGÐISMÁL** Tuttugu þúsund manns höfðu skráð sig á vefinn arfgerd.is um klukkan fimm í gær og óskað eftir upplýsingum um það hvort þeir eru með svokallað BRCA2 gen og 999del5 erfðabreytu. Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, upplýsingafulltrúi Íslenskrar erfðagreiningar, sagði við Fréttablaðið í gærkvöldi að hún byggist við því að sú tala myndi hækka með kvöldinu.

Í aðsendri grein í Fréttablaðinu í dag segist Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, telja að sú niðurstaða starfshóps heilbrigðisráðherra að það væri lögbrot að hafa samband við arfbera BrCA2 sé furðuleg túlkun og nýstárleg.

„Þegar manneskja er í bráðri lífshættu vörum við hana við ef við getum og reynum að forða henni frá hættunni án tillits til laga," segir Kári. **– jhh**

**/ sjá síðu 18**



**Kári Stefánsson, forstjóri ÍE.**

# Þriðja ofbeldishótunin á undanförnum vikum

**Nokkrar hótanir grunnskólabarna um ofbeldi í garð samnemenda sinna hafa komið upp á nokkrum vikum. Lögregla verst allra frétta til að forðast hermiáhrif. Full ástæða til að taka hótanir alvarlega segir prófessor í félagsfræði.**

**SAMFÉLAG** Nokkur tilvik ofbeldishótana grunnskólabarna hafa komið upp á höfuðborgarsvæðinu á undanförnum vikum. Í síðustu viku tók lögreglan á höfuðborgarsvæðinu meinta skotárásarhótun barns í Salaskóla í Kópavogi til rannsóknar og mun það vera þriðja ofbeldishótun gagnvart nemendum grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu á nokkrum vikum en samkvæmt öruggum heimildum Fréttablaðsins munu tilvikin vera allnokkur á undanförnum tveimur mánuðum.

Lögreglan hefur ekki viljað tjá sig um þessi tilvik og heimildir Fréttablaðsins herma að ótti við hermiáhrif ráði því að ekki hafi verið tilkynnt um tilvikin opinberlega utan þessa eina tilviks sem tilkynnt var um í síðustu viku. Heimildir blaðsins herma að umræddar hótanir í hafi verið settar fram á samfélagsmiðlum en séu misalvarlegar.

> Það er full ástæða til að taka svona hótanir alvarlega.
>
> Helgi Gunnlaugsson, sérfræðingur í afbrotafræðum



Í þeirri tilkynningu segir að rannsókn lögreglu hafi verið unnin í samstarfi við foreldra viðkomandi barns, barnaverndaryfirvöld og skólastjórnendur viðkomandi skóla. Málið sé í farvegi hjá barnaverndaryfirvöldum.

„Það er full ástæða til að taka svona hótanir alvarlega," segir Helgi Gunnlaugsson, prófessor í félagsfræði. Hann segir hermiáhrifin þekkt fyrirbrigði sem dregið hafi verið fram í rannsóknum erlendis. Börn séu viðkvæmur hópur og áhrifagjarnari en aðrir. Þá geri greitt aðgengi að samfélagsmiðlum einnig að verkum að mjög auðvelt sé að varpa alvarlegum hótunum fram.

Helgi segir að þótt ekki sé endilega gott að þagga umræðu um mál af þessum toga niður sé mikilvægt að fara varlega í opinberri umræðu um þessi mál bæði vegna hermiáhrifanna og til að forðast uppnám meðal nemenda, foreldra og starfsfólks skóla. **– aá**

## Veður




Vaxandi suðaustanátt í dag, víða 13-18 m/s og talsverð rigning sunnan- og vestanlands síðdegis. Heldur hægari vindur og þurrt á Norður- og Austurlandi fram á kvöld.

SJÁ SÍÐU 26



**Atli Helgason var dæmdur í 16 ára fangelsi fyrir að myrða Einar Örn Birgisson.** FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Atli Helga fær réttindi á ný

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hefur tekið til greina kröfu Atla Helgasonar um endurheimt lögmannsréttinda hans. Þetta staðfestir Helgi Magnús Gunnarsson vararíkissaksóknari, en embætti ríkissaksóknara varðist kröfu Atla fyrir héraðsdómi. Helgi segir ekki liggja fyrir hvort niðurstaða héraðsdóms verði kærð til Landsréttar.

Atli var dæmdur í sextán ára fangelsi árið 2001 fyrir að hafa orðið Einari Erni Birgissyni að bana og var þá einnig sviptur málflutningsréttindum. Fyrir rúmum tveimur árum hlaut Atli uppreist æru en óflekkað mannorð er meðal skilyrða þess að hafa málflutningsréttindi. Í kjölfarið lagði Atli fram kröfu til Héraðsdóms Reykjavíkur um endurheimt lögmannsréttinda sinna en féll frá þeirri kröfu eftir að Lögmannafélagið lagðist gegn henni í formlegri umsögn til héraðsdóms.

Í ársgömlum dómi Hæstaréttar í máli Róberts Downey Hreiðarssonar um endurheimt lögmannsréttinda hans, var því slegið föstu að í þeim tilvikum sem Lögmannafélagið komi ekki að sviptingu réttinda, sé óþarft að leita umsagnar félagsins um endurheimt þeirra. Í kjölfar dómsins lagði Atli sína kröfu fram að nýju og mun álits Lögmannafélagsins ekki hafa verið aflað um kröfuna, sem samþykkt var í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. – **ósk**

# Kynntu áform um samgöngumál og fleira




**Það verður ekki annað sagt en að þeir Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, og Bjarni Benediktsson, formaður flokksins, hafi verið einbeittir þegar þeir kynntu í gær áform um samgöngumál, fjármögnunarmöguleika og aðkomu ríkisins að þeim.** FRÉTTABLAÐIÐ/ SIGTRYGGUR ARI

# Taska í Leifsstöð olli áhyggjum

**LÖGREGLUMÁL** Starfsmenn í Flugstöð Leifs Eiríkssonar kölluðu til lögreglu síðla gærdags þegar taska var skilin eftir í suðurbyggingu, á svæði þar sem ferðamenn á leið til Bretlands og Bandaríkjanna fara. Taskan var tekin í snefilathugun og niðurstaðan var rauð. Það bendir til að það kunni að vera sprengjusnefilagnir í töskunni. Guðjón Helgason, upplýsingafulltrúi Isavia, segir að þá hafi lögregla verið kölluð til og það hún um aðra snefilathugun.

„Hún er gerð og kemur út græn, sem þýðir að ekki séu vísbendingar um sprengjuagnir. Fólk var beðið um að færa sig frá töskunni en það fór enginn af svæðinu og atburðurinn hafði engin áhrif á flugferðir,“ segir Guðjón.

Í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær var greint frá því að flugstöðin hafi verið rýmd en Guðjón segir það vera rangt. – **jhh**

# Stjórn RÚV ræðir áskorun vegna Ísraels

**Áskoranir tugþúsunda um sniðgöngu Eurovision til umræðu í stjórn RÚV. Ekki liggur fyrir á hvers borði ákvörðunin endar. Dagskrárstjóri RÚV segir að haft verði samráð við norrænu stöðvarnar áður en ákvörðun verður tekin.**

**SAMFÉLAG** Áskoranir tugþúsunda einstaklinga til RÚV um að sniðganga Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva kom til umræðu á fundi stjórnar RÚV í fyrradag og hefur verið sett á dagskrá næsta fundar stjórnarinnar sem verður í júní. Þá verður rætt um gengi Íslands í keppninni og mögulegar breytingar á fyrirkomulagi við val á framlagi Íslands í framtíðinni.

„Það er útvarpsstjóri sem tekur ákvörðun um þetta og gerir það væntanlega í samráði við stjórn RÚV,“ segir Lilja Alfreðsdóttir menntamálaráðherra, aðspurð um ákvörðunarvald um mögulega sniðgöngu Íslands.

Skiptar skoðanir eru innan stjórnarinnar um hvort stjórnin hafi einhverja aðkomu að málinu.

Þeir stjórnarmenn sem blaðið ræddi við telja að ákvörðunin varði dagskrá RÚV og komi þannig ekki formlega á borð stjórnar, nema til staðfestingar á ákvörðun útvarpsstjóra. Aðrir viðmælendur telja málið tengt dagskrárvaldi, sem stjórnin komi ekki nálægt og útvarpsstjóra beri að taka ákvörðun að höfðu samráði við dagskrárstjóra. Öllum ber þó saman um að ákvörðunina eigi að taka innan RÚV og án afskipta ráðherra eða ríkisstjórnar.

Þegar blaðið fór í prentun höfðu yfir tuttugu þúsund skrifað undir fyrrgreinda áskorun til RÚV á vefnum change.org en í áskoruninni er vísað til mannréttindabrota og ofbeldis Ísraelsmanna gagnvart palestínsku þjóðinni. Eins og kunnugt er verður keppnin haldin í Ísrael að ári en sigurstigin til Ísraels í keppninni síðastliðinn laugardag höfðu vart verið talin þegar fregnir bárust af mesta mannfalli á Gaza frá árinu 2014 er ísraelski herinn drap sextíu palestínska mótmælendur. Þúsundir særðust í aðgerðum hersins sem hafa verið fordæmdar víða um heim.



**Hin ísraelska Netta fagnar úrslitum í Eurovision um helgina.** FRETTABLAÐIÐ/EPA

> **Það er útvarpsstjóri sem tekur ákvörðun um þetta og gerir það væntanlega í samráði við RÚV.**



Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra

„Þetta hefur verið rætt innan dagskrárstjórnar og að sjálfsögðu erum við að skoða málið,“ segir Skarphéðinn Guðmundsson, dagskrárstjóri sjónvarps. Hann segir þó að ákvörðunar sé ekki að vænta á næstu dögum og líklega ekki fyrr en í haust, í aðdraganda þess frests sem stöðvarnar hafa til að tilkynna þátttöku.

Skarphéðinn segir að haft verði samráð við norræna sjónvarpsstöðvar áður en ákvörðun verður tekin um þátttöku. Aðspurður segist hann ekki hafa heyrt af sambærilegri umræðu eða undirskriftasöfnunum í nágrannaríkjunum. Ekki náðist í útvarpsstjóra við vinnslu fréttarinnar.

adalheidur@frettabladid.is



# HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

**Nýtt blað er komið út**
Skoðaðu blaðið á husa.is

# TILBOÐS VEISLA

**AUTHOR TROPHY26"**
Stell úr álblöndu, 3,3 kg. Skipting: SHIMANO Y21, 18 gírar, TEKTRO V bremsur. Þyngd: 14,3 kg/19".
3901286
**39.900 kr**

**20% afsláttur** af **ÖLLUM** Author reiðhjólum

AUTHOR

**Broil King**
SÚPER TILBOÐ
**Gasgrill Crown 320 Stál**
8,8 kW brennarakerfi úr ryðfríu stáli. 2,7 kW hliðarbrennari. Grillgrindur úr steypujárni, þrír brennarar úr ryðfríu stáli.
3000315
**45.990 kr**
~~54.950 kr~~

---

**Sjáðu verðið!**
**30% afsláttur**
SÚPER TILBOÐ
**Trampólín 4,26 m, öryggisnet fylgir**
14 fet/4,26 m, 6 fætur með öryggisneti.
3900586
**29.990 kr**
~~42.990 kr~~

OUTBACK
**Gasgrill**
Outback gasgrill, 2ja brennara með hliðaborði. Grillflötur: 50x36 cm með tvískiptum brennara.
3000225
**24% afsláttur**
SÚPER TILBOÐ
**15.990 kr**
~~20.990 kr~~

**Frábær vél**
*Gerðu frábær kaup*
**30% afsláttur**
SÚPER TILBOÐ
**14.995 kr**
~~21.495 kr~~
**Borvél 18V**
Graphite + ljós, taska, **2 rafhlöður**, 2.0Ah, Li-ion, s./mín. 0-350/1250, hersla 44Nm, þyngd 1,1 kg.
5245270

---

**Ótrúlegt úrval**
*af sláttuvélum*
TEXAS
**20% afsláttur**
SÚPER TILBOÐ
**34.956 kr**
~~43.695 kr~~
**Bensínsláttuvél Razor 4610**
139 cc, 2,3 kW, sláttubreidd 46 cm, sláttukerfi 3in1, 6 hæðarstillingar, eitt handtak, 65 ltr. safnari.
5085301

**20% afsláttur** af öllum Nilfisk háþrýstidælum
**20% afsláttur**
Nilfisk
SÚPER TILBOÐ
**18.980 kr**
~~23.725 kr~~
**Háþrýstidæla** C 110.7-5 PC X-TRA
110 bör, 1,4kW, 440 ltr./klst. Sjálfvirk gangsetning og stöðvun, Click & Clean kerfi, 5 m slanga, Compact Patio pallahreinsibursti fylgir.
5254202

**Sjáðu verðið!**
IKRA mogatec
**Rafmagnsorf**
350w, 25 cm sláttubreidd, lína 1,6 mm, stillanlegt skaft.
5086616
**4.995 kr**

**25% afsláttur** af LADY Pure Color
**Blöndum alla liti**
LADY
PREMIUM PAINT & COLORS

---

# Pallaleikur Húsasmiðjunnar
*Vinnur þú?*
DRÖGUM ÚT weber GRILL Í HVERRI VIKU Í ALLT SUMAR

Allir sem kaupa pallaefni í Húsasmiðjunni geta unnið glæsilegt Weber grill.
Drögum út **Weber** gasgrill í hverri viku í allt sumar.
**Skráðu þig á husa.is/pallaleikur**

weber

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt á milli verslana.

# Rannsókn kynferðisbrots rauf ekki fyrningarfrest líkamsárásar

**DÓMSMÁL** Karlmaður var í Héraðsdómi Austurlands í liðinni viku sýknaður af ákæru um líkamsárásir gegn fyrrverandi sambýliskonu sinni. Maðurinn játaði brot sín en var sýknaður þar sem brotin töldust fyrnd.

Í mars 2015 kærði konan manninn fyrir ítrekaðar líkamsárásir og kynferðisbrot. Maðurinn var búsettur á Höfn í Hornafirði og fór lögreglan á Suðurlandi (LRSu) með rannsókn málsins. Í skýrslutökum hjá lögreglu tjáði brotaþoli sig lítið en maðurinn neitaði sök.

Héraðssaksóknari felldi niður mál er vörðuðu hluta kynferðisbrota sem áttu að hafa átt sér stað árið 2014 en fyrirskipaði frekari rannsókn á meintu broti frá í mars 2015. Sá hluti málsins var síðan felldur niður í september 2017.

Eftir stóðu líkamsárásirnar en málið var flutt fyrir Héraðsdómi Austurlands þar sem Höfn er innan umdæmamarka hans. Umdæmi LRSu teygir sig hins vegar inn í umdæmi dómstólsins.

Sem fyrr segir kom maðurinn fyrir dóm og játaði sök. Ekki þótti unnt að sakfella manninn fyrir brot í nánu sambandi þar sem brotin áttu sér stað áður en það ákvæði hegningarlaganna var lögfest. Háttsemin taldist því vera líkamsárás.

Dómari málsins taldi fyrningarfrest brotsins hafa rofnað þegar rannsókn málsins hófst en hins vegar hefði rannsókn þeirra brota stöðvast meðan lögregla rannsakaði hin meintu kynferðisbrot. Því hefði sök mannsins fyrnst meðan málið var til rannsóknar og hann sýknaður.

Málskostnaður, tæpar 1,7 milljónir króna vegna launa verjanda og réttargæslumanns brotaþola, greiðist úr ríkissjóði. – **jóe**

> **Dómari málsins taldi fyrningarfrest brotsins hafa rofnað þegar rannsókn málsins hófst en hins vegar hefði rannsókn þeirra brota stöðvast meðan lögregla rannsakaði hin meintu kynferðisbrot.**

## Klöguhnappur TR er löglegur

**PERSÓNUVERND** Ábendingahnappur á heimasíðu Tryggingastofnunar ríkisins sem hægt er að nota til að senda inn nafnlausar ábendingar um meint brot einstaklinga samrýmist lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þetta er niðurstaða Persónuverndar í máli kæranda sem taldi óviðunandi að unnt sé að senda inn slíkar nafnlausar ábendingar.

„Þann ábendingahnapp sem hér um ræðir tilgreinir vefsíða TR ekki sem gátt fyrir viðkvæmar persónuupplýsingar,“ segir Persónuvernd. Stjórnvöldum geti borist viðkvæmar upplýsingar um einstaklinga óumbeðið eftir hvaða leið fyrir skrifleg samskipti sem er, meðal annars um ábendingahnappa á vefsíðum eða í tölvupósti. – **gar**

## Konur bjargi sér með mynt í nærfötunum

**DANMÖRK** Borgaryfirvöld í Kaupmannahöfn og Árósum ráðleggja ungum konum sem óttast að verða þvingaðar í hjónaband erlendis að fela mynt í nærfötunum.

Með málmleitartæki á flugvöllum verði þannig hægt að koma í veg fyrir ferð þeirra úr landi. Sífellt fleiri leita sér hjálpar í Danmörku vegna deilna sem tengjast svokölluðum fjölskylduheiðri.

> **Með málmleitartæki er hægt að stöðva för kvenna.**

Árið 2015 bárust 242 erindi vegna nauðungarhjónabanda auk annars, að því er segir í svari félagsmálaráðuneytisins til danska þingsins. Árið 2017 voru erindin 307.

Á sama tíma fjölgaði dvalargestum hjá Red-Savehouses úr 108 í 151. Um er að ræða athvarf fyrir ungt fólk sem vill komast úr nauðungarhjónaböndum og flýja ofbeldi tengt fjölskylduheiðri. – **ibs**

# Mánaðarlaun bæjarstjórans hækkuðu um 612 þúsund

**Laun kjörinna fulltrúa Kópavogsbæjar hækkuðu umtalsvert á milli áranna 2016 og 2017 þrátt fyrir að þeir hafi ekki þegið hækkun kjararáðs. Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri fékk tæpar 2,5 milljónir í laun á mánuði í fyrra og laun bæjarstjórnar- og bæjarráðsfulltrúa hækkuðu um 30 prósent á milli ára.**

**KJARAMÁL** Laun Ármanns Kr. Ólafssonar, bæjastjóra Kópavogs, hækkuðu um 32,7 prósent milli áranna 2016 og 2017 eða sem nemur ríflega 612 þúsund krónum á mánuði. Ármann fékk alls tæpar 2,5 milljónir á mánuði í fyrra fyrir bæjarstjórastarfið, setu í bæjarstjórn, nefndum og bílastyrk. Laun fulltrúa í bæjarstjórn og bæjarráði Kópavogsbæjar hækkuðu sömuleiðis um 30 prósent, og námu alls tæpum 74 milljónum króna í fyrra samanborið við 56,7 milljónir árið 2016.

Fréttablaðið óskaði eftir sundurliðun á launakostnaði stjórnenda Kópavogsbæjar en Geir Þorsteinsson, oddviti Miðflokksins í bænum, gagnrýndi hækkanir og ógagnsæi í framsetningu launaliðar ársreiknings bæjarins í grein í Morgunblaðinu á dögunum.

Þegar kjararáð hækkaði laun þingmanna hraustlega í afar umdeildri ákvörðun 1. nóvember 2016 hafði það áhrif á sveitarstjórnarstigið, þar sem víðast hvar fengu bæjarfulltrúar greitt hlutfall af þingfararkaupi fyrir setu í bæjarstjórnum.

Í Kópavogi, líkt og víðar, var tekin ákvörðun um að frysta laun bæjarfulltrúa meðan endurskoðað væri hvernig laun þeirra skyldu reiknuð. Niðurstaða í þeirri vinnu fékkst í febrúar 2017 og var ákveðið að laun bæjarfulltrúa tækju mið af þróun launavísitölu, grundvallað á uppreiknaði upphæð frá 2006. Samkvæmt upplýsingum frá Kópavogsbæ eru laun bæjarstjórans nú einnig tengd þróun launavísitölu.

Bæjarstjórnendur í Kópavogi fengu því ekki jafnmikla hækkun og ef við ákvörðun kjararáðs um 44 prósent hefði verið unað, en talsverða þó og afturvirka frá 1. mars 2017 aftur til nóvember 2016. Það gerði það að verkum að afturvirkar greiðslur fyrir þessa tvo mánuði árið 2016 voru bókfærðar 2017 í ársreikningi og gáfu heildarupplýsingar um greiðslur til kjörinna fulltrúa því ekki rétta mynd. Í útreikningum á þeim upplýsingum sem Fréttablaðið óskaði eftir um launagreiðslur bæjarstjórnenda hefur verið leiðrétt fyrir þessari skekkju.

Í svari Kópavogsbæjar kemur fram að árslaun bæjarstjóra árið 2016, að launatengdum gjöldum undanskildum og að viðbættum afturvirku greiðslunum, hafi numið 22,4 milljónum, eða sem nemur 1.867 þúsund krónum á mánuði.

Árið 2017 námu árslaun bæjarstjóra, að launatengdum gjöldum undanskildum og frádregnum afturvirku greiðslunum, 29,7 milljónum króna, eða sem nemur 2.479 þúsund krónum á mánuði. Inni í þessum upphæðum eru sem fyrr segir laun Ármanns sem bæjarstjóri og bæjarfulltrúi auk launa fyrir nefndarsetu og bílastyrks frá bænum.

Laun bæjarfulltrúa og bæjarráðsfulltrúa árið 2016, að launatengdum gjöldum undanskildum, námu 56,6 milljónum króna árið 2016 en voru 73,9 milljónir 2017. Er það um 30 prósenta hækkun. **mikael@frettabladid.is**



**Kjörnir fulltrúar í Kópavogsbæ fengu hraustlega launahækkun á síðasta ári þrátt fyrir að hafa valið aðra leið en að þiggja enn hærri hækkun kjararáðs. Bæjarstjórinn er með tæpar 2,5 milljónir á mánuði eftir hækkun.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

### Svona hækkuðu launin

Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri

**2016:**
Árslaun: **22.411.897 kr.**
Mánaðarlaun: **1.867.658 kr.**

**2017:**
Árslaun: **29.756.501 kr.**
Mánaðarlaun: **2.479.708 kr.**
**Hækkun: 32,7%**

**Bæjarstjórn/bæjarráð**
2016: **56.673.056 kr.**
2017: **73.944.424 kr.**
**Hækkun: 30%**





Ný ljóðabók frá Kára Tulinius

Einnig fáanleg sem rafbók!



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–19 | Laugardaga 11–16 | www.forlagid.is

COSTCO WHOLESALE

1 árs AFMÆLI

# TAKK FYRIR!

**Við erum þakklát fyrir frábærar móttökur sem við höfum fengið á undanförnu ári.**

*Takk fyrir stuðninginn!*



**Komið og takið þátt í að fagna fyrsta starfsafmæli Costco á Íslandi. Morgunverðarboð verða haldin frá 17. maí til 25. maí 2018 á milli kl. 10 og 12.**

**Frá 17.-25. maí verður mikið úrval af gæðavörum Costco á sérstöku afmælistilboði.**

Costco Iceland, Kauptún 3, 210 Garðabær, Íslandi. S 532 5555 costco@costco.is www.costco.is

*Aðeins meðlimir geta keypt vörur. Tekið er við reiðufé, kredit- og debitkortum.
JN17532

# Héraðsdómur hækkar sekt á Byko úr 65 milljónum í 400 milljónir

**VIÐSKIPTI** Héraðsdómur Reykjavíkur hefur í dag staðfest að Byko hafi framið alvarleg brot á samkeppnislögum og hækkað álagða sekt í 400 milljónir króna. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála hafði talið 65 milljóna króna sekt hæfilega.

Í maí 2015 komst Samkeppniseftirlitið að þeirri niðurstöðu að Byko hefði brotið gegn samkeppnislögum og EES-samningnum með umfangsmiklu ólögmætu samráði við gömlu Húsasmiðjuna. Var um að ræða samráð um verð á byggingavörum. Málið hófst þegar Múrbúðin sneri sér til Samkeppniseftirlitsins og gerði grein fyrir tilraunum Byko og gömlu Húsasmiðjunnar til að fá Múrbúðina til að taka þátt í hinu ólögmæta samráði. Taldi Samkeppniseftirlitið að um alvarleg brot væri að ræða og lagði 650 milljóna króna sekt á Norvik, móðurfélag Byko.

Norvik og Byko kærðu ákvörðun Samkeppniseftirlitsins til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Í október 2015 komst nefndin að þeirri niðurstöðu að Byko hefði tekið þátt í ólögmætu verðsamráði og brotið gegn samkeppnislögum. Hins vegar féllst nefndin ekki á að ákvæði EES-samningsins hefðu verið brotin. Einnig taldi nefndin að brot Byko væru ekki jafn alvarleg og Samkeppniseftirlitið lagði til grundvallar. Taldi nefndin því hæfilegt að lækka sekt Byko úr 650 milljónum króna í 65 milljónir.




Byko þarf að greiða mun hærri sekt eftir dóm Héraðsdóms Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Samkeppniseftirlitið höfðaði mál fyrir héraðsdómi þar sem eftirlitið byggði á því að áfrýjunarnefnd samkeppnismála hefði túlkað EES-samninginn með röngum hætti. Einnig hefði nefndin ekki lagt rétt mat á alvarleika brota Byko og sekt nefndarinnar gæti ekki tryggt fullnægjandi varnaðaráhrif. Slík áhrif eru mikilvæg til að stuðla að því að fyrirtæki raski ekki samkeppni, neytendum til tjóns. Samkeppniseftirlitið krafðist þess að sekt Byko yrði hækkuð.

Héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu að sekt áfrýjunarnefndar væri of lág. Engum vafa sé undirorpið að um sé að ræða samráð í skilningi samkeppnisréttar. Einnig féllst dómurinn á að ákvæði EES-samningsins hafi verið brotin. **– jhh**

## Farþegi réðst á bílstjóra

**LÖGREGLUMÁL** Til átaka kom milli bílstjóra og farþega um borð í Strætó í Borgarnesi í gærmorgun. Vagninn var kominn á leiðarenda frá Reykjavík til Borgarness þegar atvikið varð. Vagnstjóri ýtti þá við sofandi farþega sem greitt hafði fyrir far upp í Borgarnes, og vildi að hann yfirgæfi vagninn áður en hann héldi af stað suður á nýjan leik. Farþeginn sem mun hafa verið í annarlegu ástandi, brást hinn versti við og lét að sögn höggin dynja á vagnstjóranum.

Maðurinn var í kjölfarið handtekinn og er í fangelsi í Borgarnesi, að sögn Guðmundar Heiðars Helgasonar, upplýsingafulltrúa Strætó. **– bg**

## Launin hækka í vinnuskólanum

**SKAGAFJÖRÐUR** Öll tímalaun í Vinnuskóla Skagafjarðar hafa verið hækkuð um 120 krónur. Hækkunin er hlutfallslega mest á tímakaupi nemenda í sjöunda bekk sem fer úr 417 krónum í 517 krónur. Launin fara síðan stighækkandi eftir aldri og verða 830 krónur á tímann fyrir nemendur úr tíunda bekk.

Félags- og tómstundanefnd Skagafjarðar segir launin hækkuð til að bregðast við ábendingum íbúa og þannig að launin standist vel samanburð við önnur sveitarfélög án þess að stytta vinnutímabilið – sem sé lengra heldur en að meðaltali í vinnuskólum landsins. **– gar**

**830**

krónur fá nemendur úr 10. bekk í laun á tímann

# Rannsókn á plastmengun í maga fýla á Íslandi er hafin

**Aukið fjármagn veitt til rannsókna sem tengjast plastmengun. Rannsókn á fýlum er þekkt í Norðursjó en stunduð í fyrsta sinn á Íslandi. Niðurstöður munu liggja fyrir í lok árs. Vöktun verður haldið áfram í lengri tíma**



Fýlar afla sér fæðu mest sem næst yfirborði sjávar og gleypa því oft plast. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**UMHVERFISMÁL** Umhverfisstofnun hefur samið við Náttúrustofu Norðausturlands um að hefja rannsókn á plasti í maga fýla á Íslandi en markmiðið er að meta plastmengunina í sjónum og fylgjast þannig með þróun mengunarinnar. Aðgerðin er hluti af staðlaðri vöktun á plastmengun innan OSPAR sem er samningur um verndun hafrýmis Norðaustur-Atlantshafsins og Ísland er aðili að.

„Við fengum aukið fjármagn fyrir rannsóknir tengdar plastmengun. Rannsóknir í nafni OSPAR á plasti í mögum fýla í Norðursjó hafa verið stundaðar í lengri tíma. Hins vegar er þetta í fyrsta sinn á Íslandi,“ segir Katrín Sóley Bjarnadóttir, sérfræðingur í teymi hafs og vatns hjá Umhverfisstofnun. Rannsóknir hafa sýnt að fýlar gleypa mikið af plasti og eru þeir því kjörið rannsóknarefni til þess að fylgjast með og vakta plastmengun í sjó. Þeir afla sér fæðu eingöngu á sjó og sjaldan nærri landi. Þá eiga þeir erfitt með að kafa og næla sér því í það sem er næst yfirborði sjávar, sem iðulega eru plastagnir sem líkjast fæðu.

> Hluti af samningnum við NNA er að virkja sjómenn til þess að taka þátt í að safna fýlum sem festast í netum og línum
>
> Katrín Sóley Bjarnadóttir, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun



Rannsóknirnar eru þegar hafnar en Þorkell Lindberg, forstöðumaður NNA, fer þar fyrir þeim en mikið nákvæmnisverk er að greina plast frá náttúrulegri fæðu í maga fuglanna.

Katrín Sóley segir að það taki þó einhvern tíma að koma ferlinu almennilega í gang. „Hluti af samningnum við NNA er að virkja sjómenn til þess að taka þátt í að safna fýlum sem festast í netum og línum og koma þeim til Náttúrustofu Norðausturlands.“ Þorkell safnar nú sýnum og í haust fer krufning og úrvinnsla fram. Enn kemur ekki inn nógu mikið af fýl sem finnst ýmist dauður á ströndum eða festist í veiðarfærum fiskiskipa. „Við reynum að nota þá söfnunaraðferð hér á Íslandi. Við eigum síðan von á niðurstöðum í lok þessa árs, en svo er ætlunin að halda þessari vöktun áfram í lengri tíma. Grunnurinn fyrir öllum náttúruverndaraðgerðum er að hafa gögn um hvert raunverulegt ástand er.“ **gj@frettabladid.is**



HR
HELENA RUBINSTEIN

# *eye play* WITH *volume*




## HVER ER UPPÁHALDS HELENA RUBINSTEIN LASH QUEEN MASKARINN ÞINN?

**20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HR VÖRUM 17. – 23. MAÍ Í SNYRTIVÖRUVERSLUNUM HAGKAUPS***

**HR fæst ekki í HAGKAUP AKUREYRI, BORGARNESI, REYKJANESBÆ, SKEIFU EÐA SPÖNG*

HAGKAUP
*Meira* svona *alla daga*

## Landspítalinn í tölum 2017

**109.905** einstaklingar leituðu til LSH

**332.808** komur á dag- og göngudeildir

**16.447** skurðaðgerðir gerðar á spítalanum

**1.937** hjartaþræðingar framkvæmdar

**12** sjúklingar á gjörgæslu að meðaltali á degi hverjum

**2.433.997** rannsóknir gerðar á rannsóknarsviði spítalans

**8.498** bráðveikir sjúklingar komu á Hjartagátt LSH

# Fá 850 milljónir frá ósjúkratryggðum

**Erlendir ósjúkratryggðir einstaklingar eru ákveðin tekjulind fyrir LSH en þeim fylgir einnig mikil þjónusta og aukinn kostnaður. Kulnun í starfi og mönnunarvandi helsta ógn við spítalann til framtíðar að mati forstjórans. Hann segir þann vanda vera alþjóðlegan.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Fjölgun erlendra einstaklinga hér á landi, bæði ferðamanna og vinnuafls, hefur í för með sér mikið álag á Landspítala háskólasjúkrahús en tekjur LSH af ósjúkratryggðum einstaklingum voru um 870 milljónir í fyrra. Landspítalinn þarf ekki lengur að reiða sig á gjafir frá utanaðkomandi aðilum.

Þetta kom fram í máli Páls Matthíassonar, forstjóra LSH, á ársfundi spítalans sem haldinn var í gær. Fjölgun ferðamanna er hlutfallslega meiri en meðal íbúa landsins á næstu árum. Einnig mun fjölga á þessu ári um sex til sjö prósent í hópnum 60-80 ára og eru það einstaklingar sem þurfa á mestri sjúkrahúsþjónustu að halda, sjúkrahúsþjónustu sem er hlutfallslega mjög dýr miðað við aðra aldurshópa.

Fjölgun erlendra ferðamanna og erlends vinnuafls á landinu krefst þess að spítalinn veiti meiri og ítarlegri þjónustu en hann hefur gert. Tekjur Landspítalans af erlendum ferðamönnum voru til að mynda um 875 milljónir króna í fyrra. Þessu fylgir einnig meira álag á starfsmenn. Sjúkrahúsið þarf að taka þessa fjölgun með í reikninginn. „Við höfum gert það síðustu tvö árin að taka inn í áætlun okkar fjölgun ferðamanna. Það fylgir þeim líka öðruvísi aðstoð með ítarlegri leiðbeiningum sem taka meiri tíma. Einnig eru þetta mikið til alvarleg slys og því fylgir einnig álag á gjörgæslu sem er þétt setin fyrir,“ segir Páll. „Einnig má ekki gleyma auknum fjölda erlends starfsfólks sem hingað kemur í uppgangi efnahagslífsins. Þar þarf oft á túlkaþjónustu að halda með annars konar álagi. Því er í mörg horn að líta þegar kemur að þessum tveimur hópum.“

Stærsta ógnin að mati Páls er alþjóðlegur vandi sem sést víða í hinum vestræna heimi. „Spítalar á Vesturlöndum virðast standa frammi fyrir sama vandanum sem er mönnun, þá helst hjúkrunarfræðinga, lífeindafræðinga og sjúkraliða en einnig annarra stétta innan sjúkrahúsa. Á álagsríkum deildum er hætta á kulnun í starfi meiri. LSH sem vinnuveitandi getur bætt það upp með meiri sveigjanleika fyrir starfsfólk og aukinni áherslu á endurmenntun. Við erum að vinna að því að innleiða slíka ferla hjá okkur.“ **sveinn@frettabladid.is**



**Forstjóri Landspítalans segir að síðustu tvö árin hafi fjölgun ferðamanna verið tekin inn í áætlanir Landspítalans.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans**




FORD KA+
STÓRI SMÁBÍLLINN!

Það má með réttu segja að Ford KA+ sé stór smábíll. Hann er byggður á stærri grind en keppinautar hans og því mun rúmbetri en gengur og gerist í þessum flokki. Ford KA+ er líka sérlega snjall. Sem dæmi þá getur þú með raddstýringu hringt og svarað símtölum, hlustað á sms skilaboð eða spilað uppáhalds tónlistina þína.

Mánaðargreiðsla:
22.955 kr.
- Miðað við 79% Lykillán
- Kaupverð 1.790.000 kr.
- Útborgun 370.000 kr.
- Vextir 7,95%
- Lánstími 84 mánuðir
- Árleg hlutfallstala kostnaðar 9,54%

VERÐ FRÁ:
1.790.000 KR.

Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford KA+

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

Ford
ford.is


BOSS
HUGO BOSS
SAND
COPENHAGEN
POLO
RALPH LAUREN
Stenströms
ARMANI
COLLEZIONI
eterna
gardeur
HUGO
HUGO BOSS
G-STAR RAW
FINUCCI
bugatti
TINO COSMA
BELLINI
collezione
MANZ
GERMANY QUALITY SHOES SINCE 1898
BARKER
ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880
LLOYD
Herra
lagerinn
outlet
líka fyrir konur
Troðfull verslun af merkjavöru!
40% - 60%
afsláttur af öllum vörum
Opið virka daga frá kl. 11 til 18 / laugardaga frá kl. 11 til 17 / sunnudaga frá 13 til 17 / Sími 568 9512 Suðurlandsbraut 54 / bláu húsin (við faxafen)

# Ekki í fyrsta sinn sem afvopnun er lofað

Norður-Kórea lofar nú að losa sig við kjarnorkuvopnin. Ríkið segist ætla að hætta að vinna að kjarnorkuáætlun sinni. Þótt horfur nú séu góðar sýnir sagan að ríkið hefur áður gert samninga um slíkt og ekki staðið við þá.



Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is



Aðalstjórnstöðin á tilraunasvæðinu í Punggye-ri. Loftmyndin er tekin með gervihnetti árið 2013. Lítil virkni hefur verið á svæðinu frá kjarnorkutilraun síðasta árs. NORDICPHOTOS/GETTY

**NORÐUR-KÓREA** Fundur Kim Jong-un, einræðisherra Norður-Kóreu, og Moon Jae-in, forseta Suður-Kóreu, í landamærabænum Panmunjom í apríl er flestum enn í fersku minni. Fundurinn átti sér óvæntan aðdraganda en á honum skrifuðu leiðtogarnir undir yfirlýsingu þar sem meðal annars var kveðið á um að ríkin myndu vinna að kjarnorkuafvopnun á Kóreuskaga.

Nú síðast um helgina bárust þær fréttir að Norður-Kórea áformi að taka í sundur tæki sín og tól á kjarnorkuprófunarsvæði sínu í Punggye-ri. Áformar einræðisríkið að sú vinna fari fram í næstu viku. Göng verða felld saman með sprengingum og eftirlitstæki fjarlægð.

„Kjarnorkumálastofnun landsins og aðrar tengdar stofnanir undirbúa nú þetta verkefni til þess að tryggja að það sé öllum ljóst að kjarnorkutilraunum hafi verið hætt,“ sagði í frétt ríkismiðilsins KCNA.

Ljóst er að ástandið á Kóreuskaga nú er mun friðvænlegra en í fyrra, þegar Kim sagðist ætla að varpa sprengjum á bandarísku eyjuna Gvam. En þótt Norður-Kórea heiti nú kjarnorkuafvopnun er, í ljósi sögunnar, ekki hægt að fagna strax.

Óvíst er hvort útfærsla Norður-Kóreu á kjarnorkuafvopnun verði Bandaríkjamönnum þóknanleg. Líklegt er að ríkisstjórn Donalds Trump forseta fari fram á að eftirlitsaðilar fái að fylgjast með því að afvopnun verði þannig háttað að ferlið sé óafturkræft og afgerandi.

Þá er þess skemmst að minnast að Norður-Kórea hefur oftar en einu sinni og oftar en tvisvar skrifað undir samninga um að losa sig við vopn sín og hætta vinnu að kjarnorkuáætlun landsins. Við það hefur ekki enn verið staðið.

Raunveruleg geta Norður-Kóreu til að varpa þessum gereyðingarvopnum á óvini sína er óljós. Hins vegar hallast Bandaríkjamenn nú að því, samkvæmt skjölum sem lekið var í Washington Post í fyrra, að einræðisríkinu hafi tekist að smækka sprengjur sínar nóg til að hægt sé að flytja þær með langdrægum eldflaugum.





Kjarnorkusvæði Norður-Kóreu í Yongbyon. NORDICPHOTOS/GETTY

## Kjarnorkumál í 60 ár

**Fjöldi kjarnorkuvopna**
13 til 60

**Fjöldi kjarnorkutilrauna**
Sex

**Öflugasta sprengjan**
Norður-Kórea 2017 – 50 kílótonn
Tsar Bomba, Sovétríkin
1961 - 50.000 kílótonn
Little Boy, Hírósíma 1945 – 15 kílótonn

**Drægi eldflauga**
Hámarksdrægi norðurkóreskra eldflauga – 13.000 kílómetrar
Vegalend frá Norður-Kóreu til Íslands - 8.000 km
Frá Norður-Kóreu til Washington – 11.000 km

## Kjarnorkumál í sextíu ár

**1950**

**1956** Sovétríkin byrja að fræða norðurkóreska vísindamenn og verkfræðinga um kjarnorkumálin.
**1962** Bygging kjarnorkurannsóknarmiðstöðvarinnar í Yongbyon klárast.
**1980-86** Klára að byggja kjarnakljúf til að framleiða plútón.
**1985** Norður-Kórea skrifar undir samning um að dreifa ekki kjarnavopnum (NPT).
**1989** Bandaríkin staðfesta með gervihnöttum tilvist kjarnorkuáætlunarinnar.
**1993** Alþjóðakjarnorkumálastofnunin (IAEA) krefst aðgangs að kjarnorkuúrgangsgeymslusvæðum Norður-Kóreu. Einræðisríkið neitar.
**1994** Norður-Kórea lofar Bandaríkjunum að taka í sundur gamla kjarnakljúfa gegn því að fá aðstoð við að byggja tvo léttvatnskjarnakljúfa.
**1998** Norður-Kórea prófar Taepodong-1 eldflaug og skýtur yfir Japan. Bandaríkin veita þróunaraðstoð gegn því að eldflaugatilraunir verði settar á ís.



**2002** Bandaríkin greina frá því að Norður-Kórea hafi unnið að því að koma sér upp kjarnorkuvopnum í leyni. Sú vinna brýtur gegn samningnum frá 1994.
**2003** Norður-Kórea segir sig úr NPT. Í apríl lýsir Norður-Kórea því svo yfir að ríkið búi loks yfir kjarnorkuvopnum.
**2005** Norður-Kórea semur um afvopnun og að allri vinnu við smíði kjarnorkuvopna verði hætt.





**2006** Norður-Kórea prófar sína fyrstu kjarnorkusprengju. Sprengjan talin á bilinu 0,2 til 1 kílótonn og er því mjög lítil. Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkir umfangsmiklar viðskiptaþvinganir.
**2007** Norður-Kórea lofar að slökkva á aðalkjarnakljúfi sínum gegn 400 milljóna dala þróunaraðstoðarpakka. Síðar sama ár, eftir sex ríkja viðræður í Peking, skrifar Norður-Kórea enn á ný undir samning þar sem ríkið lofar að losa sig við kjarnorkuvopn sín og hætta smíði þeirra.
**2008** Aðrar sex ríkja viðræður í Peking. Viðræðurnar fjara út eftir að Norður-Kórea neitar að veita eftirlitsaðilum ótakmarkaðan aðgang að tilrauna- og framleiðslusvæðum.
**2009** Eftir að öryggisráðið fordæmir eldflaugatilraun heitir Norður-Kórea því að taka aldrei aftur þátt í sex ríkja viðræðum.
**2009** Önnur kjarnorkusprengja prófuð.
**2010** Greint frá tilvist nýrrar verksmiðju Norður-Kóreu þar sem einræðisríkið auðgar úran.
**2012** Bandaríkin semja við Norður-Kóreu um að allri kjarnorkustarfsemi og öllum eldflaugatilraunum verði hætt gegn því að Bandaríkin sendi matvæli til Norður-Kóreu.
**2013** Varnarmálaráð Norður-Kóreu segir að kjarnorkutilraunum verði haldið áfram þrátt fyrir gerða samninga. Ráðið segir Bandaríkin helsta óvin kóresku þjóðarinnar. Þriðja kjarnorkusprengjan, sú fyrsta í valdatíð Kim Jong-un, prófuð.
**2015** Norður-Kórea segist geta hæft Bandaríkin með kjarnorkusprengju.
**2016** Norður-Kórea lýsir því yfir að ríkið hafi í fyrsta sinn sprengt vetnissprengju. Slíkar sprengjur eru mun öflugri en hefðbundnar kjarnorkusprengjur. Síðar sama ár sprengir Norður-Kórea tíu kílótonna kjarnorkusprengju.
**2017** Norður-Kórea prófar langdræga eldflaug og segir að hún geti dregið hvert sem er á hnettinum. Sú staðhæfing er umdeild en nærri öruggt þykir að eldflaugin dragi til Bandaríkjanna.



**2017** Síðar prófar Norður-Kórea sína sjöttu kjarnorkusprengju. Sprengjan er átta sinnum öflugri en Hírósíma-sprengjan og líklegt þykir að um raunverulega vetnissprengju sé að ræða.
**2018** Norður-Kórea tekur þátt á Vetrarólympíuleikum í Suður-Kóreu og samskipti ríkjanna batna til muna. Kim fundar með Moon Jae-in, forseta Suður-Kóreu, í landamærabænum Panmunjom. Þar lofa leiðtogarnir að vinna að kjarnorkuafvopnun á Kóreuskaga.



# ÚRVAL AF GLÆSILEGUM NOTUÐUM BÍLUM





38.791 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.

**SUBARU Forester Premium**
Ekinn 94 þ.km, dísil, sjálfskiptur
Rnr. 145043
Nýskr. 04/16
Verð: 3.690.000 kr.
**TILBOÐ: 2.990.000 kr.**



22.089 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.

**VW** Nýskr. 04/16
**Golf Trendline**

Ekinn 94 þ.km
Bensín, sjálfskiptur
Verð: 2.090.000 kr.

**TILBOÐ:**
**1.690 þús. kr.**
Rnr. 145037



20.351 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.

**RENAULT** Nýskr. 05/12
**Megane Sport Tourer**

Ekinn 78 þ.km
Dísil, sjálfskiptur
Verð: 1.490.000 kr.

**TILBOÐ:**
**1.190 þús. kr.**
Rnr. 144540

Lykill fjármögnun

Mánaðargreiðsla er gerð samkvæmt reiknivél á lykill.is og eru viðskiptavinir hvattir til að kynna sér lánaskilmálana á heimasíðu lykill.is. Árlegur hlutfallslegur kostnaður bílaláana frá lykill.is er breytilegur og kjör lána miðast við vaxtatöflu og gjaldskrá félagsins á hverjum tíma.

# ÞÚ FINNUR BÍLINN Á WWW.BILALAND.IS



25.943 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.

**NISSAN** Nýskr. 12/15
**Pulsar Acenta**

Ekinn 27 þ.km
Bensín, sjálfskiptur
Verð: 2.390.000 kr.

**TILBOÐ:**
**1.990 þús. kr.**
Rnr. 144678



29.797 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.

**FORD** Nýskr. 09/14
**Mondeo**

Ekinn 59 þ.km
Bensín, beinskiptur
Verð: 3.290.000 kr.

**TILBOÐ:**
**2.290 þús. kr.**
Rnr. 144780



34.422 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.

**RENAULT** Nýskr. 07/16
**Kadjar Zen 4wd**

Ekinn 51 þ.km
Dísil, beinskiptur
Verð: 3.490.000 kr.

**TILBOÐ:**
**2.650 þús. kr.**
Rnr. 153049



16.950 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.

**DACIA** Nýskr. 06/15
**Logan**

Ekinn 52 þ.km
Dísil, beinskiptur
Verð: 1.590.000 kr.

**TILBOÐ:**
**1.290 þús. kr.**
Rnr. 370883



37.506 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.

**HONDA** Nýskr. 01/15
**CRV**

Ekinn 101 þ.km
Bensín, sjálfskiptur
Verð: 3.690.000 kr.

**TILBOÐ:**
**2.890 þús. kr.**
Rnr. 192505



32.367 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.

**NISSAN** Nýskr. 06/15
**Quashqai Acenta 4wd**

Ekinn 73 þ.km
Dísil, beinskiptur
Verð: 2.990.000 kr.

**TILBOÐ:**
**2.490 þús. kr.**
Rnr. 390535



33.652 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.

**SKODA** Nýskr. 04/16
**Octavia Ambition 4x4**

Ekinn 78 þ.km
Dísil, beinskiptur
Verð: 3.090.000 kr.

**TILBOÐ:**
**2.590 þús. kr.**
Rnr. 331216



43.930 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.

**TOYOTA** Nýskr. 05/16
**Rav4 GX**

Ekinn 95 þ.km
Bensín, sjálfskiptur
Verð: 3.790.000 kr.

**TILBOÐ:**
**3.390 þús. kr.**
Rnr. 144889



31.082 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.

**NISSAN** Nýskr. 08/16
**Juke Acenta+ 2wd**

Ekinn 25 þ.km
Dísil, beinskiptur
Verð: 2.990.000 kr.

**TILBOÐ:**
**2.390 þús. kr.**
Rnr. 144290



59.346 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.

**BMW** Nýskr. 04/17
**X1 Xdrive18d**

Ekinn 29 þ.km
Dísil, sjálfskiptur
Verð: 4.990.000 kr.

**TILBOÐ:**
**4.590 þús. kr.**
Rnr. 144545

ENNEMM / SÍA / NM88291

Birt með fyrirvara á verðbreytingum, innsláttarvillum og myndbrengl.

**Opið frá kl. 9–18 og**
**á laugardögum frá kl. 12–16.**

Klettháls 11 - 110 Reykjavík og Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
**www.bilaland.is**
www.facebook.com/bilaland.is

**bílaland**

# Sögufrægar fasteignir RR hótela til sölu

**Fasteignafélag RR hótela, sem á sögufrægar eignir í miðbæ Reykjavíkur, hefur verið sett í söluferli. Eignirnar hafa verið teknar í gegn og þeim fengið nýtt hlutverk sem hótelíbúðir. Búist er við að söluferlinu ljúki í sumar. Eignirnar voru metnar á 2,7 milljarða í lok árs 2016.**

Fjárfestingarfélagið Íslensk fjárfesting, í eigu Arnars Þórissonar og Þóris Kjartanssonar, hefur sett fasteignafélagið RR fasteignir, sem á sjö sögufrægar byggingar í miðbæ Reykjavíkur, í formlegt söluferli. Eignir félagsins voru metnar á ríflega 2,7 milljarða króna í lok árs 2016.

Þórir, sem er stjórnarformaður RR fasteigna, segist í samtali við Fréttablaðið búast við því að söluferlinu ljúki í sumar. Það er fyrirtækjaráðgjöf Arion banka sem er ráðgjafi seljanda í ferlinu.

Umræddar byggingar, sem eru við Hverfisgötu, Lindargötu og Veghúsastíg, eru leigðar til hótelfélagsins RR hótela, sem er auk þess í eigu Íslenskrar fjárfestingar, en félagið rekur meðal annars íbúðahótel undir nafninu Reykjavík Residence. Alls reka RR hótel 47 íbúðir í sex húsum og þegar framkvæmdum við Hverfisgötu 78 lýkur í haust verða hótelíbúðirnar samtals 63 í átta húsum.

Þórir segir húsin hafa öll verið tekin í gegn frá grunni og þeim fengið nýtt hlutverk sem hágæðaíbúðir. „Við höfum samt byggt þau upp í upprunalegri mynd og lagt áherslu á að vernda og miðla sögu húsanna. Að jafnaði er götumyndin vernduð og í sumum tilfellum sjálf húsin og því höfum við þurft að vinna náið með borgaryfirvöldum og húsafriðunarnefnd. Það er stór þáttur í þessu að allir séu sáttir,“ nefnir hann.

Á meðal eigna RR fasteigna eru hús Félags bókagerðarmanna við Hverfisgötu 21, sem er eitt af elstu steinsteyptu húsum borgarinnar, byggt árið 1912, 104 ára gamalt steinhús við Hverfisgötu 45, 112 ára gamalt hús við Lindargötu 11, Bókfellshúsið á Hverfisgötu 78 og Bergshús við Veghúsastíg 9.

Þórir segir forsvarsmenn félagsins fremur líta á það sem fasteignaþróunarfélag heldur en hefðbundið fasteignafélag sem eigi stórt safn eigna með langtímaleigusamninga, líkt og til dæmis stóru fasteignafélögin sem skráð eru á markað. „Við vinnum frekar í því að þróa og búa til flott fasteignasöfn og setja þau síðan í hendurnar á einhverjum sem er reiðubúinn til þess að reka þau. Við höfum byggt upp flott safn með þekktum eignum í miðborginni og er nú komið að þeim tímapunkti að við viljum selja það.“

RR hótel var skipt upp í tvö félög um áramótin 2016 og 2017. Annars vegar rekstrarfélagið RR hótel ehf. sem heldur utan um rekstur hótelíbúðanna og hins vegar fasteignafélagið RR fasteignir ehf. sem á eignirnar sem leigðar eru til RR hótela en að sögn Þóris var skiptingin fyrsta skrefið í að gera fasteignafélag hótelsins hæft til sölu.

> **Við vinnum frekar í því að þróa og búa til flott fasteignasöfn og setja þau síðan í hendurnar á einhverjum sem er reiðubúinn til þess að reka þau.**
>
> 
>
> Þórir Kjartansson, framkvæmdastjóri Íslenskrar fjárfestingar

Þórir segir fasteignasafnið geta verið góða og skemmtilega viðbót í eignasöfn fasteignafélaga og fleiri fasteignaeigenda, enda sé um að ræða þekktar eignir með mikla sögu sem hafi auk þess allar verið teknar í gegn. „Þar að auki er þetta íbúðahótel þannig að ef allt færi á verri veg í hótelbransanum eftir einhvern árafjölda væri hægt að breyta hlutverki þess og nýta íbúðirnar. Hótel verður hins vegar alltaf hótel.“

Samkvæmt ársskýrslu Íslenskrar fjárfestingar voru RR hótel rekin með um 97 prósenta herbergjanýtingu í fyrra. Framkvæmdum við Lindargötu 11 og Veghúsastíg 9a lauk á árinu og bættust þá tuttugu hótelíbúðir við eignasafnið. Jafnframt hófust framkvæmdir við Hverfisgötu 78 en þar er verið að byggja nýtt hús á baklóð ásamt því að núverandi hús verður endurbætt. Gerir fjárfestingafélagið ráð fyrir áframhaldandi vexti hjá RR hótelum á þessu ári.

Hagnaður Íslenskrar fjárfestingar nam 336 milljónum króna á síðasta ári og dróst saman um 369 milljónir frá fyrra ári. Í ársskýrslunni segir að helstu skýringarnar séu þær að rekstur stærstu dótturfélaganna hafi verið undir væntingum auk þess sem nokkur þróunarverkefni séu „enn að sanna sig“ og skili því tapi í samstæðunni. Forsvarsmenn félagsins búast þó við miklum hagnaði á næstu árum vegna fasteignaverkefna sem eru í söluferli.

kristinningi@frettabladid.is



**Dótturfélag Íslenskrar fjárfestingar keypti húsið við Hverfisgötu 21, eitt af elstu steinsteyptu húsunum í Reykjavík, haustið 2012.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Viðsnúningur hjá Högum

Viðsnúningur er hafinn hjá Högum eftir erfitt rekstrarár, segir í viðbrögðum IFS greiningar við uppgjöri fjórða ársfjórðungs. Landsbankinn segir í sínum viðbrögðum að sala Haga hafi verið yfir væntingum á fjórðungnum og að merki séu um að „samkeppnin á matvörumarkaði sé að róast“.

Hlutabréf félagsins hækkuðu um sjö prósent í gær sem rekja má meðal annars til þess að stjórnendur telja að hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta muni aukast um 21 prósent á yfirstandandi rekstrarári frá fyrra ári og muni nema um fimm milljörðum króna. Til samanburðar gerði Landsbankinn ráð fyrir að sá hagnaður yrði 4.548 milljónir króna. Rekstrarár Haga er frá mars til febrúar.

Landsbankinn segir að uppgjör Haga fyrir fjórða ársfjórðung hafi verið undir væntingum. Aftur á móti ef litið sé fram hjá einskiptiskostnaði vegna leigugreiðslna í Holtagörðum, sem nam 445 milljónum króna, hafi uppgjörið verið yfir spá bankans. „Sala og framlegð voru yfir spá okkar og launakostnaður undir því sem við gerðum ráð fyrir á fjórðungnum.“



**Finnur Árnason, forstjóri Haga.**

Landsbankinn reiknaði með að tekjurnar myndu dragast saman um 6,7 prósent en þær drógust saman um 5 prósent. Spá IFS varðandi tekjusamdrátt gekk eftir. Verðhjöðnun er einkum tilkomin vegna styrkingar íslensku krónunnar, betri innkaupa og lægra innkaupsverðs. Hagnaður Haga nam 461 milljón á fjórðungnum og var 31% undir spá Landsbankans og 39 prósent undir spá IFS. Skekkjan helgast fyrst og fremst af einskiptisliðum.

IFS vekur athygli á að Högum hafi tekist að halda sama framlegðarhlutfalli á milli ára en það var 24,8% á rekstrarárinu. – **hvj**

# Álver Norðuráls hagnast um þrjá milljarða króna

Álver Norðuráls á Grundartanga skilaði hagnaði upp á 29 milljónir dala, sem jafngildir ríflega 3 milljörðum króna, á síðasta ári samkvæmt nýbirtum ársreikningi félagsins. Til samanburðar tapaði álverið 21,2 milljónum dala árið 2016 en það var versta afkoma í tuttugu ára sögu fyrirtækisins.

Rekstrartekjur Norðuráls, sem er í eigu kanadíska álfyrirtækisins Century Aluminum, námu 658 milljónum dala, 68,6 milljörðum króna, í fyrra og jukust um tæplega 28 prósent á milli ára. Þá hækkaði rekstrarkostnaður um 23 prósent og var 553 milljónir dala.



**Ragnar Guðmundsson, forstjóri Norðuráls.**

Hagnaður álversins fyrir skatta og fjármagnsliði nam 65 milljónum dala í fyrra samanborið við 26 milljónir árið 2016. Eigið fé félagsins var jákvætt um 404 milljónir í lok síðasta árs borið saman við 375 milljónir á sama tíma árið á undan og var eiginfjárhlutfallið um sextíu prósent. – **kij**




# SLÖKKTU Á EYÐSLUNNI OG KVEIKTU Á SPARNAÐINUM



## Mitsubishi PHEV kemur þér inn í framtíðina

Mitsubishi Outlander PHEV er glæsilega hannaður, rúmgóður og háþróað fjórhjóladrifið kemur þér lengra allt árið. Þú getur ekið á hreinni íslenskri orku svo að bíllinn verður sparneytnari og umhverfisvænni. Outlander PHEV var vinsælastur í flokki jeppa og jepplinga árið 2017. **Nú fylgir 350.000 kr. sumarauki með öllum nýjum Mitsubishi bílum keyptum hjá HEKLU.** Slökktu á eyðslunni og kveiktu á sparnaðinum í nýjum Outlander PHEV. Hlökkum til að sjá þig!

**Outlander Invite PHEV**
Sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn frá:
**4.540.000 kr.**

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

**Sumarauki að verðmæti 350.000 kr. fylgir!**

MITSUBISHI MOTORS
FYRIR HUGSANDI FÓLK

5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum



## CARVING
Borðstofuskenkur frá Skovby
úr spónlagðri olíuborinni eik.
Stærð: Br. 190 x H. 80 x D. 49 cm.

**147.954 kr.**
~~246.590 kr.~~

**40%**
**AFSLÁTTUR**

## SKOVBY #22
Borðstofuborð.
Hvíttuð olíuborin eik.
Stærð: 100 x 175 H: 74 cm

**135.894 kr.**
~~226.490 kr.~~

skovby
Stækkanlegt í 255 cm
með innbyggðri
stækkun.

furninova



## MATI
2ja og 3ja sæta
sófi. Ljós- og
dökkgrátt
áklæði.

**25%**
**AFSLÁTTUR**

2ja s.: 163 x 90 x 80 cm
**104.993 kr.** ~~139.990 kr.~~

3ja s.: 212 x 90 x 80 cm
**127.493 kr.** ~~169.990 kr.~~

LAZBOY *Live life comfortably.*



## ODON
La-z-boy hægindastóll.
Brúnt slitsterkt áklæði.
Stærð: 84 x 95 x 107 cm.

**50%**
**AFSLÁTTUR**

**54.995 kr.** ~~109.990 kr.~~



**30%**
**AFSLÁTTUR**

## KIRUNA
Horntungusófi. Hægri eða vinstri.
Dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 236 x 200 x 78 cm

IDdesign

**125.993 kr.**
~~179.990 kr.~~



## CHARA
Spónlögð olíuborin eik. Skápur tveimur skúffum og með gleri í hurðum og hillum. Stærð: 101 x 45 x 172 cm.
Bekkur, stærð: 110 x 38 x 46 cm

Skápur
**77.994 kr.**
~~129.990 kr.~~

Bekkur
**23.994 kr.**
~~39.990 kr.~~



**40%**
**AFSLÁTTUR**



**35%**
**AFSLÁTTUR**

## LARAMIE
Hornsófi með sígildu sniði.
Brúnt microfiber. Stærð: 260 × 260 × 95 cm

Broyhill

**298.994 kr.**
~~459.990 kr.~~



## EDGE
Skápa-
samstæða.
Hvít með
eikarhurðum.

**149.994 kr.**
~~249.990 kr.~~

**40%**
**AFSLÁTTUR**

Stærð hvorrar einingar: Br. 180 × H: 45,5 cm, dýpt efri 32,5 cm, dýpt neðri: 42 cm

**Reykjavík**
Bíldshöfði 20
**10 – 18** virka daga
**11 – 17** laugardaga
**13 – 17** sunnudaga

**Akureyri**
**Dalsbraut 1**
**10 – 18** virka daga
**11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður**
**Skeiði 1**

**www.husgagnahollin.is**
558 1100

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.*

skovby



30%
AFSLÁTTUR

VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
ALLTAF OPIN

## NORDIC
**Vandað borðstofuborð.**
**Hvíttuð olíuborin eik.**
**Stærð: 100 x 183/274 x 74 cm.**

**165.984 kr.** ~~237.120 kr.~~

# ÞRIGGJA DAGA HVÍTASUNNUVEISLA
## FIMMTUDAG TIL LAUGARDAGS

## DIMA
Borðstofustóll. Svartur eða hvítur með viðarlitum löppum eða allur svartur eða allur hvítur.



25%
AFSLÁTTUR

9.743 kr. ~~12.990 kr.~~

## PRIME
Borðstofustóll. Svart PU áklæði og svartir fætur.



40%
AFSLÁTTUR

11.994 kr. ~~19.990 kr.~~

## HYPE
Borðstofu-stóll, blátt áklæði og svartar lappir.



35%
AFSLÁTTUR

19.494 kr. ~~29.990 kr.~~

## HYPE
Barstóll, grátt áklæði og svartar lappir.



35%
AFSLÁTTUR

22.744 kr. ~~34.990 kr.~~



30%
AFSLÁTTUR

## DEVON svefnsófi
Svefnsófi með horni og tungu. Einn með öllu! Geymsla undir tungu og í armi.
Stærð: 241 x 225 x 82 cm

160.993 kr. ~~229.990 kr.~~

## PITCH
Borðstofustóll. Svart, ljós-brúnt eða grátt PU-leður og stállappir



30%
AFSLÁTTUR

23.793 kr. ~~33.990 kr.~~

## PITCH
Barstóll. Svart eða grátt PU-leður og stállappir



30%
AFSLÁTTUR

30.793 kr. ~~43.990 kr.~~



30%
AFSLÁTTUR

## NICOLE svefnsófi
Vandaður ítalskur svefnsófi. Geymsluhólf í baki.
Stærð 200 x 90 x 92 cm. Stærð dýnu 192 x 140 cm.

188.930 kr. ~~269.900 kr.~~

## CAZAR
Skemmtilegur hægindastóll. Svart eða brúnt PU-leður eða ljósgrátt áklæði.



25%
AFSLÁTTUR

18.743 kr. ~~24.990 kr.~~

**Verslanir Húsgagnahallarinnar eru lokaðar á hvítasunnudag og annan í hvítasunnu**

HÚSGAGNA HÖLLIN

# FRÉTTABLAÐIÐ SKOÐUN

## Bílalíf



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Svo margir flokkar eru í framboði til borgarstjórnarkosninga í Reykjavík að ekki er hægt muna nöfn þeirra allra með góðu móti, án þess að notast við minnisblað. Áherslumál flokkanna eru af ýmsum toga en einhverjum þeirra er einkabíllinn. Á dögunum lét fulltrúi eins smáflokksins þau orð falla í útvarpsviðtali að það væri skelfilegt að aka Miklubrautina því þar þyrftu bílar að stoppa á nokkurra sekúndna fresti til að hleypa vegfarendum yfir gangbraut.

Það er vitanlega ekki rétt að bíleigendur verði fyrir þessu áfalli á Miklubrautinni á svo að segja hverri sekúndu. Það er hins vegar rétt að það eru umferðarljós við gangbrautir á Miklubrautinni sem vegfarendur nýta sér. Sá fjöldi er reyndar ekki mikill, en einstaka maður sést þó standa þar og ýta á takka umferðarljósanna og bíða, eins og löghlýðnir borgarar gera, eftir því að græni kallinn láti sjá sig. Stundum þarf að bíða nokkuð eftir þeim græna, en vegfarandinn er umvafinn stóískri ró. Þegar græni kallinn birtist neyðast bílar á Miklubrautinni til að stoppa og hleypa vegfarandanum leiðar sinnar. Fyrir vikið koma einhverjir bíleigendur hugsanlega einni eða jafnvel tveimur mínútum of seint á áfangastað sinn. Ekki ætti það að koma miklu róti á tilfinningalíf þeirra eða setja líf þeirra úr skorðum á nokkurn hátt.

Argir bíleigendur emja fremur hátt fyrir þessar kosningar og minna á að sífellt sé verið að þrengja að rétti þeirra. Að þeirra mati er ekki lengur hægt að aka um miðbæinn af því að hin vonda og meinfýsna borgarstjórn er heilluð af göngugötum. Hvergi er svo nóg af bílastæðum vegna þess að þessi sami meirihluti vill hrekja fólk úr bílum sínum og setja það í strætó eða upp á hjól. Og svo eru meira að segja vegfarendur við Miklubrautina!

Þessi hópur önugra bíleigenda ætti að leggja bíl sínum hluta úr degi og bregða sér í hlutverk vegfaranda við Miklubraut. Þeir ættu að standa þar um hríð og horfa á bílamergð aka fram hjá á fullri ferð. Sá sem horfir á þessa spúandi bílaumferð á miklum hraða hlýtur að velta fyrir sér hvort þetta sé virkilega eftirsóknarverður lífsstíll. Um leið hvarflar hugur viðkomandi hugsanlega að þeirri staðreynd að á hverju ári deyja tugir Íslendinga vegna mengunar hér á landi. En það er víst svo óþægileg staðreynd að ekki má tala um hana.

Af tali æstustu bíleigenda mætti stundum ætla að þeir byggju í bílum sínum og vildu hvergi annars staðar vera. Bílar eru vissulega þægileg farartæki en það á ekki að byggja tilveru sína og lífsgrundvöll á þeim. Samt eru of margir sem það gera og vilja eiga griðastað í bíl sínum öllum stundum. Þessum hópi bíleigenda virðist þykja beinlínis eftirsóknarvert að Reykjavík, og þar með talinn miðbærinn, verði mengandi bílaborg. Allur málflutningur þeirra hnígur í þá átt. Góðu heilli virðist þetta ekki meirihlutaskoðun kjósenda í Reykjavík.

**Af tali æstustu bíleigenda mætti stundum ætla að þeir byggju í bílum sínum og vildu hvergi annars staðar vera.**

**Kjörskrá í Reykjavík**

Reykjavíkurborg

Kjörskrá í Reykjavík vegna borgarstjórnarkosninga 26. maí nk. liggur frammi almenningi til sýnis í Ráðhúsi Reykjavíkur fram á kjördag. Vakin er athygli á því að hægt er að fá upplýsingar um kjörstaði á **www.reykjavik.is/kosningar.**

Kjósendur eru hvattir til þess að kynna sér á vef dómsmálaráðuneytisins, **www.kosning.is**, hvort nöfn þeirra eru á kjörskrá og hvar þeir eiga að kjósa. Athugasemdum vegna kjörskrár í Reykjavík skal beina til skrifstofu borgarstjórnar, Ráðhúsi Reykjavíkur, sími 411 4915, netfang **kosningar@reykjavik.is**. Þar eru jafnframt veittar nánari upplýsingar. Borgarráð úrskurðar um athugasemdir vegna skráningar í kjörskrá.

***Yfirkjörstjórn í Reykjavík***
***Skrifstofa borgarstjórnar***

### Halldór




## Frá degi til dags

**Strandamaður eða séra þingmaður**

**Árneshreppur logar í illdeilum vegna skyndilegrar fjölgunar skráðra íbúa í þessari afskekktu sveit. Brigsl ganga á milli þeirra sem vilja endilega virkja Hvalá og þeirra sem mega ekki heyra á slíkt minnst. Hástökkið í íbúafjölda er rakið til smölunar þar sem í raun er virkjunin stærsta kosningamálið í þessu fámennasta sveitarfélagi landsins. Þjóðskrá hefur meðal annars kallað lögregluna út til þess að rannsaka hvort nýbúarnir séu í raun og veru fluttir í hreppinn. Meintum lögbrjótum er hótað öllu illu en sjálfsagt eru þeir rólegir á meðan landslög ná ekki til þingmanna og ráðherra sem hafa stundað lögheimilamambó í gegnum árin.**

**Sértu velkominn heim!**

**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson alþingismaður er einn þeirra kjörnu fulltrúa sem lengi hefur verið á hrakhólum og meðal annars átt skráð lögheimili á eyðibýlinu Hrafnabjörgum III í Jökulsárhlíð og nú síðast í Aðalstræti 6 á Akureyri. Fyrir nokkrum dögum síðan gerðust þau stórmerki að hann flutti sig lögformlega á heimili sitt í Garðabæ. Mögulega rétt í tæka tíð svo lögreglan hefði ekki þurft að taka á honum hús og af honum skýrslu á bakaleiðinni úr rannsóknarleiðangrinum á Ströndum.** thorarinn@frettabladid.is

## Betra líf



Sigurður Hannesson
framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

Með auknum lífsgæðum lifir fólk lengur. Öldrun þjóða eykur eftirspurn eftir heilbrigðisþjónustu. Með fjórðu iðnbyltingunni opnast nýir möguleikar til þess að bæta líf okkar í gegnum líf- og heilbrigðistækni. Ísland á að taka þátt í þeirri þróun eins og önnur ríki. Í tengslum við opinbera heimsókn íslensku forsetahjónanna til Finnlands stóðu Samtök iðnaðarins ásamt sínum finnsku systursamtökum fyrir viðburði um líf- og heilbrigðistækni í Helsinki að viðstöddum forseta Íslands. Þar kynntu íslensk og finnsk fyrirtæki starfsemi sína og ræddu tækifærin sem framtíðin felur í sér ef rétt er á málum haldið. Samstarf Íslendinga og Finna á þessu sviði hefur verið gott í gegnum tíðina, meðal annars á sviði rannsókna.

Með fjárfestingu í rannsóknum og þróun á þessu sviði og skilvirku umhverfi nýsköpunar verða til mikil verðmæti sem stuðla ekki einungis að betra lífi fólks með nýjum lausnum heldur að aukinni verðmætasköpun sem skilar sér í auknum lífsgæðum. Þannig verður hugvit drifkraftur framfara á 21. öldinni.

Önnur ríki vilja taka þátt í þessari þróun og styðja við nýsköpun í líf- og heilbrigðistækni. Í atvinnustefnu breskra stjórnvalda sem nú er í mótun er lögð sérstök áhersla á að bregðast við öldrun þjóðarinnar, meðal annars með því að byggja upp þekkingu og fyrirtæki á sviði heilbrigðistækni. Norsk stjórnvöld hafa svipaðar áherslur. Atvinnustefna er skipulag og samhæfing aðgerða. Atvinnustefna fjallar ekki síst um það hvernig ríki geta skarað fram úr í samkeppni ríkja og á hvaða sviðum. Hér á landi vantar skýra atvinnustefnu sem yrði rauði þráðurinn í annarri stefnumótun, t.d. menntastefnu og nýsköpunarstefnu.

Finnland er góð fyrirmynd. Með markvissri stefnumótun og skýrri sýn hafa Finnar náð miklum árangri á undanförnum áratugum á þessu sviði sem og öðrum. Með því að vinna markvisst að því að fjölga stoðum atvinnulífsins og þar með skapa aukin verðmæti hafa Finnar komist í fremstu röð. Íslendingar geta sannarlega lært af Finnum.

**Hér á landi vantar skýra atvinnustefnu sem yrði rauði þráðurinn í annarri stefnumótun t.d. menntastefnu og nýsköpunarstefnu.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Forsaga kvótans

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Þegar fiskstofnar á Íslandsmiðum virtust vera að þrotum komnir árin eftir 1970 m.a. af völdum ofveiði, sökktu ýmsir hagfræðingar sér niður í málið. Gunnar Tómasson hagfræðingur var þá sá Íslendingur sem mesta reynslu hafði af störfum hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Gunnar mælti í rómuðu viðtali við Eimreiðina 1974 með veiðigjaldi til að koma efnahagslífi landsins á réttan kjöl, en verðbólga var þá mikil og efnahagurinn óstöðugur.

**Einn auðmaðurinn keypti nýlega hlut í HB Granda fyrir 21,7 milljarða króna af tveim vinum sínum. Andvirði viðskiptanna jafngildir 250.000 krónum á hverja fjögurra manna fjölskyldu í landinu. Landsbanki Íslands hafði áður (2011) afskrifað skuldir kaupandans fyrir – nú verðurðu hissa! – 20 milljarða króna.**

### Gjald, ekki skattur

Bjarni Bragi Jónsson, síðar aðalhagfræðingur Seðlabanka Íslands, lýsti einnig þeirri skoðun að hagkvæmasta leiðin til að stýra fiskveiðum við Ísland væri með veiðigjaldi sem hann kallaði auðlindaskatt eins og þá tíðkaðist. Síðar var á það bent að orðið „gjald“ á betur við en „skattur“ þar eð gjald kemur fyrir veitta þjónustu, t.d. réttinn til að veiða lax eða þorsk. Eigandi laxveiðiár eða leiguíbúðar leggur ekki skatt heldur gjald á gesti sína. Bjarni Bragi kynnti niðurstöður sínar á 22. ársfundi norrænna hagfræðinga í Reykjavík 1975. Ritgerð hans birtist í Fjármálatíðindum, tímariti Seðlabanka Íslands, síðar sama ár ásamt lofsamlegum ummælum tveggja erlendra hagfræðinga. Per Magnus Wijkman, síðar aðalhagfræðingur EFTA, sagði í sinni athugasemd: „Löndunargjald á veiddan afla eða uppboð veiðiheimilda eru líklega beztu leiðirnar til að tryggja hagkvæma stjórn sóknar á fiskimiðin án mismununar“ [Mín þýðing, ÞG].

Bjarni Bragi Jónsson vitnar í ritgerð sinni í umræður meðal íslenzkra hagfræðinga frá árunum eftir 1960 og minnist þess að hann hafi fyrst mælt opinberlega fyrir veiðigjaldi 1962. Bjarni tilgreinir að Gylfi Þ. Gíslason viðskiptaráðherra hafi 1965 mælt fyrir stofnun tekjujöfnunarsjóðs sem fjár skyldi aflað til með gjaldtöku í sjávarútvegi. Bjarni Bragi vitnar einnig í Jónas Haralz sem var einn helzti efnahagsráðunautur ríkisstjórna frá því fyrir 1960 og fram yfir 1970, en Jónas segir í ræðu 1967: „Beinasta aðferðin hefði verið að leggja sérstakt gjald á þær atvinnugreinar, sem hafa sérstaka aðstöðu til að hagnýta fiskimiðin í kringum landið, á hliðstæðan hátt og víða um heim eru greidd sérstök gjöld fyrir hagnýtingu olíulinda eða náma.“

Jón Sigurðsson, eftirmaður Jónasar sem efnahagsráðunautur ríkisstjórna á áttunda áratugnum og langt fram eftir hinum níunda og síðar ráðherra og seðlabankastjóri, var sama sinnis. Og það var einnig Þórður Friðjónsson, eftirmaður Jóns sem forstjóri Þjóðhagsstofnunar næstu 15 árin þar á eftir. Þórður sagði í ræðu 1994 að „... hagkvæmasta leiðin til að leysa sambúðarvanda iðnaðar og sjávarútvegs sé að beita einhvers konar gjaldtöku fyrir nýtingarrétt á auðlindinni“. Sem sagt: Allir þrír aðalefnahagsráðunautar ríkisstjórna frá 1956 til 2002 mæltu opinberlega fyrir veiðigjaldi. (Sögunni lýkur 2002 þegar Þjóðhagsstofnun var lögð niður.)

Fleiri menn lögðu hönd á plóg. Rögnvaldur Hannesson varði doktorsritgerð um fiskihagfræði í Lundi 1974 og fjallaði þar m.a. um veiðigjald. Kristján Friðriksson, kenndur við Últímu, varaþingmaður Framsóknarflokksins, hélt ræðu á þingi 1975 þar sem hann mælti fyrir veiðigjaldi. Gylfi Þ. Gíslason lýsti rökunum fyrir veiðigjaldi í Fjármálatíðindum 1977 og í röð fimm stuttra greina í Vísi 1979 í ritstjórnartíð Þorsteins Pálssonar, síðar forsætisráðherra.

### Arðinn til þjóðarinnar

Að lokinni ráðstefnu um fiskveiðistjórn að Laugarvatni 1979 birti Morgunblaðið rækileg viðtöl við þrjá sérfræðinga. Ragnar Árnason hagfræðingur, síðar prófessor, sagði þar: „... skiptir það miklu máli að velja kerfi sem er þannig, að samkv. því sé unnt að sjá til þess að enginn beri skertan hlut frá borði. Þar koma helst til greina tvær leiðir, annars vegar það að ríkið selji veiðileyfin og hins vegar auðlindaskatturinn, sem er skattur á aflamagn.“ Áður hafði Ragnar skrifað 1977 „... að væri rétt upphæð auðlindaskatts lögð á annað hvort sókn eða afla, myndi það leiða til þess, að hagkvæmasta lausn næðist. Sama árangri væri unnt að ná á auðveldari hátt með útgáfu veiðileyfa fyrir afla að því tilskildu að fullkominn markaður myndaðist um kaup þeirra og sölu.“ Einar Júlíusson eðlisfræðingur sagði við Morgunblaðið: „Burtséð frá þjóðnýtingu, sem ég tel óæskilega, er auðlindaskattur eina leiðin.“

Þorkell Helgason stærðfræðingur, síðar prófessor, orkumálastjóri og stjórnlagaráðsmaður, leiddi talið að réttlæti: „Ég fæ ekki séð neina aðra sanngjarna leið en einhvers konar auðlindaskatt eða veiðileyfasölu. Í fyrstu mætti nota þessar skatttekjur til að ná fram raunverulegum samdrætti í úthaldi með því að kaupa upp óhagkvæmustu veiðiskipin. En þegar fiskistofnarnir hafa rétt við tel ég slíka skattheimtu eðlilega aðferð til að dreifa stórauknum arði veiðanna til þjóðarinnar.“ Dæmin sýna að hagfræðingar og aðrir sérfræðingar stóðu í stykkinu.

### Allt kom fyrir ekki

Þrátt fyrir þessar rökræður allar ákvað Alþingi að hafna veiðigjaldi þar til málamyndagjald var loksins lögfest 2002. Alþingi kaus heldur að búa til stétt auðmanna í sjávarútvegi, auðmanna sem moka fé í stjórnmálamenn og flokka í skiptum fyrir varðstöðu um óbreytt ástand. Þannig er t.d. Morgunblaðinu haldið gangandi fram á þennan dag. Einn auðmaðurinn keypti nýlega hlut í HB Granda fyrir 21,7 milljarða króna af tveim vinum sínum. Andvirði viðskiptanna jafngildir 250.000 krónum á hverja fjögurra manna fjölskyldu í landinu. Landsbanki Íslands hafði áður (2011) afskrifað skuldir kaupandans fyrir – nú verðurðu hissa! – 20 milljarða króna. Meira næst.

# Höfum opið



Orri Hauksson
forstjóri Símans

Við viljum geta tengst netinu hvenær og hvar sem er. Ef okkur dettur í hug að koma myndefni til vina – eða verða okkur úti um sjónvarpsefni, upplýsingar eða tónlist – viljum við geta treyst á að komast samstundis í traust samband. Aðgangstækin okkar eru síminn, tölvan, sjónvarpið, úrið og alls konar búnaður.

**Hins vegar væri grátlegt að grafa aftur upp garða og götur þar sem þegar er búið að leggja. Það er vel hægt að nýta betur þær eignir, sem við eigum öll saman. Árið er 2018 – höfum opið.**

Á næstu árum munum við tala íslensku við tækin okkar. Þau munu auk þess sjálf eiga samskipti innbyrðis. Við erum þannig hreint ekki komin á neina endastöð þróunar, en erum þegar góðu vön. Samkvæmt Sameinuðu þjóðunum er Ísland nú með bestu tækniinnviði landa heims. Opinberir aðilar eiga hluta þeirra innviða sem lagðir eru í jörðu. Síðastliðna tvo áratugi hefur Reykjavíkurborg gegnum dótturfélög sín varið um 30 milljörðum á núvirði til að leggja ljósleiðara inn í hús á suðvesturhorninu.

Nú eru að koma kosningar. Áhugavert er að vita skoðun frambjóðenda á því hvort megi opna þessar fjarskiptalagnir almennings. Það er skoðun undirritaðs að þessir innviðir ættu að vera opnir fyrir allar útgáfur af þjónustufyrirtækjum sem vilja keppa um hylli fólks fyrir stafrænar lausnir. Nú er staðan sú að þegar borgarfyrirtækið er beðið að opna á og leigja út þann óvirka aðgang að innviðum sem önnur sveitarfélaganet á Íslandi og í Evrópu veita, er komið að lokuðum dyrum. Einungis er veitt ein leið inn í kaplana, um þeirra eigin miðlægu heildaruppsetningu og endabúnað. Allt eða ekkert. Þessir afarkostir eru óvenjulegir og óhagkvæmir. Tvíverknaður, umhverfisrask og sóun eru meðal afleiðinganna. Lokunin heldur aftur af þróunarmöguleikum, sem opið fyrirkomulag leysir úr læðingi.

Síminn á ekki kost á nýta þessa tugmilljarða fjárfestingu almennings á meðan þetta lokaða fyrirkomulag er við lýði. Í mörgum hverfum og bæjarfélögum kemur þetta ekki að sök, þar sem mun fleiri en Orkuveitan leggja fjarskiptanet og ljósleiðara á Íslandi. Hins vegar væri grátlegt að grafa aftur upp garða og götur þar sem þegar er búið að leggja. Það er vel hægt að nýta betur þær eignir, sem við eigum öll saman. Árið er 2018 – höfum opið.






# Rót reiðinnar



Gylfi Arnbjörnsson
forseti ASÍ

Að undanförnu hafa birst á samfélagsmiðlum stutt myndbönd frá ASÍ þar sem fjallað er um þær áskoranir sem launafólk stendur frammi fyrir á íslenskum vinnumarkaði. Eitt þeirra fjallar um rót reiðinnar sem ríkir í samfélaginu vegna misskiptingar. Þar er því meðal annars haldið fram að oft sé ríkið versti óvinur launafólksins. Þrátt fyrir að verkalýðshreyfingunni hafi með samstöðu sinni tekist að hækka lægstu laun umtalsvert á síðustu árum, hækkun sem er langt umfram almenna launaþróun, hefur það ekki leitt til þeirra bættu lífskjara sem að var stefnt. Ástæðan er sú að stjórnvöld hafa með aðgerðum sínum og aðgerðaleysi á undanförnum árum hirt lungann af þeim ávinningi sem kjarasamningar hafa tryggt þeim tekjulægstu.

Við erum að tala um skerðingu skattleysismarka, lækkun barnabóta, lækkun vaxta- og húsnæðisbóta á sama tíma og fasteignaverð og húsaleiga hækkar. Fólk veigrar sér við að leita læknis vegna hárrar gjaldtöku í heilbrigðiskerfinu. Skerðingar á greiðslum almannatrygginga með miklum tekjutengingum gagnvart greiðslum lífeyrissjóðanna eru enn eitt dæmið um hvernig ríkið hefur höggvið þar sem síst skyldi. Sjálftaka ofurlaunaaðalsins á svimandi launahækkunum magnar hina réttlátu reiði enn frekar.

Stjórnmálamenn bera á þessu fulla ábyrgð. Krafan um að þeir og dekurbörnin þeirra deili kjörum með þjóðinni er krafa um réttlæti og jöfnuð. Í áætlun ríkisstjórnarinnar til næstu fimm ára stendur ekki til að rétta hag þeirra lægst launuðu þegar kemur að velferðar- og skattamálum. Tillaga ASÍ var samstaða um nýjan þjóðarsáttmála, þar sem auknum tekjum ríkis og sveitarfélaga af hagvexti yrði varið til eflingar velferðar- og félagsmála. Því miður var ríkisstjórnin, undir forsæti VG, ekki tilbúin til þess og því var miðstjórn ASÍ nauðugur sá kostur að hafna þátttöku í þjóðhagsráði. Skilaboð ASÍ eru skýr. Um þennan ramma verða átök því það er verið að ganga freklega á hagsmuni launafólks í landinu. Við það verður ekki unað.

# Að komast heim



Jón Sigurðsson
fv. skólastjóri

**Ísraelsmenn vita fullvel að málið snýst um líf og framtíð þjóðarinnar – eða gereyðingu.**

Allir hafa samúð með palestínskum almenningi, ekki síst fólkinu á Gazasvæðinu. Að vísu er efast um áhuga Egypta og Jórdaníumanna á að sýna velvild sína í verki. Meginkrafa Palestínumanna er „Réttur til að koma aftur heim“. En menn gleyma oft því að þetta merkir: Rekum gyðingana burt, í sjóinn með þá, drepum þá alla…

Ísraelsríki var stofnsett 14. maí 1948, að ákvörðun Sameinuðu þjóðanna. Nágrannaríkin réðust þegar í stað með herafla á nýja ríkið. Ísraelsmenn höfðu betur og færðu landamæri sín út. Rúmlega 700 þúsund Palestínumenn hröktust brott eða kusu að fara.

Um 850 þúsund gyðingar frá arabaríkjunum voru hraktir til Ísraels eða kusu að flytjast þangað. Eins og Palestínumennirnir urðu þessir gyðingar að skilja eigur sínar eftir, allar fasteignir og annað.

Skyldmenni þessara gyðinga mynda meirihluta kjósenda í Ísrael. Þeir sjá ekki ástæðu til að rýma upp á nýtt fyrir Palestínumönnum eftir að hafa yfirgefið fyrri heimkynni í arabalöndunum og skilið eigur sínar eftir þar.

Gyðingar hafa alltaf búið í Landinu helga, á tímabilum sem minnihluti. Þeim hefur fjölgað þar frá 16. öld en þá fengu þeir boð stjórnvalda í Tyrkjaveldi. Þeir keyptu og byggðu hús, lóðir og jarðir. Á 19. öld hófust árekstrar þeirra og Palestínumanna sem töldu umsvif gyðinganna orðin of mikil. Árið 1917 gáfu Bretar, sem þá voru landsdrottnar, gyðingum staðfestingu þess að þeir gætu myndað þjóðarheimili í Landinu helga.

En fleiri en Palestínumenn hafa lent í hrakningum. Í þeim hópi eru Armenar og Kúrdar, Indverjar og Pakistanar, Grikkir og Tyrkir, Þjóðverjar, Pólverjar og fleiri. Og kristnir menn hafa flúið brott úr arabalöndunum á umliðnum áratugum, en þeir voru þar fjölmennur minnihlutahópur.

Ísraelsmenn vita fullvel að málið snýst um líf og framtíð þjóðarinnar – eða gereyðingu. Þeir hafa líka lært að hunsa fagurgala Evrópumanna.

**Blekhylki.is**




Blekhylki.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind

# Rétturinn til þess að bjarga lífum



Kári Stefánsson
forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar

**Það er hins vegar ljóst að túlkun manna á stjórnarskránni og lögum sem á henni byggja hefur hingað til ekki komið í veg fyrir að fólk sem er í bráðri lífshættu af öðrum sökum en illvígum stökkbreytingum sé varað við. Þar af leiðandi er sá möguleiki fyrir hendi að vandinn liggi ekki í lögunum eða stjórnarskránni heldur í starfshópi heilbrigðismálaráðuneytisins.**

Síðasta skáldsaga Hermanns Hesse heitir Glerperluleikurinn og fjallar að hluta til um fáránleikann. Sagan á sér stað í ónefndu ríki í Evrópu þar sem allt snýst í kringum glerperluleikinn sem er með óljósar reglur og engan tilgang nema sjálfan sig og gat af sér alls konar hörmungar. Færustu menn ríkisins helguðu líf sitt leiknum og menntun efnilegustu barna og unglinga miðaðist við að undirbúa þau undir leikinn. Þegar Hermann Hesse hlaut bókmenntaverðlaun Nóbels árið 1946 var Glerperluleikurinn sérstaklega nefndur til sögunnar.

Um það bil 0,8% Íslendinga fæðast með illvíga stökkbreytingu í erfðavísi sem heitir BRCA2. Konur sem bera stökkbreytinguna eru með 86% líkur á því að fá banvænt krabbamein, þær eru þrisvar sinnum líklegri til þess að deyja fyrir sjötugt en konur almennt og þær lifa að meðaltali tólf árum skemur. Stökkbreytingin er sem sagt banvæn ef ekkert er að gert. Það væri hins vegar hægt að bægja frá meiri hlutanum af þessari ógn með fyrirbyggjandi aðgerðum.

Við búum svo vel að það væri auðvelt að finna flesta arfberana og þar af leiðandi hægt að nálgast þá, vara þá við ógninni og bjóða þeim aðstoð. Í um það bil áratug hef ég árangurslaust reynt að sannfæra heilbrigðisyfirvöld um að nýta þennan möguleika. Það vaknaði hjá mér svolítil von um að þetta væri að breytast þegar heilbrigðismálaráðherra skipaði starfshóp til þess að setja saman tillögur um nýtingu erfðaupplýsinga til forvarna með sérstaka áherslu á stökkbreytinguna í BRCA2. Starfshópurinn skilaði tillögum sínum á mánudaginn og í þeim segir skýrt og skorinort að hann telji að það væri brot á gildandi lögum að hafa samband við arfberana og vara þá við hættunni sem steðjar að lífi þeirra og ef sett yrðu ný lög sem leyfðu slíkt, brytu þau líklega í bága við stjórnarskrá lýðveldisins og mannréttindasáttmála Evrópu.

Þetta er furðuleg túlkun og nýstárleg og brýtur í bága við hefð í íslensku samfélagi. Ég ætla ekki að vitna til greina eða málsgreina í lögum eða stjórnarskrá eða mannréttindasáttmála þeirri skoðun minni til stuðnings, vegna þess að hún byggir í einni af grundvallarforsendum samfélags manna sem er æðri öllum lögum og hljómar svona: Þegar manneskja er í bráðri lífshættu vörum við hana við ef við getum og reynum að forða henni frá hættunni án tillits til laga eða annars nema þess sem kynni að setja fleiri líf í hættu. Það er rík hefð í íslensku samfélagi fyrir því að ganga mjög langt í því að bjarga lífi fólks án þess að það hafi lagt blessun sína yfir það fyrirfram.

Til dæmis segjum við fólki frá hættunni á því að snjóflóð kunni að falla á hús þess vegna þess að heilsu og lífi þess stafar hætta af snjóflóðum og við gerum það án þess að leita samþykkis þess fyrirfram. Við göngum meira að segja svo langt að flytja fólk nauðungarflutningum úr húsum á snjóflóðasvæðum ef það neitar að fara af fúsum og frjálsum vilja. Við sendum leitarflokka eftir fólki sem kemur ekki ofan af hálendinu á tilsettum tímum. Við prentum viðvaranir á sígarettupakka sem segja að það sé lífshættulegt að reykja, án tillits til þess hvort kaupandinn vilji vita að með neyslunni sé hann að vega að sjálfum sér.

Starfshópurinn komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að ef konur séu í bráðri lífshættu af völdum stökkbreytingar í BRCA2 megi ekki vara þær við vegna þess að það vegi að friðhelgi um einkalíf þeirra. Þetta er að öllum líkindum í fyrsta sinn í sögu Íslands sem því er haldið fram að það sé ólöglegt að vara fólk við bráðri lífshættu og fáránleikinn í því er takmarkalaus. Við byggjum landið með lögum til þess að gera líf fólks betra og öruggara. Lögin eru hugsuð sem tæki sem við notum til þess að gera líf fólks betra og öruggara. Ef túlkun starfshópsins er rétt og stjórnarskráin og lögin banna okkur að vara arfberana við bráðri lífshættu eru þau farin að vinna gegn tilgangi sínum og halda okkur frá þeim markmiðum sem þau áttu að hjálpa okkur að ná. Þau eru erindislaus og ótengd hagsmunum þess samfélags sem þau eiga að hjálpa okkur við að stjórna. Þau eru orðin einhvers konar glerperluleikur sem hefur engan tilgang annan en sjálfan sig og getur af sér alls konar hörmungar. Það er hins vegar ljóst að túlkun manna á stjórnarskránni og lögum sem á henni byggja hefur hingað til ekki komið í veg fyrir að fólk sem er í bráðri lífshættu af öðrum sökum en illvígum stökkbreytingum sé varað við. Þar af leiðandi er sá möguleiki fyrir hendi að vandinn liggi ekki í lögunum eða stjórnarskránni heldur í starfshópi heilbrigðismálaráðuneytisins.

Þegar ég hélt fund um þetta mál með föður mínum heitnum í nótt sem leið voru viðbrögð hans þessi vísa:

*Sál þeirra okkur sýnist rög*
*og sorgir mun hún þreyja*
*Þau halla undir flatt og hylla lög*
*og horfa á konur deyja*

# Áhrifin geta komið fram samstundis



Dr. Kjetil Hindar
rannsóknarstjóri norsku Náttúrufræðistofnunarinnar í Þrándheimi

**Stýrðar tilraunir í náttúrulegum árkerfum í Noregi og Írlandi sýna að áhrif eldislaxa á villta stofna geta komið fram samstundis.**

Rannsóknir mínar hafa verið nefndar sem sönnun þess að hrygning strokulaxa úr sjókvíaeldi í ám þurfi að standa yfir í áratugi svo raunveruleg hætta skapist á erfðablöndun milli eldislax og villts lax. Þetta er röng túlkun á rannsóknum á atlantshafslaxi í Noregi og öðrum löndum.

Stýrðar tilraunir í náttúrulegum árkerfum í Noregi og Írlandi sýna að áhrif eldislaxa á villta stofna geta komið fram samstundis. Áhrifin geta falið í sér erfðafræðilegar og lífsögulegar breytingar og samdrátt í fjölgun viðkomandi stofna. Þetta gerist þrátt fyrir að hver eldislax hafi takmarkaða hæfileika til að komast af í náttúrunni.

Í erfðafræðilegri greiningu á um 150 villtum laxastofnum í Noregi (um þrír fjórðu villtra stofna landsins) sýndi helmingur stofna afgerandi erfðafræðilegar breytingar vegna hrygningar strokufisks úr eldi. Enn fremur sýndu rannsóknir á meira en 4.000 fullorðnum villtum löxum úr 62 ám, að erfðaþættir úr eldisfiski höfðu valdið breytingum á mikilvægum eiginleikum villts lax á borð við hvenær fiskurinn verður kynþroska og hversu hratt hann vex.

Meðal niðurstaða sérfræðingahóps sem var skipaður af Alþjóðahafrannsóknaráðinu (ICES) árið 2016 var að: „Umtalsverð fækkun þarf að verða á strokufiski úr laxeldi, eða hefja þarf eldi á ófrjóum fiski, til að lágmarka áhrifin á náttúrulega stofna.“

Ef eldi í sjó við Ísland á að byggjast á stofni af norskum eldislaxi, myndi fyllstu aðgátar vera gætt ef notaður væri ófrjór fiskur í eldinu. Annar möguleiki er búnaður þar sem tryggt er að fiskur sleppur ekki. Ástæðan er sú að íslenskur lax er með aðra erfðafræðilega sögu en lax frá Noregi.

Rétt er að geta þess að norsk yfirvöld hafa nýlega bannað innflutning á frjóum eldislaxi til Noregs nema hægt sé að sýna fram á að laxinn sé af hreinum erfðafræðilegum norskum uppruna.


Breytum borginni
D
Lækkum skatta
í borginni
Við ætlum að lækka útsvar í Reykjavík undir 14%
á kjörtímabilinu þannig að heimilin hafi meira úr
að spila og samkeppnishæfni borgarinnar aukist.

# Rangfærslur um Backroads leiðréttar



**Tom Hale**
stofnandi og forstjóri Backroads

*Lögmæti starfsemi – starfsemi Backroads á Íslandi er í fullu samræmi við íslensk lög og reglur EES.*

Í frétt sem birtist í Fréttablaðinu þann 7. maí sl., komu fram rangfærslur um starfsemi Backroads á Íslandi, þar sem því var m.a. haldið fram að Backroads starfaði á Íslandi án leyfa, auk þess sem látið var að því liggja að starfsmenn Backroads á Íslandi njóti lægri launa en kjarasamningar kveða á um.

Vegna þeirra rangfærslna sem fram komu í fréttinni viljum við koma eftirfarandi á framfæri:

Backroads skipuleggur svokallaðar ævintýraferðir frá Bandaríkjunum og hefur skipulagt ferðir til Íslands í rúm sjö ár. Við dáum Ísland, menningu landsins, náttúru og allt það stórkostlega fólk sem við höfum unnið með þar.

Blaðamaðurinn virðist ekki gera sér grein fyrir eða reynir ekki að útskýra hvað Backroads leggur til íslensks samfélags. Við eigum í viðskiptum við yfir 75 aðila á Íslandi, hótel, veitingastaði og aðra þjónustuaðila og hefur Backroads greitt til þeirra um 2,5 milljarða króna frá því við hófum starfsemi þar. Auk þess ætlum við að viðskiptavinir Backroads hafi lagt til ríflega einn milljarð króna til ferðaþjónustuaðila á Íslandi, með því að greiða fyrir húsnæði, fæði og aðra þjónustu, bæði fyrir og eftir ferðir á vegum Backroads. Eru þá ótalin viðskipti við íslensk flugfélög. Þá viljum við taka fram að við erum stolt af þeim stuðningi sem fjöldi samstarfsaðila á Íslandi hefur veitt okkur eftir að fyrrnefnd frétt var birt í Fréttablaðinu.

Lögmæti starfsemi – starfsemi Backroads á Íslandi er í fullu samræmi við íslensk lög og reglur EES. Í júlí 2016 áttum við fundi með yfirvöldum og hagsmunaaðilum á Íslandi, þ.m.t. stjórn Samtaka ferðaþjónustunnar, verkalýðsfélögum og skattyfirvöldum, til að tryggja að starfsemi okkar væri í fullu samræmi við kröfur yfirvalda.

Réttindi starfsmanna Backroads – Ólíkt flestum ferðaskrifstofum, sem gera verksamninga við leiðsögumenn, gera Backroads ráðningarsamninga við íslenska starfsmenn og njóta þeir því allra réttinda sem slíkir.

Launamál – Laun sem Backroads greiðir íslenskum leiðsögumönnum eru hærri en kveðið er á um í viðeigandi kjarasamningum. Laun eru síðan hækkuð árlega eftir starfsreynslu.

Fagleg ferðaþjónusta EKKI hagnýting námsmanna – Ekkert af því góða fólki sem leiðir hópa á vegum Backroads á Íslandi eru námsmenn. Meðaldur er 30 ára með faglegan bakgrunn og allir hafa undirgengist þjálfun og eru með fagþekkingu innan ferðamála.

Frábær vinnuveitandi – Það starfa nú 230 manns við leiðsögn hópa á vegum Backroads innan EES, þar sem meðalstarfsaldur er 6 ár og 95% starfsmanna starfa áfram eftir reynslutíma. Við erum stolt af því að vera frábær vinnuveitandi og bjóðum Íslendingum sem hafa þekkingu og reynslu til að ganga í lið með okkur!

Aðbúnaður – Backroads flytur inn aðbúnað til Íslands frá Frakklandi og flytur síðan aftur út að tímabili loknu. Er öll skjalagerð og tollafgreiðsla í samræmi við ATA Carnet sem er viðurkenndur alþjóðlegur staðall. Frá árinu 2015 höfum við flutt aðbúnað til og frá Íslandi með Eimskip og unnið með íslenskum tollyfirvöldum til að tryggja að greiddir séu viðeigandi skattar og gjöld.

Bifreiðar – Bifreiðar sem Backroads notar á Íslandi eru níu farþega smárútur sem eingöngu eru notaðar til að þjóna gestum á vegum Backroads. Bifreiðarnar og notkun þeirra á Íslandi er í fullu samræmi við reglur EES og áskilja ekki sérstök akstursleyfi.

Backroads hefur rekið farsæla ferðaþjónustu víðs vegar um heim í 39 ár og erum við stolt af því að bjóða upp á ferðir til Íslands. Við gerum okkur grein fyrir því að Backroads geti verið hentugt skotmark samkeppnisaðila í ljósi fjárfestinga okkar á Íslandi og fyrirferðar innan ferðaþjónustunnar. Það sem fram kemur í áðurgreindri frétt í Fréttablaðinu og haft er eftir viðmælendum blaðsins þykir okkur hins vegar fela í sér alvarlegar rangfærslur. Skorum við á blaðamann Fréttablaðsins að viðhafa fagleg vinnubrögð í framtíðinni og hafa beint samband við okkur til að afla réttra upplýsinga um starfsemi okkar. Við munum eftir sem áður vinna af einurð og hollustu með íslenskum samstarfsaðilum til að sýna viðskiptavinum okkar það besta sem Ísland hefur upp á að bjóða.

# „Leiðréttingin“ og húsnæðismálin



**Bolli Héðinsson**
hagfræðingur

*Forréttindahópurinn sem Sjálfstæðis-, Framsóknar- og forystusveit Miðflokksins ákváðu að gera svo vel við hefur nú fengið hækkunina, sem varð á áhvílandi húsnæðislánum þeirra í hruninu bætta í tvígang.*

Hvað gerir vel stætt fólk sem horfir á fasteignir sínar hækka í verði langt umfram verðbólgu og fær svo skyndilega lækkaðar skuldir sínar, nánast eins og peninga sem ríkið færir þeim að gjöf? Þeir sem fá verulega fjárhæð fellda niður nota aukið ráðstöfunarfé til að kaupa sér litla íbúð til útleigu enda fáir aðrir möguleikar í boði til að ávaxta fé. Þeir sem fá heldur minna leggja peningana í sjóði fasteignafyrirtækja eins og Gamma sem svo kaupa íbúðir til útleigu.

Þetta er í hnotskurn niðurstaða bróðurparts „Leiðréttingarinnar“ sem er það afrek sem Sjálfstæðisflokkur, Framsóknarflokkur og forystusveit Miðflokksins guma af, þegar þeir greiddu hinum hærra launaða helmingi þjóðarinnar 86% „Leiðréttingarinnar“ beint úr ríkissjóði. Þriðjungur upphæðarinnar rann til 10% hinna hæst launuðu. Um þetta má allt lesa í skýrslu sem formaður Sjálfstæðisflokksins hafði ekki hugrekki til að koma fram með og sýna kjósendum fyrir þarsíðustu alþingiskosningar.

**Ungu fólki ýtt út af markaðnum**

Afleiðingarnar, hækkun húsnæðisverðs, voru algjörlega fyrirséðar. Ungt fólk sem vildi kaupa sér íbúð á viðráðanlegu verði var nú farið að keppa um kaup á slíkum íbúðum við aðila sem höfðu úr nægu fé að spila eftir að „Leiðréttingin“ var greidd út. Á sama tíma jókst eftirspurn eftir leiguhúsnæði umfram það sem áður hafði þekkst vegna Airbnb. Það síðan hvatti þá sem höfðu peninga aflögu til enn frekari íbúðakaupa svo það var ekki aðeins á kaupendamarkaði sem ungu fólki var ýtt út heldur einnig á leigumarkaði þegar húsaleiga rauk upp úr öllu valdi. Þessi skuggahlið „Leiðréttingarinnar“ hefur aðeins aukið á vandann sem var fyrir í kjölfar hrunsins þegar fjöldi byggingaverktaka lagði upp laupana eða sagði sig frá verkum.

Forréttindahópurinn sem Sjálfstæðis-, Framsóknar- og forystusveit Miðflokksins ákváðu að gera svo vel við hefur nú fengið hækkunina, sem varð á áhvílandi húsnæðislánum þeirra í hruninu bætta í tvígang, bæði með framlagi úr ríkissjóði og svo hefur húsnæði þeirra hækkað í verði svo verðmætaukning þess er langt umfram hækkanirnar sem urðu á lánunum.

# Tölum íslensku!



**Hjördís Guðný Guðmundsdóttir**
skipar 4. sæti á lista Framsóknar í Reykjavík

*Við viljum að Reykjavíkurborg sýni fyrirtækjum og stofnunum gott fordæmi og geri íslensku markvisst að leiðandi tungumáli innan sinna starfsstöðva.*

Þann 22. janúar sl. birtist viðtal í DV við Aneta M. Matuszewska, stofnanda og skólastjóra Retor fræðslu. Kallar hún þar eftir skýrri stefnu stjórnvalda varðandi íslenskukennslu og nám innflytjenda. Bendir hún á að staðan sé þannig í dag að enska sé orðin að leiðandi tungumáli á vinnustöðum þar sem innflytjendur starfi. Íslendingar grípi frekar til ensku og þar með geri innflytjendur það einnig, jafnvel þótt þeir tali íslensku. Segir Aneta vel hægt að snúa þessari þróun við ef stjórnvöld beiti sér og marki skýra stefnu. Þá séu þau hjá Retor, sem er einn aðili af nokkrum sem sinna íslenskukennslu fyrir innflytjendur, með margar hugmyndir í pokahorninu og starfa þegar eftir skýrri stefnu og námskrá sem þau byggja á námskrá mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Hafa þau bætt töluverðu efni við umrædda námskrá og setja fram skýrari kröfur, markmið, þrepaskipta náminu og skilgreina nauðsynlega eftirfylgni.

**Breyttar forsendur**

Aðstæður og breytt umhverfi innflytjenda er breytt frá því sem áður var og hingað til lands kemur fólk sem hefur hug á að setjast hér að og skapa sér og sínum framtíðarheimili. Við virðumst þó nálgast innflytjendur að stórum hluta sem hóp farandverkamanna sem hingað eru komnir til að starfa í stuttan tíma. Krafan og hvatinn til að læra íslensku er því ekki nægilega skýlaus né heldur markviss.

Hópur innflytjenda sinnir íslenskunámi að eigin frumkvæði og fjárfestir þannig í sinni framtíð hér á landi og eykur þannig möguleika sína á þátttöku í íslensku samfélagi. Við megum þó ekki gera ráð fyrir því að eins sé farið með alla. Í amstri dagsins mun það að setjast á skólabekk hvorki verða forgangsatriði í frítíma né fjárútlátum heimilisins.

Það er því stjórnvalda að stíga inn í og gera það að sjálfsögðum hlut að þeir innflytjendur sem hér eru búsettir og starfa fái tíma og rúm til að sinna íslenskunámi og geri það sem hluta af sínu starfi. Tungumálakennsla sem fram fer á móðurmáli hvers og eins er skilvirkari en að læra tungumál á öðru máli en sínu eigin og er það samfélagsleg ábyrgð stjórnvalda að af slíku íslenskunámi sé nægjanlegt framboð. Aðeins þannig nýtum við að fullu þann mannauð og þá þekkingu sem í borginni má finna.

Við viljum að Reykjavíkurborg sýni fyrirtækjum og stofnunum gott fordæmi og geri íslensku markvisst að leiðandi tungumáli innan sinna starfsstöðva. Tölum íslensku.

# Verknám – Nú þarf átak



**Þorbjörn Guðmundsson**
framkvæmdastjóri Samiðnar

Það hefur ríkt mikill samhljómur um það á Íslandi á undanförnum árum að það þurfi að fjölga nemendum í verk- og tæknigreinum. Hver ríkisstjórnin á fætur annarri tekur undir þetta markmið og vill stefna að því.

Greinar eru skrifaðar í blöð og ræður fluttar. Umræðan verður oft mikil þegar fregnir berast af miklu brottfalli nemenda úr framhaldsskólum. Þá er jafnan spurt hvort ekki þurfi að auka fjölbreytni í námsframboði og böndin berast að verknámi.

**Allt að 70% fækkun**

Staðreyndin er hins vegar sú að í flestum greinum verknáms hefur nemendum fækkað mjög á undanförnum árum. Iðan fræðslusetur heldur utan um skráningu á fjölda sveinsprófa í 36 iðngreinum. Tölurnar sýna að árið 2008 lauk 681 einstaklingur sveinsprófi. Árið 2016 var þessi tala komin niður í 448. Það er 35% fækkun.

Í mannvirkjagerð er ástandið hroðalegt. Árið 2008 luku 293 einstaklingar sveinsprófi í húsasmíði. Árið 2016 luku 92 slíku prófi. Þetta er fækkun um hartnær 70%. Málurum, múrurum og pípurum fækkar líka.

**Þörfin vex**

Þörfin á menntuðu fólki í tæknigreinum vex í takti við fólksfjölgun. Þörf samfélagsins til þess að innleiða nýja tækni á öllum sviðum er knýjandi. Hvað er til ráða?

Verk-og tækninám gefur góða tekjumöguleika, er skemmtilegt og hentar mörgum. Á því má byggja margs konar frekara nám og þekkingin og hæfnin sem fólk aflar sér er mjög nytsamleg. Það er vit í verknámi.

Rannsóknir í nágrannalöndum sýna að viðhorfsbreyting þarf að eiga sér stað heima fyrir: Viðhorf foreldra til náms ræður mestu um það hvort ungt fólk velur verknám eða ekki. Í öðru sæti eru kynni unga fólksins af viðkomandi iðngreinum.

Efna þarf til átaks við að kynna verk- og tækninám.

Við hjá Samiðn – Sambandi iðnfélaga – höfum boðið menntamálaráðherra í heimsókn til okkar á fund 18. maí. Hún hefur þegið boðið. Allir eru sammála um markmiðið. Nú þarf að framkvæma.

HITACHI SKJÁVARPAR
Í MIKLU ÚRVALI



OG BÚNAÐUR SEM LÆTUR ÞIG
LÍTA VEL ÚT Á FUNDUM

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á
EXTON.IS

EXTON
Ljós - Hljóð - Mynd

# AEG

# TILBOÐSDAGAR

## 20-25% afsláttur

## af öllum AEG vörum í nokkra daga




FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

95 ÁRA ORMSSON 1922 - 2017

**Opnunartímar:**
Virka daga 10-18
Lokað laugardaga í sumar

**ORMSSON**
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Netverslun ORMSSON.IS

ORMSSON Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR BYGG | ORMSSON | PENNINN | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | TÆKNIBORG | OMNIS | BLÓMSTURVELLIR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |

FRÉTTABLAÐIÐ

# SPORT



Eyjamaðurinn Theodór Sigurbjörnsson reynir skot að marki FH í öðrum leik liðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Þriðji dansinn hjá ÍBV og FH

**HANDBOLTI** ÍBV og FH mætast í þriðja sinn í úrslitum um Íslandsmeistaratitilinn í handbolta karla í kvöld. Leikurinn fer fram í Eyjum og hefst klukkan 18.30.

ÍBV vann fyrsta leikinn, 32-26, en FH svaraði fyrir sig með þriggja marka sigri í öðrum leiknum, 28-25, í Kaplakrika í fyrradag.

Tapið á þriðjudaginn var það fyrsta hjá ÍBV í úrslitakeppninni í ár. Eyjamenn sópuðu ÍR og Haukum úr leik í 8-liða og undanúrslitunum.

ÍBV varð deildarmeistari og er með heimavallarréttinn í úrslitaeinvíginu. Það er því ljóst að FH þarf að vinna a.m.k. einn leik í Eyjum til að verða Íslandsmeistari í fyrsta sinn síðan 2011. Eyjamenn urðu meistarar í fyrsta og eina sinn 2014. – iþs

## Bikarinn til Madrídar



**Einlægur fögnuður** Atlético Madrid vann 0-3 sigur á Marseille í úrslitaleik Evrópudeildarinnar í Lyon í gær. Antoine Griezmann skoraði tvö marka Atlético og Gabi eitt. Fernando Torre vann sinn fyrsta og síðasta titil með Atlético, en hann er á förum frá félaginu eftir tímabilið. NORDICPHOTOS/GETTY











# Draumur að spila í Meistaradeildinni

**Landsliðsmaðurinn Bjarki Már Elísson og félagar hans hjá Füchse Berlin standa í ströngu þessa dagana. Liðið er í toppbaráttu þýsku efstu deildarinnar í handbolta karla og leikur svo í undanúrslitum EHF-keppninnar á laugardaginn.**

**HANDBOLTI** Það er skammt stórra högga á milli hjá Bjarka Má Elíssyni og félögum hans hjá Füchse Berlin næstu daga. Liðið á leik gegn Hannover-Burgdorf í þýsku efstu deildinni í handbolta karla í kvöld, en liðið er í harðri baráttu við Rhein-Neckar Löwen og Flensburg um þýska meistaratitilinn. Þá anda Magdeburg, Kiel og Hannover-Burgdorf ofan í hálsmálið á Füchse Berlin í baráttunni um sæti í Meistaradeild Evrópu á næstu leiktíð.

Á laugardaginn kemur mætir Füchse Berlin svo Göppingen í undanúrslitum EHF-keppninnar, en Bjarki Már og samherjar hans eiga harma að hefna frá síðasta ári þar sem Göppingen lagði Füchse Berlin að velli í úrslitaleik keppninnar.

Bjarki Már segist hóflega bjartsýnn á það að lið hans verði þýskur meistari, en stefnan sé sett á að klára síðustu fjóra leiki deildarkeppninnar með sóma og sjá hverju það skilar.

„Bæði Rhein-Neckar Löwen og Flensburg eiga frekar þægilega leikjadagskrá eftir og ég býst nú ekki við því að þau misstígi sig á lokasprettinum," sagði Bjarki Már í samtali við Fréttablaðið.

„Ég hugsa að Rhein-Neckar Löwen klári þetta og verði meistarar, en við ætlum að sjálfsögðu að setja pressu á þau með því að hafa betur í þeim leikjum sem eftir eru. Ef við vinnum Hannover-Burgdorf þá erum við í góðri stöðu hvað varðar Meistaradeildarsæti. Mig hefur dreymt um það síðan ég var lítill strákur að leika í þeirri keppni og það væri gaman ef sá draumur yrði að veruleika," sagði Bjarki Már.



Bjarki Már og félagar standa í ströngu þessa dagana. NORDICPHOTOS/AFP

„Það er hins vegar ekki klárt hvort Þýskaland fær tvö eða þrjú sæti í Meistaradeildinni á næstu leiktíð, þar sem forráðamenn þýsku deildarkeppninnar og Meistaradeildarinnar eiga í deilum þessa stundina um leikdaga og sjónvarpsréttindi. Við getum hins vegar lítið gert í því og það eina sem við getum gert er að hafna eins ofarlega og mögulegt er."

Bjarki Már kveðst spenntur fyrir úrslitahelgi EHF-bikarsins.

„Það hefur verið þétt dagskrá undanfarið og það heldur áfram. Strax eftir leikinn gegn Hannover-Burgdorf þá höldum við til Magdeburg og freistum þess að sækja EHF-bikarinn," sagði Bjarki Már.

„Við mætum Göppingen í undanúrslitum sem hafði af okkur þennan titil í fyrra með því að vinna okkur í úrslitaleik. Við ætlum klárlega að fara alla leið að þessu sinni. Ef við myndum vinna EHF-bikarinn og tryggja okkur sæti í Meistaradeild Evrópu getum við mjög vel við unað að mínu mati. Það væri hins vegar enn betra ef við næðum að landa þeim stóra, það er þýska meistaratitlinum," sagði Bjarki Már."

hjorvaro@frettabladid.is

# Fólk

Tíska

FIMMTUDAGUR 17. MAÍ 2018



Undanfarnir mánuðir hafa verið mjög viðburðaríkir hjá tónlistarmanninum Flóna sem gaf út fyrstu plötu sína fyrir jól. Hann sló strax í gegn og hefur lítið stoppað síðan. ➜4

ERTU Í LEIT AÐ DRAUMASTARFINU?

Finndu þitt starf á atvinna.frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ.IS Job.is



Fjölbreytt vöruúrval og glaðlegir litir setja svip sinn á verslunina 16a við Skólavörðustíg.

# Litríkur kvenleiki

Tískuverslunin 16a, Skólavörðustíg 16a, býður fjölbreytt úrval af kvenfatnaði, töskum og skóm og leggur áherslu á glaðlega liti og bjart yfirbragð. ➜2

**Framhald af forsíðu ➪**

Dóróthea Gunnarsdóttir, eigandi verslunarinnar, segir að þegar verslunin var stofnuð fyrir einu og hálfu ári hafi hugmyndin verið sú að auka fataúrval, liti og mynstur. „Mér fannst vanta liti í fatnað hér á landi og heyrði þetta líka hjá öðrum konum sem töluðu um fábreytt úrval. Hjá okkur er útgangspunkturinn litir, falleg mynstur og lífsgleði,“ segir hún og bætir við að móttökurnar hafi verið vægast sagt góðar. „Já, viðskiptavinirnir eru himinlifandi yfir nýjum sniðum, björtum litum og góðu verði.“ Þá hefur verslunin fengið mikið hrós fyrir vöruúrvalið, bæði frá íslenskum viðskiptavinum og ferðamönnum. „Fólki finnst gaman að sjá eitthvað nýtt og öðruvísi, bjart og glaðlegt,“ segir Dóróthea en lögð er sérstök áhersla á góða og persónulega þjónustu í versluninni.

„Við leggjum metnað okkar í nálægð við viðskiptavininn og höldum sérstök kvennakvöld þegar eftir því er leitað. Þá skapast alveg sérstaklega skemmtileg stemming. Við bjóðum kvennahópum upp á léttar veitingar og sýnum þeim vörurnar með annarri nálgun. Okkur finnst að konur sem klæðast fötum frá okkur skeri sig úr fjöldanum á jákvæðan og kvenlegan hátt. Litir skapa ákveðna gleði og gera samskipti við aðra léttari. Markhópurinn er konur á öllum aldri,“ segir Dóróthea og bætir við að leitast sé við að velja hönnuði og framleiðendur eftir bestu sannfæringu. „Allt eru þetta gæðamerki sem eru þekkt fyrir vandvirkni og góða hönnun. Má þar nefna King Louie, Sessún, Depeche, Nice Things, Mjuse, Alexander Hotto og Vagabond.“ Mikið hefur verið lagt í að hafa umhverfið í versluninni hlýlegt og aðlaðandi. „Viðskiptavininum á að líða vel, gefa sér tíma til að skoða og njóta góðrar þjónustu. Við viljum að konur hafi gaman af því að skoða vörurnar, kíkja í gamla miðbæinn og upplifa stemminguna á Skólavörðustígnum,“ segir hún.

King Louie er aðalmerki 16a en það var stofnað árið 1980 af hollensku pari. „Hönnuðirnir eru miklir aðdáendur vintage hluta og fannst til dæmis vanta hina fullkomnu svörtu turtle-neck peysu. Þau hönnuðu slíka peysu með Levi's 501. Eftir það hefur KL vaxið stöðugt en markmið þeirra er að framleiða föt sem gera fólk hamingjusamt,“ segir Dóróthea. „Það er líka góð tilfinning að KL framleiðir einungis föt við tryggar aðstæður. Fyrirtækið er meðlimur í Fair Wear Foundation en það eru samtök sem skuldbinda sig til að bæta vinnuskilyrði í fataframleiðslu. Þeir hafa strangt eftirlit með að vinnutími sé ekki of langur og barnaþrælkun er ekki samþykkt. Fylgst er með öllu öryggi og vinnuumhverfi. Framleiðendur KL ferðast til Tyrklands og Asíu á hverju ári til að skoða framleiðsluferlið. Þá hafa eigendur KL unnið að jafnrétti í meira en tuttugu ár. Tíu prósent fatnaðarins eru með GOTS, global organic textile standard. Það nýjasta í framleiðslunni er pólýester sem unnið er úr PET-flöskum. Undanfarið hefur KL fengið fjölda verðlauna fyrir mynstur í fatnaði.“

16a er einnig með vandaða ítalska gæðaskó sem henta vel fyrir íslenskt veðurfar auk vinsælu Mjuse skónna í fallegum litum, rétt eins og fötin. Og svo auðvitað hina vinsælu Lemon Jelly regnskó sem farið hafa sigurför um heiminn enda bæði fallegir og litríkir auk þess sem þeir anga af ljúfum sítrónuilmi. „Þeir hafa verið mjög vinsælir enda passa þeir við allt,“ segir Dóróthea.

Opnunartími 16a er alla virka daga milli 10-18, laugardagar 11-17 og sunnudagar 12-16.
Greinin er unnin í samvinnu við Verslunina 16a. 16a er með síður á Facebook og Instagram sem eru reglulega uppfærðar. Heimasíðan er 16a.is og símanúmerið er 562-0016.



**Léttir sumarkjólar í björtum og glaðlegum litum eru áberandi í versluninni um þessar mundir.**



**Í versluninni 16a er mikið úrval af vönduðum skóm fyrir öll tækifæri.**



**Lemon Jelly regnskórnir hafa farið sigurför um heiminn enda bæði fallegir og vel lyktandi og passa við allan fatnað.**




**Í 16a á Skólavörðustíg 16a er ekki aðeins hægt að fá fatnað heldur líka fylgihluti og fallega sokka eins og sjá má.** MYND/STEFÁN KARLSSON



**Sessún kápan falleg sem hrindir af sér rigningunni og litríku Lemon Jelly skórnir smellpassa fyrir pollana.**



**King Louie fatnaðurinn er ekki bara fallegur heldur framleiddur á siðlegum grunni.**

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |


MOS MOSH
hjá
Hafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

# Klikkaðir mánuðir að baki

Undanfarnir mánuðir hafa verið mjög viðburðaríkir hjá tónlistarmanninum Flóna sem gaf út fyrstu plötu sína fyrir jól. Hann sló strax í gegn og hefur lítið stoppað síðan. Þegar kemur að klæðaburði er hann óhræddur við að prófa eitthvað nýtt þótt svarti liturinn sé alltaf í mestu uppáhaldi.

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is

Tónlistarmaðurinn Friðrik Róbertsson, betur þekktur sem Flóni, stökk svo sannarlega fram á sjónarsviðið undir lok síðasta árs þegar fyrsta plata hans, Flóni, kom út. Þótt almenningur hafi ekki þekkt nafnið hafði myndast töluverð spenna í rapp- og hipphoppsenunni þar sem nokkur demó af lögum hans höfðu dreifst á milli fólks sama ár.

„Viðbrögðin við plötunni voru geggjuð og ég var mjög ánægður. Ég er líka mjög þakklátur öllum þeim sem studdu við bakið á mér í því sem ég er að gera, það er alls ekki sjálfgefið. Þeir sem komu að gerð plötunnar með mér voru Jökull Breki, Viktor Örn Ásgeirsson og Logi Pedro sem sá um að mixa hana ásamt Arnari Inga.“

## Mikið spilaður

Í dag eru tvö laga plötunnar með tæplega milljón spilanir á Spotify og nokkur önnur með nokkur hundruð þúsund spilanir. „Síðustu mánuðir hafa verið klikkaðir, maður er með hausinn mikið fram og til baka og á erfitt með að njóta augnabliksins. Sömuleiðis hefur líka margt breyst í kringum mig en þó á skemmtilegan hátt. Ég hef mjög gaman af því hversu vel fólk tekur tónlistinni minni og það er það eina sem skiptir mig máli, að hún skili sínu.“

Þótt flestir setji rappstimpilinn á Flóna vill hann ekki kalla sjálfan sig rappara. Hann skilgreinir sig frekar sem tónlistarmann sem leggur mikinn metnað í að stjórna sjálfur upptökum og hefur gaman af að semja fallegar laglínur og skapa hljóðheim fyrir fólk. „Þegar ég var yngri lærði ég á fiðlu en hætti síðan eftir nokkur ár og færði mig yfir á píanó. Fyrir nokkrum árum byrjaði ég svo að fikta við tónlistarforritið Logic pro X.“

## Alltaf að semja

Flóni kemur fram á tónlistarhátíðinni Secret Solstice í júní og er eðlilega ótrúlega spenntur. „Ég kem fram á föstudagskvöldinu á Valhallarsviðinu. Dagskráin þar verður geggjuð það kvöldið en þau sem koma þar fram auk mín eru Alvia, Gísli Pálmi, Aron Can, IAMDDB, Goldlink og síðan lokar Gucci Mane kvöldinu. Þannig að gestir mega búast við svaka stemningu og af minni hálfu lofa ég geggjuðum tónleikum.“

Fram undan í ár er síðan enn frekari vinna við að semja tónlist. „Ég er hvort sem er alltaf niðri í stúdíói allar nætur að vinna að einhverju nýju efni. Annars reyni ég að hugsa sem minnst um hvað sé fram undan hjá mér. Mér finnst ekki gott að hugsa um það þegar ég er að semja, þótt ég viti alveg hvað ég er að gera.“

*Hvernig myndir þú lýsa fatastílnum þínum?*

Ég reyni að klæðast því sem mér finnst flott og að vera ekki hræddur við að prófa eitthvað nýtt. Það eina sem ég get virkilega neglt niður er að uppáhaldsliturinn minn er svartur. Hann lætur lítið fyrir manni fara og er alltaf stílhreinn og flottur.

*Áttu þér tískufyrirmyndir?*

Það er erfitt að negla það niður. Tískan og allt þetta dót er svo ótrúlega fljótt að breytast. Það sem mér fannst kannski geggjað fyrir hálfu ári finnst mér hræðilegt í dag.

*Hvernig fylgist þú helst með tískunni?*

Aðallega gegnum Instagram.

*Hvar kaupir þú helst föt?*

Á netinu. Þegar ég fer til útlanda á ég það til að skreppa í ýmsar búðir og finna mér eitthvað fallegt.

*Áttu minningar um gömul tískuslys?*

Ég tók mjög áhugavert tímabil einu sinni. Þá keypti ég svartar leðurbuxur og svartan leðurbol og mætti í eitthvert partí. Alveg hræðilegt dæmi en ég var ungur og vitlaus svo ég er afsakaður.



Flóni klæðist hér Balenciaga peysu, buxum frá 66°Norður og skóm frá Gucci. MYND/EYÞÓR

„Ég hef mjög gaman af því hversu vel fólk tekur tónlistinni minni og það er það eina sem skiptir mig máli, að hún skili sínu.

*Hvaða flík hefur þú átt lengst og notar enn þá?*

Yfirleitt fæ ég algjört ógeð á flíkum eftir nokkurra ára notkun. Mér finnst þær verða bara úreltar á mér og ekki fallegar lengur. Þannig að eins skammarlega og það hljómar þá á ég enga flík sem ég er búinn að eiga í nokkur ár.

*Áttu þér uppáhaldsflík?*

Það eru einar buxur sem ég held mjög mikið upp á. Þær eru svartar og mjög „gotharalegar“, með ströppum um lærin og fyrir neðan hnén. Ég pantaði þær frá Japan, frá litlu fatamerki sem heitir Lien. Ég sá þær bara og hugsaði: ég verð að rokka þær!

*Eyðir þú miklu í föt miðað við jafnaldra þína?*

Ég get alveg viðurkennt að ég eyði miklu í föt en þó innan skynsamlegra marka. Mér finnst bara mikilvægt fyrir sjálfan mig að vera vel klæddur og líða vel með sjálfan mig.




Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

Gallaleggings

Kr. 5.990.-
Str. S-XXL Litir: blátt, hvítt
Rita
Við erum á Facebook
Bæjarlind 6 • S. 554 7030



Hægt er að nota ólífuolíu til að pússa skó ef enginn skóáburður er til á heimilinu.

## Ólífuolía á skóna

Ólífuolía er til margra hluta nytsamleg. Hún er ekki aðeins góð í matargerð og frábær í salöt. Það er líka hægt að nota ólífuolíu til að pússa skó og fríska þannig vel upp á þá ef það er ekki til neinn skóáburður á heimilinu. Ólífuolían mýkir leðrið og hreinsar burt óhreinindi á augabragði. Nokkrir dropar af ólífuolíu eru settir í mjúkan klút eða í pappír sem síðan er strokið yfir skóna svo þeir fái fallegan gljáa.

Einnig er hægt að nota kókosolíu því hún gerir sama gagn og þótt ótrúlegt megi virðast er ágætt að grípa til þess ráðs að nota varasalva ef skóáburðurinn er búinn.



Norðmenn vilja ekki helíumblöðrur á þjóðhátíðardaginn.

## Vilja banna helíumblöðrur

Norðmenn halda þjóðhátíðardag sinn hátíðlegan í dag, 17. maí. Þá er til siðs að börnin fái blöðrur rétt eins og við þekkjum á okkar eigin þjóðhátíðardegi, 17. júní. Mörg sveitarfélög í Noregi hafa þó ákveðið að selja ekki helíumblöðrur að þessu sinni þar sem lítið er eftir af því í heiminum en ekki síður vegna þess plastúrgangs sem þær skilja eftir sig. Plastið dreifist um jörðina þegar blöðrurnar springa í loftinu.

Varað hefur verið við ofnotkun á helíum frá árinu 2010. Helíum er verðmætara fyrir heiminn en barnsgleði í stutta stund, segir á vefmiðlinum forskning.no.

Helíum er mikilvægt á sjúkrahúsum þar sem það er notað sem kælivökvi í segulómunartækjum. Vísindamenn nota helíum á rannsóknarstofum en einnig er það notað við gerð geimflauga og í súrefnistönkum kafara. Helíum er mjög mikilvægt í alls kyns störfum og þess vegna finnst fólki rétt að spara það í partíum.

## Beðið eftir Meghan

Heimsbyggðin bíður nú í ofvæni eftir því að sjá brúðarkjól leikkonunnar Meghan Markle þegar hún gengur inn kirkjugólfið í kapellu heilags Georgs í Windsor til að gefast Harry prins á laugardaginn kemur. Meghan þykir sterkur persónuleiki og nokkuð víst að kjóllinn verði alveg eftir hennar höfði og sérdeilis glæsilegur. Harry prins veit svo hvað hann syngur þegar kemur að tískuviti og konunglegum elegans, eins og sást þegar hann dró rómantískan trúlofunarhringinn á fingur Meghan í nóvember. Sá fagri gull- og demantshringur er að stórum hluta hugmynd Harrys og ber vitni um hefðbundið enskt skart sem er í senn nútímalegt og sígilt. Stóri demanturinn í miðjunni er frá Botsvana í Afríku en landið á sérstakan stað í hjarta hins konunglega pars. Minni demantarnir tveir eru svo fengnir úr gamalli brjóstnælu Díönu prinsessu sálugu, móður Harrys.



» Leikkonan Meghan Markle verður prinsessa þegar hún giftist Harry prins á laugardag.














Vandamálalausir fætur gera gott sumarfrí enn betra.

# Heilbrigðir fætur í sumar

**Sumarið er tíminn, það er fyrir opna skó. Það er hins vegar ekkert skemmtilegt að ganga um berfættur í opnum skóm ef fæturnir líta illa út. Þess vegna er gott að huga að fótsnyrtingu fyrir sumarið.**

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Flestir vita að fætur geta auðveldlega smitast af fótsveppum á almenningssvæðum en talið er að í Svíþjóð hafi þrír af hverjum fjórum fengið einhvers konar vandamál tengd fótum, hvort sem það er þurr húð, sigg, líkþorn, sveppasýking, vörtur eða jafnvel vírusar. Vandamálið er svipað hér á landi. Fótsveppir þrífast vel í raka og hita, til dæmis þegar maður svitnar mikið í lokuðum skóm. Þess vegna er oft mælt með að fólk gangi um í sérstökum baðskóm þegar það fer í líkamsrækt eða sund til að verjast því að smitast af öðrum eða smita sjálfir.

Ef fólk fær sveppasýkingu í táneglur ætti það að bregðast við og leita aðstoðar hjá fagfólki. Það getur verið erfitt að vinna bug á sýkingunni og yfirleitt þarf að fá lyf frá lækni til að drepa naglasvepp. Neglurnar þykkna og dökkna ef þær eru með sveppasýkingu en lyf við henni þarf að taka í þrjá mánuði til að ná árangri. Sumir hafa sveppasýkingu án þess að vita um það. Ekki bera naglalakk á neglur með sveppasýkingu því þá getur sveppurinn vaxið enn meira undir því.

Til að forðast sýkingar er rétt að þvo sér vel um fætur og bera síðan á þær feitt krem svo húðin mýkist. Bent er á að smyrja fæturna vel, ekkert vera að spara kremið.

Sveppasýking í húð getur orðið að mjög slæmu vandamáli. Blöðrur og sár myndast á húðina og fólk getur tæplega gengið þegar þannig er komið. Þess vegna er best að leita strax til læknis þegar húðin fer að líta út eins og að exem sé að breiðast út í kringum tær og undir iljar.


Að ganga berfættur á sumrin eða í opnum skóm er ótrúlega notalegt.

Góðir skór gera gæfumuninn. Ef skórnir eru lokaðir og þéttir er meiri hætta á fótavandamálum. Vondir sandalar eru ekki heldur neitt sérstaklega góðir fyrir fæturna. Þeir geta orsakað sprungna og þurra hæla.

Ef fólk fær einhvers konar vandamál á fætur, til dæmis líkþorn, ætti að leita til fótaaðgerðafræðings og fá aðstoð. Hægt er að prófa líkþornaplástur sem fæst í apótekum en best er að leita til fagaðila sem greina fótarmeinið. Þeir geta fjarlægt líkþornið auk þess að laga inngrónar neglur, sprungna húð og sigg á fótum. Athugið að fótsnyrting og fótaaðgerð er ekki það sama. Í fótsnyrtingu fær fólk dekurnudd og snyrtingu á fótum og táneglur eru lakkaðar en hjá fótaaðgerðafræðingum er unnið á meinunum. Fótaaðgerðafræðingar hafa sérstaka löggildingu frá heilbrigðisráðuneytinu og geta gefið góð ráð við ýmsum fótarmeinum og unnið á margvíslegum vandamálum.

Góð fótaumhirða er afar mikilvæg fyrir alla, jafnt konur og karla.

14. JÚN
OG
15. JÚN

Í REYKJAVÍK



JAN VOGLER
VANESSA PEREZ
MIRA WANG

# BILL MURRAY

## NEW WORLDS

1.–17. JÚN

2018

ÓGLEYMANLEG KVÖLDSTUND MEÐ STÓRLEIKARANUM
BILL MURRAY OG KLASSÍSKUM HLJÓÐFÆRALEIKURUM

# LISTAHÁTÍÐ

LISTAHÁTÍÐ.IS

KYNNTU ÞÉR
FJÖLBREYTTA OG
GLÆSILEGA DAGSKRÁ
Á VEF LISTAHÁTÍÐAR
Í REYKJAVÍK

# Prjónað í fánalitunum

**Vinkonurnar Magga Gísla og Brynja Bergsveinsdóttir eiga heiðurinn að fögru sjali sem hefur vakið mikla athygli en það er í íslensku fánalitunum.**




Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is


Heimsmeistaramótið í knattspyrnu sem fer fram í Rússlandi í næsta mánuði veitti þeim Möggu Gísla og Brynju Bergsveinsdóttur innblásturinn að sjalinu en það minnir eilítið á íslenska fánann. „Við vinkonurnar erum ekki miklar áhugakonur um fótbolta en engu að síður fengum við hugmyndina að þessu sjali vegna góðs gengis íslenska karlalandsliðsins í fótbolta þessa dagana,“ segir Magga brosandi.

„Eins og allir vita er þetta í fyrsta sinn í sögunni sem liðið tekur þátt í Heimsmeistaramótinu í fótbolta og út frá því ákváðum við að nota íslensku fánalitina. Það tók smá tíma að þróa uppskriftina til að fá rétta formið á sjalið og við spáðum mikið og spekúleruðum í litunum til að það minnti á íslenska fánann en væri um leið smekklegt og klæðilegt. Hugmyndin er í raun mín en Brynja prjónaði sjalið. Ég fékk það síðan í hendurnar og gerði lokateikningu svo hægt væri að prenta hana út. Sjalið hefur þegar vakið töluverða athygli en það heitir Áfram Ísland! og má fá uppskriftina að því á prjónauppskriftavefnum www.ravelry.com gegn vægu gjaldi,“ greinir Magga frá.



Brynja og Magga eru búsettar á Spáni en þær eru miklar prjónakonur.



Íslenska karlalandsliðið veitti þeim stöllum innblástur að sjalinu.



Magga segir að gaman væri að sjá einhverja áhorfendur skarta sjalinu á heimsmeistaramótinu í Rússlandi.

### Síðustu dagar annasamir

Eflaust eiga margir eftir að taka fram prjónana og töfra fram sjalið en Magga segir gaman að skarta því á landsleikjum og ekki síður við hátíðleg tækifæri á borð við þjóðhátíðardaginn 17. júní og á fullveldisdaginn 1. desember. „Síðustu dagar hafa óneitanlega verið annasamir því við vildum koma sjalinu frá okkur í tíma svo fólk hefði tækifæri til að prjóna það áður en heimsmeistarakeppnin hefst,“ segir Magga en hún telur að það ætti ekki að taka meira en viku að prjóna eitt sjal, þar sem uppskriftin sé tiltölulega einföld.

### Prjónað á Spáni

Þær vinkonurnar eru báðar búsettar á Spáni og hafa mikinn áhuga á handavinnu. „Prjónaáhuginn hefur fylgt mér alla tíð og sama má segja um Brynju. Ég var ekki nema níu ára þegar ég lærði að fitja upp. Ég hef tekið tímabil þar sem ég prjóna mikið en tek mér pásur inn á milli. Ég hef teiknað upp mynstur að sjölum og einnig prjónamynstur fyrir lopapeysur,“ segir Magga.

Þær stöllur eru ánægðar með þær viðtökur sem sjalið fagra hefur fengið og vonast auðvitað til að sjá sem flesta með það á þeim landsleikjum sem fram undan eru. „Það væri gaman að sjá áhorfendur með sjalið á leikjunum í Rússlandi,“ segir Magga að lokum.

Uppskriftina má fá á vefnum: https://www.ravelry.com/patterns/library/afram-island.

> **Við vinkonurnar erum ekki miklar áhugakonur um fótbolta en engu að síður fengum við hugmyndina að þessu sjali vegna góðs gengis íslenska karlalandsliðsins í fótbolta þessa dagana.**
>
> Magga Gísla


Leiðsöguskólinn

Draumastarfið í draumalandinu

Kannt þú erlend tungumál?

Ef þér finnst gaman að ferðast um Ísland og umgangast erlenda ferðamenn þá gæti leiðsögunám verið fyrir þig.

Leiðsögunám er fjölbreytt og skemmtilegt og getur opnað dyr að áhugaverðu og krefjandi starfi í vaxandi atvinnugrein.

INNRITUN STENDUR YFIR TIL 30. MAÍ. Sjá nánar á mk.is

Leiðsöguskólinn s. 594 4025



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN | FERÐAMÁLASKÓLINN | LEIÐSÖGUSKÓLINN


SHIMANO
TRI VERSLUN er umboðsaðili CUBE á Íslandi
TRI
RFR.
#hitthetrail
CUBE
ONE
50
#cubefullsuspension
STAGES CYCLING
Wilier Triestina
WWW.TRI.IS
LOUISGARNEAU
Park Tool
Tacx
STAGES CYCLING
#becube #triverslun
RolfPRIMA
Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
SPORTVER Akureyri
Vaskur Egilsstaðir
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 10:00 til 16:00



## Honda CR-V Elegance dísil

Nýskráður 10/2015, ekinn 36 þús.km., dísel, sjálfskiptur, fjórhjóladrif, bakkmyndavél, leiðsögukerfi, heilsársdekk.

**Verð kr. 4.390.000**



## Honda CR-V Elegance

Nýskráður 4/2010, ekinn 111 þús.km., bensín, sjálfskiptur, fjórhjóladrif, dráttarkrókur, vindskeið.

**Verð kr. 2.090.000**



## Nissan X-trail

Nýskráður 6/2011, ekinn 134 þús.km., dísel, sjálfskiptur, fjórhjóladrif, dráttarkrókur.

**Verð kr. 1.990.000**



## VW Passat SW 4motion

Nýskráður 5/2012, ekinn 105 þús.km., dísel, sjálfskiptur, fjórhjóladrif, bakkmyndavél, leiðsögukerfi.

**Verð kr. 2.590.000**

**Opnunartími**
Mánudaga - föstudaga
milli kl. 10:00 og 18:00
Lokað laugardag á hvítasunnu

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

# LOK Á POTTA



HEITIRPOTTAR.IS
HÖFÐABAKKA 1
SÍMI 777 2000

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910

## Heilsa

## Nudd

**NUDD**
Heilnudd, slökun, íþróttanudd og snyrting. Afslappandi og gott umhverfi á sv. 105 rvk. Opið kvöld og helgar. S. 894 4817

## Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsnæði

## Atvinnuhúsnæði

Bjart snyrtilegt 350 m2 iðnaðarhúsn. til leigu í Grundarfirði. Stór vinnusalur, stórt eldhús, kaffistofa, og gott herbergi. Allt á 210 þ. á mán. Laust 20 mai. S: 696-7254 + 660-1060

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Atvinna

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR- LAGERSTARFSMENN**
Erum með vana smiði,verkamenn, múrara, pípara og lagerstarfsmenn sem eru klárir í mikla vinnu.

HANDAFL STARFSMANNAVEITA
s. 780 1444

## Tilkynningar



### Hálönd 3. áfangi – Tillaga að deiliskipulagi

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar auglýsir hér með skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillögu að deiliskipulagi 3. áfanga Hálanda í landi Hlíðarenda.

Skipulagssvæðið liggur norðan Hlíðarfjallsvegar, frá bænum Hlíðarenda og upp að núverandi frístundabyggð í Hálöndum. Tillagan gerir m.a. ráð fyrir götum, göngustígum, leiksvæði og byggingarreitum fyrir 48 frístundahús.

Tillöguuppdráttur ásamt greinargerð liggur frammi í þjónustuanddyri Akureyrarkaupstaðar, Geislagötu 9, 1. hæð, frá 16. maí til 27. júní 2018, svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér tillöguna og gert við hana athugasemdir. Tillagan er einnig birt á heimasíðu Akureyrarkaupstaðar: www.akureyri.is undir: Auglýstar skipulagstillögur.

Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna rennur út kl.16:00 miðvikudaginn 27. júní 2018 og skal athugasemdum skilað skriflega til Skipulagssviðs Akureyrarkaupstaðar, Geislagötu 9, 3. hæð eða með tölvupósti (skipulagssvid@akureyri.is) þar sem nafn, kennitala og heimilisfang sendanda kemur fram.

*Sviðsstjóri skipulagssviðs*

Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001



# VANTAR ÞIG STARFSFÓLK

Handafl er traust og fagleg starfsmannaveita með margra ára reynslu á markaði þar sem við þjónustum jafnt stór sem smá fyrirtæki.

### Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins

Markmið okkar er að spara viðskiptavinum tíma, fyrirhöfn og fjármuni.

Suðurlandsbraut 6, 108 Rvk. | SÍMI 419 9000 | info@handafl.is | handafl.is

HANDAFL
STARFSMANNAVEITA

# AUGLÝSING Á NIÐURSTÖÐUM BÆJARSTJÓRNAR

## Niðurstöður bæjarstjórnar samkvæmt 3 mgr. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010

**Samþykkt á breytingu á deiliskipulaginu Hafnarfjörður Miðbær - Austurgata 36:**

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti þann 14.03.2018 breytingu á deiliskipulaginu Hafnarfjörður Miðbær vegna lóðarinnar Austurgata 36. Tillagan var auglýst skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Athugasemdir bárust og hefur þeim, sem gerðu athugasemd, verið send umsögn bæjarstjórnar. Deiliskipulagið er samþykkt með þeim breytingum á auglýstri tillögu að áréttað er í skilmálum að götuhlið hússins verði með svipuðum einkennum og núverandi húss hvað snertir vegghæð, lengd og uppbrot veggflata, að aðeins ein íbúð verði heimil í húsinu og að byggingarreitur fram í lóð bak hússins færist til suðurs.

**Samþykkt á óverulegri breytingu á deiliskipulagi Lónsbrautar:**

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti þann 25. apríl 2018 óverulega breytingu á deiliskipulagi Suðurhafnar vegna bátaskýla við Hvaleyrarlón. Breytingin var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá. Ein athugasemd barst og hefur umsögn sveitarstjórnar verið send þeim sem hana gerði.

**Samþykkt á nýju deiliskipulagi fyrir Kaldárselsveg, tenging við Reykjanesbraut:**

Bæjarráð Hafnarfjarðar í umboði bæjarstjórnar Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 29. júní 2017 nýtt deiliskipulag fyrir Kaldárselsveg í Hafnarfirði ásamt breytingum á mörkum deiliskipulagsáætlana fyrir Mosahlíð og Ásland 3. Deiliskipulagstillagan var auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Athugasemdir bárust og hefur þeim, sem gerðu athugasemdir, verið send umsögn sveitarstjórnar. Á fundi skipulags- og byggingarráðs þann 30. maí sl. var ákveðið að bregðast við athugsemdum þar sem 4 lykilatriði voru endurskoðuð. Allar göngutengingar verða skoðaðar betur og gert verður ráð fyrir undirgöngum undir Ásvallabraut til þess að tenging við upplandið verði sem öruggust. Gert verður ráð fyrir stoppustöð Strætó Mosahlíðarmeginn og settar verða upp hraðadempandi aðgerðir í Klettahlíð til að koma í veg fyrir hraðakstur þar í gegn. Settar verða hljóðmanir við Mosahlíð og var hljóðvistin skoðuð nánar með raunmælingu á staðnum.

**Samþykkt á nýju deiliskipulagi fyrir Kaldársel, Kaldárbotna og Gjárnar:**

Bæjarráð Hafnarfjarðar í umboði bæjarstjórnar Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 29. júní 2017 nýtt deiliskipulag fyrir Kaldársel, Kaldárbotna og Gjárnar í Hafnarfirði. Deiliskipulagstillagan var auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og voru samhliða gerðar breytingar á mörkum deiliskipulagsáætlana við Sléttuhlíð og Höfðaskóg - Hvaleyrarvatn. Athugasemdir bárust og hafa umsagnir sveitarstjórnar verið sendar þeim sem það gerðu.

**Samþykkt á breytingu á deiliskipulagi fyrir Undirhlíðanámu vegna Sandskeiðslínu I:**

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti þann 15. febrúar 2017 breytingu á deiliskipulagi Undirhlíða. Athugasemdir bárust og hafa umsagnir sveitarstjórnar verið sendar þeim sem það gerðu.

## Niðurstaða bæjarstjórnar samkvæmt 2 mgr. 36 gr. skipulagslaga nr. 123/2010

**Samþykkt á breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013- 2025 vegna vatnsverndarmarka:**

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 15. febrúar 2017 breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 fyrir breytingu á mörkum vatnsverndar í landi Hafnarfjarðar, og hún auglýst í samræmi við 1. mgr. 36.gr. laga 123/2010. Athugasemdir bárust og hafa umsagnir sveitarstjórnar verið sendar þeim sem það gerðu. Athugasemdir gáfu ekki tilefni til breytinga og staðfesti Skipulagsstofnun 23. mars 2017 breytinguna og var hún birt í B- deild Stjórnartíðinda.

Þeir sem óska frekari upplýsinga geta snúið sér til umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðar.

Skipulagsfulltrúi Hafnarfjarðar

**HAFNARFJARÐARBÆR**
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR
STRANDGÖTU 6

**ÞJÓNUSTUVER**
OPIÐ FRÁ KL. 8.00 – 16.00
ALLA VIRKA DAGA

**585 5500**
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

---

Sveitarfélagið ÁRBORG

# Auglýsing

## Tillaga að deiliskipulagi í landi Bjarkar í Sveitarfélaginu Árborg.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 11.maí 2018 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi í landi Bjarkar samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr.123 /2010.

Fyrirhugað skipulagssvæði er um 40 ha að stærð og samanstendur af svokölluðu Björkurstykki, 26 ha landspildu suðvestan við Gagnheiði á Selfossi og umliggjandi svæðum úr landi Bjarkar.
Skipulagssvæðið afmarkast þannig af Eyravegi í norðvestri, Suðurhólum í norðaustri og lögbýlinu Björk í suðri.

Innan skipulagsreits er fyrirhugað að rísi íbúðabyggð með blandaðri húsagerð einbýlishúsa, par-, rað- fjórbýlis- og fjölbýlishúsa. Samtals eru áætlaðar um 670 íbúðir á svæðinu. Gert er ráð fyrir að á miðju svæðinu rísi bæði leikskóli og grunnskóli. Skipulagstillagan er liður í að mæta fjölgun íbúa á Selfossi og tryggja aðgengi fólks og fyrirtækja að byggingalóðum á Selfossi.
Grænt yfirbragð verður á milli bygginga og útisvæði verða fjölbreytt leik- og dvalarsvæði. Stíganet er fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur.

Teikningar ásamt greinargerð og skilmálum, vegna tillögunnar mun liggja frammi á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi frá og með 17.maí til 28.júní 2018. Öllum er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna.
Frestur til að skila athugasemdum rennur út fimmtudaginn 28.júní 2018 og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa á skrifstofu hans að Austurvegi 67, 800 Selfossi.

Á sama tíma eru teikningar,greinargerð og skilmálar til kynningar á heimasíðu Árborgar http://www.arborg.is þar sem hægt er að skoða tillöguna og senda athugasemdir

*Virðingarfyllst,*
*Bárður Guðmundsson*
*skipulags- og byggingarfulltrúi*

---

LIND FASTEIGNASALA

**510 7900 / Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is**

**Uppspretta ánægjulegra viðskipta**

**OPIÐ HÚS** › fimmtudaginn 17. maí 18:00 – 18:30









## Bæjarlind 7-9

201 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 98-162 fm | FJÖLBÝLI | HERB: 2-4

**LIND fasteignasala kynnir:**

Tilbúnar til afhendingar.

Nýjar íbúðir í glæsilega hönnuðu fjölbýlishúsi að Bæjarlind 7-9. Húsið er álklætt með áltré gluggum og verður því viðhaldslítið.

Tveggja til fjögurra herbergja íbúðir, fullbúnar án gólfefna. Stærðir frá 98 fm-162 fm.

Hér má skoða íbúðina:
**https://my.matterport.com/show/?m=KzadjNpcHRX**

**Frá 46.900.000 kr**



*Heyrumst*
**Hannes Steindórsson**
Löggiltur fasteignasali
Sölustjóri
› **699 5008**
› **hannes@fastlind.is**



*Heyrumst*
**Kristján Þórir Hauksson**
Löggiltur fasteignasali
› **696 1122**
› **kristjan@fastlind.is**


FRÁBÆR FJÖLSKYLDUMYND FRÁ FRAMLEIÐENDUM
SHREK
Draumur
CHARMING
Fréttablaðið býður í bíó!
Fréttablaðið býður heppnum fjölskyldum á sérstaka forsýningu á myndina
Draumur laugardaginn 19. maí kl 12:30 í Smárabíói.
Eina sem þú þarft að gera er að fara inn á frettabladid.is/forsyning og skrifa í athugasemdum hvað þín fjölskylda þarf marga miða og þið gætuð dottið í lukkupottinn!
Drögum út daglega alla vikuna!
Trópí og blöðrur í boði fyrir börnin
FRUMSÝND 23. MAÍ
Trópí
SMÁRABÍÓ
HÁSKÓLABÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ
BARA LÚXUS
BORGARBÍÓ



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir og amma,

**Sigurlína Jórunn Gunnarsdóttir**

Berghólum 19, Selfossi,

lést á Landspítalanum laugardaginn 12. maí í faðmi fjölskyldunnar. Útförin fer fram frá Selfosskirkju þriðjudaginn 22. maí kl. 14.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á að styrkja Krabbameinsfélag Árnessýslu: 0189-05-450, kt. 430797-2209.

**Guðbrandur Einarsson**
**Vigdís Gunnarsdóttir**
**Kristín Guðbrandsdóttir** — **Sveinn Helgason**
**Klara Guðbrandsdóttir** — **Lingþór Jósepsson**
**Sigurður Guðbrandsson** — **Émilie Marine Pasquet**
**Ómar Guðbrandsson** — **Anika Mai Jóhannsdóttir**
**og barnabörn.**

---



✝

Elskulegur eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir, sonur og afi,

**Hermann Ingimundarson**

frá Hafnarhólmi,

lést þann 29. apríl.
Útför hans fer fram frá Drangsneskapellu laugardaginn 19. maí klukkan 13.00.

**Krystyna Stankiewicz**
**Hilmar Vignir Hermannsson** — **Hólmfríður Kristjana Smáradóttir**
**Kristín Björk Hermannsdóttir**
**Sæunn Hermannsdóttir** — **Harpa Lind Magnúsdóttir**
**Heiðrún Hermannsdóttir**
**Inga Hermannsdóttir** — **Gunnar Páll Birgisson**
**Ragna Kristín Árnadóttir**
**og barnabörn.**

---

## Merkisatburðir

**1724** Mývatnseldar hefjast og stóðu þeir með stuttum hléum í fimm ár. Gosið hófst með mikilli sprengingu og varð þá til gígurinn Víti í Kröflu.
**1814** Stjórnarskrá Noregs undirrituð.
**1864** Þjóðsöngur Noregs, „Ja, vi elsker dette landet“, fyrst sunginn á Eiðsvelli.
**1904** Guðmundur Björnsson læknir ræðir um nauðsyn þess að leiða vatn til Reykjavíkur.
**1914** Hátíð er haldin í Reykjavík til að minnast eitt hundrað ára sjálfstæðis Noregs.
**1939** Stangaveiðifélag Reykjavíkur var stofnað í Reykjavík.
**1940** Brussel féll í hendur Þjóðverja.
**1940** Breskir hermenn koma með varðskipinu Ægi til Akureyrar, viku eftir að Ísland var hernumið.
**1970** Thor Heyerdahl siglir af stað á papýrusbátnum Ra II frá Marokkó yfir Atlantshafið.
**1972** Íslensk höfundalög voru samþykkt. Þau tóku við af lögum um rithöfundarétt og prentfrelsi frá 1905.
**1973** Íþróttafélagið Leiknir stofnað í Efra-Breiðholti í Reykjavík.
**1977** Likud-flokkurinn, undir stjórn Menachem Begin, vinnur þingkosningar í Ísrael.
**1978** Líkkista Charlie Chaplin finnst við Genfarvatn.
**1980** Innanlandsófriðurinn í Perú hefst með árás meðlima Skínandi stígs á kjörklefa í Ayacucho.
**1987** Bandaríska herskipið USS Stark verður fyrir tveimur Exocet-flugskeytum frá Íraksher.
**1989** Alþingi samþykkir lög um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem meðal annars fólu í sér flutning á rekstri grunnskóla til þeirra síðarnefndu.
**1989** Meira en milljón mótmælenda gengur í gegnum Peking og krest lýðræðisumbóta.

---



✝

Ástkær eiginmaður, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Ragnar Geirdal Ingólfsson**

bifvélavirki,

lést á líknardeild Landspítalans 28. apríl síðastliðinn. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 18. maí kl. 13.00.

**F.h. aðstandenda,**
**Jenný Hjördís Sigurðardóttir**
**Ingólfur H. Geirdal**
**Kolbrún S. Ragnarsdóttir**
**Sigurður Geirdal Ragnarsson** — **Ólöf Erla Einarsdóttir**
**Anetta Sigdís Kristinsdóttir** — **Jóhannes Magni Magneuson**
**Ragnar Ingvi Kristinsson**
**Katrín Jenný Ingólfsdóttir**
**Sigurdís Eva og Kristinn Þór Geirdal**

---



✝

Elskulegur eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Ólafur Ásbjörn Jónsson**

Baugholti 1, Keflavík,

lést í faðmi fjölskyldunnar á Landspítalanum miðvikudaginn 9. maí. Útför hans fer fram frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 22. maí kl. 13.00.

**Emma Hanna Einarsdóttir**
**Einar Ásbjörn Ólafsson** — **Elfa Hrund Guttormsdóttir**
**Ólafía Ólafsdóttir** — **Gísli M. Eyjólfsson**
**Jón Sigurbjörn Ólafsson** — **Jónína St. Helgadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir sýnda samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför elskulega drengsins okkar, bróður og barnabarns,

**Einars Sigurbjörnssonar**

Þeim sem vilja minnast hans er bent á Samhjálp, banki 322 - 26 - 40040, kt. 551173-0389

**Brynja Jónsdóttir**
**Sigurbjörn Einarsson** — **Karen Sif Þorvaldsdóttir**
**Eggert Árni Sigurbjörnsson**
**Magnús Þorkell Sigurbjörnsson**
**Dagur Steinn Arnarsson**
**Haukur Logi Arnarsson**
**Hilmar Örn Arnarsson**
**Hanna Ósk Jónsdóttir** — **Jón Sigurðsson**
**Guðrún Edda Gunnarsdóttir** — **Einar Sigurbjörnsson**

---



✝

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Brynleifs H. Steingrímssonar**

læknis,
Lækjasmára 7, Kópavogi.

**Guðrún Helga Brynleifsdóttir** — **Gunnlaugur A. Jónsson**
**Helga Brynleifsdóttir** — **Jón G. Hauksson**
**Brynja Blanda Brynleifsdóttir** — **Ingvaldur Thor Einarsson**
**Steingrímur Brynleifsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskuleg dóttir mín og systir okkar,

**Guðrún Ragnheiður Jónsdóttir**

Kjartansgötu 6,

lést þann 15. maí á sjúkrahúsi í Gautaborg eftir skammvinn veikindi.

**Fyrir hönd annarra ástvina,**
**Sigrún Brynjólfsdóttir**
**Brynjólfur Jónsson**
**Þorlákur Jónsson**
**Þorgerður Jónsdóttir**
**Jón Erlingur Jónsson**
**Þuríður Jónsdóttir**

---



✝

Faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Berent Sveinbjörnsson**

pípulagningameistari,
Herjólfsgötu 40,
Hafnarfirði,

verður jarðsunginn frá Víðistaðakirkju föstudaginn 18. maí kl. 13.00.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir.

**Sveinbjörn Berentsson** — **Auður Björgvinsdóttir**
**Jóhanna Berentsdóttir** — **Dagur Jónsson**
**Hólmfríður Berentsdóttir**
**Jóhann Berentsson**
**og barnabörn.**

---



✝

Þökkum innilega samúð, hlýhug og vinsemd vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa, bróður og mágs,

**Guðmundar Jóhannssonar**

Eyrarholti 6, Hafnarfirði.

**Herdís Sigurjónsdóttir**
**Ragnheiður Guðmundsdóttir** — **Sigtryggur Klemenz Hjartar**
**Kristín Guðmundsdóttir**
**Ólafur Jóhannesson** — **Guðný Haraldsdóttir**
**Sigríður Jóhannesdóttir**
**Jón Jóhannesson** — **Heiða Björk Norðdahl**
**og barnabörn.**

---



✝

Innilegar þakkir til allra sem sýndu samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður og ömmu,

**Öldu Bragadóttur**

Grenigrund 34,
Selfossi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Vinaminnis, Heilbrigðisstofnunar Suðurlands og Fossheima fyrir einstaka umönnun og hlýtt viðmót.

**Björn Ingi Björnsson**
**Steinunn Inga Björnsdóttir**
**Dóra B. Stephensen** — **Jón Lindsay**
**og barnabörn.**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Stefáns Valdimarssonar**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Sóltúns Hrafnistu í Reykjavík fyrir góða umönnun og hlýhug í hans garð.

**Elsa Auðbjörg Unnarsdóttir**
**Valgerður Stefánsdóttir** — **Gunnar Þorsteinsson**
**Auðbjörg Stefánsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og fjölskyldur.**

---



✝

Eiginmaður minn,
faðir og tengdafaðir,

**Gísli S. Gíslason**

brúarsmiður,
Miðgrund, Skagafirði,

lést miðvikudaginn 9. maí á Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Sauðárkróki. Útförin fer fram frá Flugumýrarkirkju föstudaginn 18. maí klukkan 14.00.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög.

**Ingibjörg Jóhannesdóttir**
**Ása Gísladóttir** — **Þórarinn Illugason**

---



✝

Faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Þorkell Steinar Ellertsson**

fyrrverandi skólastjóri,
kennari og bóndi,

lést mánudaginn 7. maí.
Útför hans fer fram frá Neskirkju föstudaginn 25. maí kl. 13.00.

**Þormar Úlfur Þorkelsson** — **Helga Luna Kristinsdóttir**
**Þorri Þorkelsson** — **Kjersti Beate Rosland**
**Álfrún G. Guðrúnardóttir** — **Kjartan Ólafsson**
**Teitur Þorkelsson** — **Sigríður Elva Vilhjálmsdóttir**
**Baldur Helgi Þorkelsson** — **Guðrún Snorra Þórsdóttir**
**Þórhildur Þorkelsdóttir** — **Hjalti Harðarson**
**Þorkell Máni Þorkelsson**
**og barnabörn.**


UPPSELT Í STÚKU
FOREIGNER
LAUGARDALSHÖLL | 18. MAÍ 2018
I WANT TO KNOW WHAT LOVE IS • COLD AS ICE
WAITING FOR A GIRL LIKE YOU • URGENT
SAY YOU WILL • DOUBLE VISION • JUKE BOX HERO
EKKI MISSA AF ÞESSU
MIÐASALA Í FULLUM GANGI Á MIDI.IS
/ FOREIGNER Á ÍSLANDI
VÍKING BRUGGHÚS
Vista Expo

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Vaxandi suðaustanátt í dag, víða 13-18 m/s og talsverð rigning sunnan- og vestanlands síðdegis. Heldur hægari vindur og þurrt á Norður- og Austurlandi fram á kvöld. Hiti 7 til 15 stig, hlýjast norðaustan til á landinu.




## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 6° | 3° | 5° |
| 9 | 10 | 9 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 7° | 7° | 0° |
| 6 | 8 | 9 |

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 7° | 2° | 7° |
| 17 | 15 | 16 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 4° | 5° | 2° |
| 16 | 14 | 23 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 2 | 4 | | 1 | | 6 |
| | | 7 | | 3 | 8 | 9 | 5 | |
| | | 5 | | 7 | | | | |
| | | | | 9 | | 5 | | |
| 8 | 9 | | | 6 | | 2 | 1 | |
| | | | | | 4 | 3 | | 7 |
| 6 | | 4 | | 5 | | 8 | | |
| 7 | | 1 | | | | 6 | 4 | |
| 3 | 8 | | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 6 | | 4 | 7 | | | 8 |
| | 1 | | | | | | 9 | |
| 8 | | | | 1 | 2 | | 3 | |
| 4 | 8 | | | 3 | | 5 | | |
| | | 2 | 4 | | | | | |
| 3 | 9 | | 2 | | 8 | 7 | | |
| | | 1 | | 8 | | | | 6 |
| 5 | 7 | | 6 | | | | | |
| 6 | | | | 2 | 3 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 4 | | | 9 | | |
| 3 | 4 | 5 | | | 6 | | 8 | |
| 6 | 7 | | | | | 2 | | |
| | | | | 5 | | 3 | | |
| | 6 | 2 | 3 | | | | 4 | |
| 9 | 1 | | | | 8 | | 2 | |
| | | | 8 | | | 1 | | |
| | | 6 | 1 | | | | | |
| 8 | | | | 3 | | | 7 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 6 | 3 | 7 | 4 | 8 | 2 | 1 | 5 |
| 7 | 8 | 2 | 5 | 9 | 1 | 6 | 3 | 4 |
| 5 | 1 | 4 | 6 | 2 | 3 | 7 | 8 | 9 |
| 4 | 7 | 1 | 8 | 6 | 2 | 5 | 9 | 3 |
| 2 | 5 | 8 | 9 | 3 | 7 | 4 | 6 | 1 |
| 3 | 9 | 6 | 1 | 5 | 4 | 8 | 2 | 7 |
| 6 | 3 | 7 | 2 | 1 | 5 | 9 | 4 | 8 |
| 8 | 4 | 9 | 3 | 7 | 6 | 1 | 5 | 2 |
| 1 | 2 | 5 | 4 | 8 | 9 | 3 | 7 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 9 | 6 | 7 | 4 | 2 | 8 | 3 |
| 2 | 3 | 6 | 9 | 5 | 8 | 1 | 4 | 7 |
| 7 | 8 | 4 | 1 | 2 | 3 | 5 | 6 | 9 |
| 4 | 7 | 2 | 8 | 3 | 5 | 9 | 1 | 6 |
| 8 | 9 | 3 | 4 | 1 | 6 | 7 | 5 | 2 |
| 5 | 6 | 1 | 7 | 9 | 2 | 8 | 3 | 4 |
| 6 | 1 | 5 | 2 | 4 | 7 | 3 | 9 | 8 |
| 3 | 2 | 8 | 5 | 6 | 9 | 4 | 7 | 1 |
| 9 | 4 | 7 | 3 | 8 | 1 | 6 | 2 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 7 | 8 | 3 | 6 | 2 | 4 | 9 |
| 9 | 6 | 8 | 1 | 2 | 4 | 3 | 5 | 7 |
| 3 | 2 | 4 | 5 | 7 | 9 | 1 | 8 | 6 |
| 4 | 9 | 3 | 2 | 6 | 7 | 5 | 1 | 8 |
| 2 | 1 | 6 | 9 | 8 | 5 | 4 | 7 | 3 |
| 7 | 8 | 5 | 4 | 1 | 3 | 9 | 6 | 2 |
| 5 | 7 | 1 | 3 | 9 | 8 | 6 | 2 | 4 |
| 6 | 3 | 2 | 7 | 4 | 1 | 8 | 9 | 5 |
| 8 | 4 | 9 | 6 | 5 | 2 | 7 | 3 | 1 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. flugfar
5. móðurlíf
6. í röð
8. einræða
10. sprikl
11. gubb
12. samtals
13. fiskur
15. ársverk
17. skálma

**LÓÐRÉTT**
1. mörgum
2. vegur
3. tál
4. sindur
7. óvandlega
9. vélun
12. höfðýr
14. spor
16. spil

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1. flaug, 5. leg, 6. jk, 8. eintal, 10. ið, 11. æla, 12. alls, 13. ufsi, 15. mannár, 17. rigsa.
**LÓÐRÉTT:** 1. fleirum, 2. leið, 3. agn, 4. gjall, 7. klastra, 9. tæling, 12. asni, 14. far, 16. ás.

## Skák Gunnar Björnsson

Hartston átti leik gegn Duran í Alicante árið 1975.
**Hvítur á leik**
**1. Hxc6+! bxc6 2. Rc5! Dxc5**
**3. Ba6+ Kd8 4. Hb8# 1-0.**
Hilmir Freyr Heimisson stóð sig afar vel á alþjóðlegu skákmóti í Fredericia í Danmörku.
Ju Wenjun hefur forystu, 5-4, gegn Tan Zhongyi þegar aðeins einni skák er ólokið.

**www.skak.is:** HM kvenna.



## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman









# VORTILBOÐ




## SPLUNKUNÝTT 65" SNJALLSJÓNVARP

**Ný og betri upplifun**
Glæsilegt 65” UHD snjallsjónvarp með Android 6.0 stýrikerfi, einfaldara og notendavænna viðmót en áður svo upplifunin verður áreynslulaus.

**Njóttu þess að horfa**
Þriggja hliða Amiblight baklýsing eykur þægindi og augað aðlagast skjánum betur. Ambilight 3 lítur ekki bara vel út heldur auðveldar þér að sökkva inn í myndefnið. Stílhrein hönnun gerir sjónvarpið að flottri viðbót við rýmið án þess að draga að alla athyglina þegar slökkt er á því.

**Öll helstu nútímaþægindi**
Splunkunýtt 2018 módel með frábærum myndgæðum, P5 Perfect Picture Engine myndvinnslu og HDR Plus. Ásamt fleiri spennandi eiginleikum eins og 20W RMS DTS HD Premium Sound hljóðkerfi og Netflix í 4K. Einnig með öllum helstu tengimöguleikum.

PHILIPS ambi light 3

**Veglegur kaupauki!**

**32“ Philips sjónvarp fylgir með að verðmæti 39.995**

**TILBOÐ**
**179.995**
FULLT VERÐ 219.995




**Heimilistæki** ht.is

*7 VERSLANIR UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • Austurvegi 34 **SELFOSSI** S: 414 1745 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRTORGI **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

# BÍLAR



Þótt umferðarslysum fækki og bílverð lækki hækka bílatryggingar langt umfram almennt verðlag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Óútskýrð hækkun bílatrygginga

**Samanlagður hagnaður íslensku tryggingafélaganna í fyrra var 7.435 milljónir króna og arðgreiðslur námu 5.322 milljónum.**

Í könnun sem Verðlagseftirlit ASÍ lét vinna hafa bílatryggingar hækkað um 24% á meðan vísitala neysluverðs hefur hækkað um 7,38% og er því um 16,5% hækkun að ræða umfram almennar verðlagshækkanir. Fram kemur einnig í könnun Verðlagseftirlits ASÍ að ýmsir ytri áhrifaþættir eru þó hagstæðir fyrir tryggingafélögin eins og miklar verðlækkanir á bílum, sem nema 13% og 22% verðlækkun á varahlutum á sama tíma, auk þess sem umferðarslysum fer fækkandi. Þrátt fyrir þetta sjá tryggingafélögin ástæðu til að hækka verð á bílatryggingum, þau hagnast sem aldrei fyrr og greiða á sama tíma út milljarða í arð. Samanlagður hagnaður íslensku tryggingafélaganna í fyrra var 7.435 milljónir króna og arðgreiðslur til hluthafa námu 5.322 milljónum.

**» ÝMSIR YTRI ÁHRIFAÞÆTTIR ERU ÞÓ HAGSTÆÐIR FYRIR TRYGGINGAFÉLÖGIN EINS OG MIKLAR VERÐLÆKKANIR Á BÍLUM, SEM NEMA 13% OG 22% VERÐLÆKKUN Á VARAHLUTUM.**

### Lækkað verð bíla og varahluta

Styrking á gengi krónunnar hefur leitt til þess að verð á bílum hefur lækkað um 13,28% og verð á varahlutum um 21,93% frá árinu 2014, en verð á bílum og varahlutum er meðal þeirra þátta sem hafa áhrif á verð bílatrygginga. Það vekur því athygli hversu hratt tryggingar hafa hækkað á undanförnum árum miðað við þróun þessara áhrifaþátta. Viðskiptavinir tryggingafélaganna fá ekki að njóta góðs af jákvæðri afkomu tryggingafélaganna heldur rennur hún beint í vasa hluthafa á sama tíma og viðskiptavinir sjá verð bílatrygginga hækka ár hvert.

# Fyrsti rafmagnssendibíll landsins afhentur

Veitur ohf. tóku á móti fyrsta rafmagnssendibíl landsins fyrir skömmu en hann er af gerðinni Iveco Daily Blue Power Electric. Veitur ohf. eru dótturfélag Orkuveitu Reykjavíkur og hafa verið í fararbroddi íslenskra fyrirtækja í notkun umhverfisvænna atvinnubíla. Við sama tækifæri sýndu Kraftvélar almenningi þennan sendibíl ársins 2018, en þar fer fyrsti 100% rafmagnsbíllinn á Íslandi í flokki stærri sendibíla. Iveco Daily var kosinn sendibíll ársins 2015 þegar ný kynslóð hans var kynnt. Núna þremur árum síðar kynnti Iveco umhverfisvæna útfærslu bílsins sem nefnd hefur verið Blue Power og hlaut hann þá aftur þessi eftirsóttu verðlaun. Verðlaunin veitir dómnefnd bílablaðamanna frá 25 löndum.




Veitur ohf. hafa fengið til notkunar Iveco Daily Blue Power Electric.

### Með 200 km raundrægi

Daily Blue Power Electric er með allt að 200 kílómetra raundrægi með tveggja tíma hraðhleðslu og 100% endurvinnanlegum rafhlöðum. Iveco Daily Blue Power má einnig fá í metanútfærslu og því gefst fyrirtækjum nú kostur á umhverfisvænni atvinnubílum sem standast kröfur um minni mengun og því eru engin takmörk á þéttbýlisnotkun þeirra. Hægt er að fá bílinn með 9 til 19,6 rúmmetra flutningsrými. Einnig má fá bílinn með vörukassa og í pallbílsútfærslu.

**» DAILY BLUE POWER ELECTRIC ER MEÐ ALLT AÐ 200 KÍLÓMETRA RAUNDRÆGI MEÐ TVEGGJA TÍMA HRAÐHLEÐSLU OG 100% ENDURVINNANLEGUM RAFHLÖÐUM.**












BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# HVÍTASUNNUSTEIKIN
## á góðu verði í Bónus

**ÍSLENSKT**
Lambakjöt




**1.298**
kr. kg

**Kjarnafæði Lambalæri**
Argentína, kryddað, stutt læri
eða Heiðalamb, kryddað

**VIÐSKIPTAVINIR**
**ATHUGIÐ**
Allar verslanir Bónus eru
lokaðar á hvítasunnudag
Opið annan í hvítasunnu
frá 11:00-18:00

BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00 – Verð gildir til og með **21. maí** eða meðan birgðir endast.

# GOTT FYRIR FRAMTÍÐINA!

## ÖLL HNATTLÍKÖN



30% vildar-afsláttur




Land sýn seen
**VILDARVERÐ: 9.999.-**
Verð: 11.999.-

30% vildar-afsláttur




Visual Atlas of the World
**VILDARVERÐ: 11.199.-**
Verð: 15.999.-

## Pelikan PENNAR



25% vildar-afsláttur

*Aðeins í Hallarmúla



Sjö stuttir fyrirlestrar um eðlisfræði
Verð: 2.999.-




Ljóðasafn - Tómas Guðmundsson
**VILDARVERÐ: 5.999.-**
Verð: 6.999.-




Walden eða Lífið í skóginum
**VILDARVERÐ: 4.999.-**
Verð: 5.999.-




Eins og vax
Verð: 2.999.-




Landkostir
Verð: 3.999.-

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON




LX pennar
**VILDARVERÐ FRÁ: 3.599.-**
Verð frá: 4.799.-




Valdar 501 bækur
**VILDARVERÐ: 2.099.-**
Verð: 2.999.-




Minnisbók "Style", 80 bls.
(A6 / A5)
**VILDARVERÐ FRÁ: 1.724.-**
Verð frá: 2.299.-




Saga tónlistarinnar
**TILBOÐSVERÐ: 8.699.-**
Verð áður: 12.999.-




Hnattlíkan fyrir merkipinna
(S/M/L)
**VILDARVERÐ FRÁ: 3.499.-**
Verð frá: 4.999.-

**ALLAR TÖSKUR FRÁ it luggage**




Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 21. maí eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Ömmuþema í bland við byltingar og margt fleira

**Skjaldborgarhátíðin fer fram á Patreksfirði um hvítasunnuhelgina og Helga Rakel Rafnsdóttir, önnur af stjórnendum hátíðarinnar ásamt Kristínu Andreu Þórðardóttur, segir að þar verði að vanda mikið fjör og frábærar heimildarmyndir sem sjást jafnvel ekki annars staðar.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is





Helga Rakel Rafnsdóttir og Kristín Andrea Þórðardóttir hafa haft í mörgu að snúast í aðdraganda hátíðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Skjaldborg – hátíð íslenskra heimildarmynda er fyrir löngu orðin fastur liður um hvítasunnuhelgina og mikilvægur hluti af menningarlífinu. Hátíðin hefur nú verið haldin í tólf ár og hefur á þeim tíma vaxið jafnt og þétt en það eru kvikmyndagerðarkonurnar Helga Rakel Rafnsdóttir og Kristín Andrea Þórðardóttir sem bera hitann og þungann af skipulagningu og utanumhaldi í ár. Helga Rakel segir að dagskráin sé sérstaklega glæsileg í ár en þó svo að hún sé löngu frágengin sé enn í mörg horn að líta. „Við erum að ferja hundrað og fimmtíu manns til Patreksfjarðar auk allra hinna gestanna sem koma til bæjarins til þess að njóta hátíðarinnar.“

## Grasrót sem smitar

Aðspurð hvers vegna sé verið að halda heimildarmyndahátíð á Patreksfirði en ekki til að mynda í Reykjavík segir Helga Rakel að það komi til af tvennu. „Í fyrsta lagi þá er Skjaldborgarbíó á Patreksfirði. Þetta er ótrúlega fallegt bíó sem Lionsmenn hafa staðið vörð um í gegnum árin. Fyrstu níu árin sem hátíðin var haldin var eingöngu hægt að sýna myndir af filmu í húsinu með gamalli vél sem alveg svínvirkaði. En núna hafa Lionsmenn safnað fyrir alveg rosalega góðu PCB-sýningarkerfi og hafa verið með reglulegar bíósýningar í húsinu.

Í öðru lagi þá var það þannig að upphafsmenn hátíðarinnar dvöldu talsvert á Patreksfirði á þeim tíma og þeim fannst svo alveg fáránlegt að nota þetta hús ekki til þess að gera eitthvað stórkostlegt og það má svo sannarlega segja að þeim hafi tekist það enda er alltaf alveg rosalega gaman á Skjaldborg.“

Helga Rakel segir að það sé svo auðvitað ekki síður mikilvægt hvað Skjaldborg er mikilvægur vettvangur fyrir heimildarmyndagerðarfólk á Íslandi. „Hluti af því hversu hátíðin er öflug er að hún er haldin á Patreksfirði vegna þess að það er svo gott að komast í burtu og vera með allan fókus á heimildarmyndir, hitta

> **ÞAÐ ER ÁKVEÐIN TEGUND AF HEIMILDARMYNDUM SEM ER ORÐIN RÍKJANDI EINMITT VEGNA NETFLIX OG ÞESS VEGNA ERU HÁTÍÐIR EINS OG SKJALDBORG SVO MIKILVÆGAR.**

aðra heimildarmyndagerðarmenn og hafa gaman. Þetta er svona mínísamfélag í þrjá daga og fólk tengist sterkum böndum og líka hátíðinni og staðnum. Þetta leynir sér ekki, því að sama fólkið sækir hátíðina ár eftir ár. Það eru líka margir sem eru alltaf á leiðinni og þegar þeir loksins drífa sig þá láta þeir sig aldrei vanta eftir það,“ segir Helga Rakel og gleðst yfir vinsældum hátíðarinnar.

Hún bendir jafnframt á að sumarið í íslenskri kvikmyndagerð sé svo sannarlega ekki einvörðungu í leiknum kvikmyndum. „Í heimildarmyndagerðinni er líka ákveðin grasrót sem síðan smitast inn í leiknu myndirnar sem horfa til heimildarmyndanna varðandi t.d. bæði efni og efnistök. Þannig að heimildarmyndagerðin er um margt leiðandi afl sem er sérstaklega gaman að fylgjast með."

## Vinnur gegn einsleitni

Helga Rakel segir að á dagskránni í ár séu fjölmargar spennandi myndir sem sé vissulega erfitt að gera upp á milli. „Opnunarmyndin í ár heitir UseLess og er eftir Rakel Garðarsdóttur og Ágústu M. Ólafsdóttur. Þar skerpa þær á því hvað við erum að fara illa með jörðina með neyslu á mat og klæðum en hún sýnir okkur líka hversu auðvelt getur verið að breyta þessu með því að hægja aðeins á. Þetta er mynd með mikilvægt erindi og því settum við hana sem opnunarmynd. Þarna er vissulega verið að hvetja til ákveðinnar byltingar og það er líka byltingarþema í fleiri myndum. Þar má nefna myndir eins og Bráðum verður bylting! eftir Hjálmtý Heiðdal og Sigurð Skúlason sem segir frá því þegar íslenskir stúdentar tóku sendiráð Íslands í Stokkhólmi til þess að mótmæla bágum kjörum. Svo er það líka Litla Moskva, eftir Grím Hákonarson sem fjallar um Neskaupstað og allt húllumhæið í kringum pólitíkina þar.“

Aðspurð hvort þessar myndir séu vísbending um að það sé eðli heimildarmynda að vera gagnrýnar og róttækar þá tekur Helga Rakel ekki fyrir það. „Já, og þá jafnvel bæði í efni og efnistökum. Heimildarmyndir beina ljósinu oft að hlutum sem annars er ekki fjallað um og þetta er svo stórt mengi. Það eru þarna sögulegar myndir, viðtalsmyndir, ljóðrænar myndir. Þannig er til að mynda líka ákveðið ömmuþema á hátíðinni í ár enda erum við með tvær stuttar og persónulegar ömmumyndir auk þess sem Harpa Fönn er að kynna kvikmyndina Amma dreki. En svo má líka nefna myndina Söngur Kanemu eftir Önnu Þóru Steinþórsdóttur. Hún segir frá því þegar dóttir Önnu Þóru fór til Sambíu til þess að leita upprunans og hitta ömmu sína. Þannig að það er svo sannarlega ömmuþema í ár í bland við byltinguna en það ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi.“

Það virðist vera umtalsverð aukning í áhuga almennings á heimildarmyndum og eflaust má að einhverju leyti rekja það til efnisveitunnar Netflix. Helga Rakel segir að það sé vissulega rétt en bendir á að það þurfi líka að hafa í huga að Netflix sé greinilega með ákveðna stefnu í þessum efnum. „Það er ákveðin tegund af heimildarmyndum sem er orðin ríkjandi einmitt vegna Netflix og þess vegna eru hátíðir eins og Skjaldborg svo mikilvægar. Þar gefst fólki tækifæri til þess að sjá eitthvað sem Netflix myndi aldrei sýna og varla RÚV. En hátíð á borð við Skjaldborg vinnur gegn þessari einsleitni og við þurfum öll að vera meðvituð um það.“

Nýjar vörur frá geoSilica




Fæst í öllum helstu apótekum, heilsuvöruverslunum, Hagkaupum, Nettó, Fjarðarkaupum og vefverslun geoSilica.
geoSilica ICELAND
Nánari upplýsingar má finna á www.geosilica.is




Bros auglýsingavörur **með þínu merki**

Skoðaðu litríkt úrval og fáðu tilboð á **bros.is**

Bros auglýsingavörur
Norðlingabraut 14

25 1993-2018 BROS AUGLÝSINGAVÖRUR – með þínu merki

# Hvað? Hvenær? Hvar?

## Fimmtudagur

Hvar@frettabladid.is

## 17. MAÍ 2018

### Tónlist

**Hvað?** Mammút í Bæjarbíói
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Bæjarbíó, Hafnarfirði
Eftir heljarinnar tónleikaferðalag um allan heim á árinu 2017 fagnar hljómsveitin Mammút hinu íslenska vori með tónleikum í Bæjarbíói. Hin nýja plata sveitarinnar, Kinder Versions, fékk titilinn „Rokkplata ársins“ á nýafstöðnum Íslensku tónlistarverðlaununum og mun sveitin spila lög af henni í bland við eldra efni af fyrri plötum, Komdu til mín svarta systir og Karkari.

**Hvar?** Stund í tali og tónum – selló, orgel, hugleiðingar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Seltjarnarneskirkja
Gunnar Kvaran, prófessor og sellóleikari, og Haukur Guðlaugsson, fv. söngmálastjóri, flytja tónverk eftir Bach, Chopin, Casals og Schubert og ræða andleg mál á listahátíð kirkjunnar þar sem listvefnaður Herdísar Tómasdóttur og glerlist Ingunnar Benediktsdóttur er einnig til sýnis alla daga.

**Hvað?** Vortónleikar Óháða kórsins
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Óháði söfnuðurinn, Háteigsvegi
Dagskráin verður frumleg og öðruvísi, en þar munu hljóma útsetningar kórstjóra Óháða kórsins, Kristjáns Hrannars Pálssonar, á tónlist Fleet Foxes, Bítlanna og Jóhanns Jóhannssonar ásamt frumsömdu efni kórstjórans.

**Hvað?** Fyrirlestur um netviðskipti í Kína
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Kínasafn Unnar, Njálsgötu
Gunnar Óskarsson, lektor við Háskóla Íslands, flytur fyrirlestur um netviðskipti í Kína – Innsýn frá AliExpress og Zenni optical. Húsið opnað kl. 18.00 með súpu og spjalli. Um 18.30 hefst síðan fyrirlesturinn sem miðað er við að taki u.þ.b. 30-40 mínútur. Aðgangseyrir er 1.000 krónur og er aðeins tekið við greiðslu með seðlum, ekki debet- eða kreditkortum. Nánari upplýsingar á kim.is.

**Hvað?** Tónlist í garðinum
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** CenterHotel Miðgarður, Laugavegi
Í dag munu djassararnir Halli Guðmunds og Börkur Birgis flytja vel þekkta djassslagara og popplög í djassbúningi.

### Viðburðir

**Hvað?** Fyrirlestur um þöggun á hlátri kvenna
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Veröld – hús Vigdísar
Dr. Dianna Niebylski frá Illinoisháskóla í Chicago heldur fyrirlestur um hvernig hlátur kvenna hefur í gegnum aldirnar verið álitinn háskalegur og þaggaður niður á Vesturlöndum og víða annars staðar. Ath.: fyrirlesturinn er fluttur á ensku. Allir velkomnir.

**Hvað?** Grínklúbburinn Lundi
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hard Rock Café, Lækjargötu
Fram koma: María Guðmundsdóttir, Agnes Wild, Kristín María Gunnarsdóttir, Hildur Birna Gunnarsdóttir, Ólöf Magnúsdóttir, Leifur Leifsson, Pétur Ragnar Pétursson og Theodór Ingi Ólafsson. Aðgangur er ókeypis en ef einhver vill styrkja klúbbinn í frekari landvinningum þá er tekið á móti frjálsum framlögum.

**Hvað?** Ragna Róbertsdóttir: Bókaspjall með Studio Studio
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Nýlistasafnið, Grandagarði
Nýlistasafnið býður ykkur velkomin á bókaspjall með Studio Studio (Arnar Freyr Guðmundsson, Birna Geirfinnsdóttir) og Rögnu Róbertsdóttur um bókina „Ragna Róbertsdóttir Works 1984-017“, fimmtudaginn 17. maí kl. 20.00 í Marshallhúsinu.

**Hvað?** Stormfuglar – Útgáfuhóf
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Penninn Eymundsson, Austurstræti
Verið velkomin í útgáfuhóf nýrrar bókar Einars Kárasonar, Stormfuglar, í verslun Pennans Eymundsson Austurstræti.

**Hvað?** Með nótunum Vol. 4
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Prikið, Bankastræti
Við krakkarnir í Með á nótunum ætlum að fagna sumrinu næstkomandi fimmtudag á Prikinu með smá old school R&B og hipphopp dj setti. Við tökum skýrt fram að það verða bara spiluð lög frá tíunda áratugnum.



**DJ Yamaho er annar stjórnandi þáttarins Með á nótunum sem heldur smá gill á Prikinu í kvöld.**

**Hvað?** Útgáfuhóf Sagna
**Hvenær?** 17.15
**Hvar?** Háskóli Íslands
32. árgangur Sagna, tímarits um söguleg efni, lítur brátt dagsins ljós. Við í ritstjórninni viljum því bjóða ykkur að fagna útgáfunni með okkur á Litla torgi, hliðarsalnum á Háskólatorgi, þann 17. maí klukkan 17.15. Í boði verða léttar veitingar.

**Hvað?** Rök lífsins – útgáfuhóf
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Askja, Háskóli Íslands
Í tilefni af útgáfu bókarinnar Rök lífsins eftir dr. Guðmund Eggertsson bjóða Líffræðifélag Íslands, Líffræðistofa Háskóla Íslands og Benedikt bókaútgáfa til útgáfuhófs í Öskju fimmtudaginn 17. maí klukkan 16.00 (á svölum 3. hæðar).

### Sýningar

**Hvað?** Opnun – Myndlistarsýning / Art Exhibit – Úlfar Örn
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** CenterHotel Þingholt, Þingholtsstræti
CenterHotel Þingholt sýnir listaverk eftir Úlfar Örn sem er kunnur fyrir málverk sín af íslenska hestinum. Hann hefur áhugaverða nálgun að myndefninu.









## BÍÓ



**Bobby Kennedy er dæmi um silfurskeiðung sem lærði að láta hjartað ráða för og reyndi að bæta heiminn.**

# Í leit að betri heimi

**ÞÆTTIR**

**Bobby Kennedy for President**

★★★★☆

**Leikstjórn:** Dawn Porter
**Aðalhlutverk:** Robert F. Kennedy, Harry Belafonte, Paul Schrade

Hvað sem fólki kann að finnast um þá bræður, John Fitzgerald Kennedy og Robert Francis Kennedy, er óhætt að mæla eindregið með þessum þáttum á Netflix. Bobby Kennedy for President segir nefnilega miklu stærri og meiri sögu en aðeins þessara silfurskeiðunga sem hefðu í raun aldrei þurft að dýfa hendi í kalt vatn en ákváðu engu að síður að taka sér stöðu á hinu pólitíska sviði. Og gjalda með lífi sínu,

Mestur fengurinn í þáttunum er aldarspegillinn sem þeir bregða upp. Fréttamyndir og viðtöl við fólk sem var í hringiðu atburðanna, fyrir tæpum sextíu árum, eru harkaleg áminning um hversu stutt er síðan það þótti enn sjálfsagðara en í dag að traðka á mannréttindum minnihlutahópa. Í þessu tilfelli fyrst og fremst bandarískra blökkumanna.

Auðvitað má segja margt um þá bræður, John og Bobby. Breyskir og mistækir voru þeir vissulega, eins og við öll, en það verður þó ekki af þeim tekið að þeir áttu sinn þátt í að þoka heiminum í rétta átt. Og þá miklu frekar Bobby heldur en John.

JFK var óumdeilt sleipari pólitíkus en RFK. Leiftrandi af sjálfsöryggi, flugmælskur og sjarmerandi marði John Kennedy sigur í forsetakosningunum 1960 gegn sitjandi varaforsetanum, Richard Nixon. Sagan hefur síðan fellt sinn dóm yfir báðum. JFK í hag.

Hinn ungi, kappsami litli bróðir hans stýrði kosningabaráttunni og þar sýndi Bobby á sér hliðar sem voru ekkert sérstaklega jákvæðar. Þættirnir gera ágæta grein fyrir því að hann togaði í spotta til þess að fá Martin Luther King jr. leystan úr haldi, aðeins vegna þess að það þjónaði hagsmunum stóra bróður í kosningabaráttunni.

Þeir sem störfuðu með Bobby Kennedy og kynntust honum á þessum árum standa þó fast á því að eftir því sem hann kynntist betur kröppum kjörum þeirra sem minnst máttu sín og því óréttti sem þeldökkir voru beittir hafi hann lært, þroskast og breyst. Í framhaldinu hafi hann barist af öllu hjarta fyrir betri heimi.

Eftir að JFK varð forseti gerði hann litla bróður sinn að dómsmálaráðherra og þar lét Bobby heldur betur til sín taka. Tók fast á skipulögðum glæpum og grillaði meðal annars verkalýðsskúrkinn Jimmy Hoffa fyrir þingnefnd.



**Juan Romero, aðstoðarþjónn á Ambassador-hótelinu, hlúir að Bobby Kennedy eftir að hann var skotinn. Frásögn Romero af atvikinu er átakanlega hjartnæm.**

Þá kaus hann að senda herinn til Suðurríkjanna, að beiðni Martins Luthers King, til þess að koma í veg fyrir yfirvofandi óeirðir og blóðbað. Eitt fallegasta atriðið í þessum þáttum er svo þegar dómsmálaráðherrann sendir fulltrúa alríkisyfirvaldsins til Mississippi til þess að svínbeygja ríkisstjórann Ross Barnett til þess að leyfa tveimur fyrstu þeldökku nemendunum í Háskólanum í Mississippi að skrá sig til náms.

Auðvitað finnst manni ótrúlegt að aðeins 56 ár eru síðan það þurfti að beita hervaldi til þess að fólk fengi að sækja sér menntun í Bandaríkjunum. En svona var þetta og verður ef til vill aftur miðað við hversu hressilega sitjandi forseti Bandaríkjanna kitlar pinnann í bakkgír.

Óneitanlega er dregin upp glansmynd af Bobby í þessum þáttum en hann er þó ekki sýndur sem vængjaður engill, baðaður í glimmeri. Ég hef hins vegar alltaf kosið að trúa því að Robert Francis Kennedy hafi meint vel og virkilega trúað á að það mætti bæta heiminn.

Nokkur atriði í þáttunum hafa styrkt mig í þeirri trú og að sjálfsögðu mátti hann, eins og fleiri umbótasinnar á þessum tíma, gjalda með lífi sínu.

Árið 1967 gaf Bobby út bókina To Seek a Newer World, sem byggð var á ræðum hans og greinum um flest það sem honum fannst þurfa að breyta í samfélaginu. Hún kom út á íslensku skömmu síðar undir nafninu Í leit að betri heimi.

Þessir þættir sýna svo ekki verður um villst að Bobby var sannur í þeirri leit og ég ætla að leyfa mér að lifa áfram í þeirri trú að heimurinn væri betri í dag ef hann hefði lifað og komist í Hvíta húsið. Þá væri appelsínuguli brjálæðingurinn þar varla í dag.

Og silfurskeiðungar vorra tíma mættu draga talsverðan lærdóm af Bobby og þessum þáttum. Ríkir pabbastrákar og forréttindapésar geta nefnilega líka látið gott af sér leiða. Þeir þurfa bara að vilja það og setja sjálfa sig og auðvaldið sitt til hliðar. **Þórarinn Þórarinsson**

**NIÐURSTAÐA:** Ágengir þættir sem bjóða upp á bæði tár og gæsahúð á átakanlegum og merkilegum augnablikum í sögu Bandaríkjanna á síðari hluta 20. aldar. Þörf áminning um hversu stutt er síðan mannréttindi voru einskis virði og hversu auðvelt er að tapa því sem þó hefur áunnist. RFK og Martin Luther King voru drepnir en draumurinn um betri heim lifir enn.

markhönnun ehf

netto

# GIRNILEG HELGARTILBOÐ



-33%



-35%



**FERSK BLÁSKEL 1 KG**
LIFANDI Í SJÓ
**1.199 KR KG**
~~ÁÐUR: 1.598 KR/KG~~

-25%

**NAUTA RIB EYE**
Í HEILU
**2.266 KR KG**
~~ÁÐUR: 3.382 KR/KG~~

**LAMABAHRYGGUR**
FYLLTUR M/SVEPPAFYLLINGU
**2.385 KR KG**
~~ÁÐUR: 3.669 KR/KG~~

-40%










**BJÓRGRÍS KINNAR**
**1.379 KR KG**
~~ÁÐUR: 2.299 KR/KG~~

-33%

**KJÚKLINGALUNDIR**
700 G
**992 KR PK**
~~ÁÐUR: 1.480 KR/PK~~

-20%

**GRÍSARIF**
FULLELDUÐ Í BBQ
**798 KR KG**
~~ÁÐUR: 998 KR/KG~~

-40%

**NAUTAFILLE**
FERSKT
**2.861 KR KG**
~~ÁÐUR: 4.768 KR/KG~~



-50%

**BLÁBER**
125 G
**240 KR PK**
~~ÁÐUR: 479 KR/PK~~

**BLÁBER**
500 G
**799 KR PK**

## MEÐ HVERRI KEYPTRI SANTA MARIA OSTASÓSU FÆST TORTILLA SNAKK MEÐ 30% AFSLÆTTI, 139 KR. POKINN




**Verslanir Nettó verða lokaðar hvítasunnudag en hefðbundin opnun annan í hvítasunnu**

netto

Á NETINU

**Tilboðin gilda 17. - 21. maí 2018 www.netto.is**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

**www.netto.is**

# DAGSKRÁ

## Fimmtudagur




### KOSNINGAR 2018: MÁLEFNAÞÁTTUR
KL. 18:55

Fréttastofa Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar fjallar í þrjú kvöld á næstu dögum um helstu málefni sem brenna á landsmönnum fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar. Fréttamenn fara um allt land og taka púlsinn á kjósendum og greina hvaða málefni eru efst á blaði hjá landsmönnum öllum.

Frábær **Fimmtudagur**

Fáðu þér áskrift á **365.is**

### DECEPTION
KL. 19:55

Léttur og skemmtilegur sakamálaþáttur um virtan sjónhverfingamann sem verður eitt helsta leynivopn bandarísku alríkislögreglunnar við lausnir á flóknum glæpamálum.




### NCIS
KL. 20:40

Stórgóðir og léttir spennuþættir um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.




### THE BLACKLIST
KL. 21:25

Hér er James Spader í hlutverki hins magnaða Raymond Reddington sem var efstur á lista yfir eftirlýsta glæpamenn hjá bandarískum yfirvöldum.



### BARRY
KL. 22:10

Meinfyndinn gamanþáttur frá HBO um hinn lánlitla launmorðingja Barry en óvænt verkefni rekur hann til Los Angeles.




### CRASHING
KL. 22:40

Ný þáttaröð

Við höldum áfram að fylgjast með hinum seinheppna Pete sem er staðráðinn í að hefja nýtt líf eftir að eiginkonan yfirgefur hann.




### SUPERGIRL
KL. 20:50

Skemmtilegir og spennandi þættir um Köru sem býr yfir sömu ofurkröftum og frændi hennar Clark Kent.




Allt þetta og meira til á aðeins **333 kr. á dag.**

**365.is**

### STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.20** Tommi og Jenni
**07.40** Strákarnir
**08.05** The Middle
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** Hell's Kitchen
**11.00** Á uppleið
**11.25** Óbyggðirnar kalla
**11.50** Grey's Anatomy
**12.35** Nágrannar
**13.00** A Late Quartet
**14.45** Manglehorn
**16.25** PJ Karsjó
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Kosningar 2018: Málefnaþáttur
**19.20** Sportpakkinn
**19.30** Fréttayfirlit og veður
**19.35** The Big Bang Theory
**19.55** Deception Stórgóður og léttur sakamálaþáttur sem fjallar um einn fremsta og fyrrum virtasta sjónhverfingamanninn Cameron Black sem verður eitt helsta leynivopn bandarísku alríkislögreglunar við lausnir á flóknustu glæpamálum sem berast á borð hennar.
**20.40** NCIS
**21.25** The Blacklist Fimmta spennuþáttaröðin með James Spader í hlutverki hins magnaða Raymonds Reddington eða Reds, sem var efstur á lista yfir eftirlýsta glæpamenn hjá bandarískum yfirvöldum. Hann gaf sig fram og bauðst til að aðstoða FBI við að hafa hendur í hári glæpamanna og hryðjuverkamanna.
**22.10** Barry
**22.40** Crashing
**23.15** Real Time with Bill Maher
**00.10** C.B. Strike
**01.05** Homeland
**01.55** Vice
**02.25** Ten Days in the Valley
**03.05** Ten Days in the Valley
**03.50** Partisan
**05.25** Manglehorn

### STÖÐ 2 SPORT

**06.55** Marseille - Atlético Madrid
**08.35** Fjölnir - FH
**10.20** Valur - Fylkir
**12.05** Stjarnan - Víkingur R.
**13.55** Pepsi-mörkin
**15.20** KR - FH
**17.00** Pepsi-mörk kvenna
**18.00** ÍBV - FH
**20.00** Seinni bylgjan
**20.45** Premier League World
**21.15** Fyrir Ísland
**21.55** FH - KA
**23.35** KR - Breiðablik

### STÖÐ 2 SPORT 2

**07.50** Houston Rockets - Golden State Warriors
**09.45** Pepsi-mörk kvenna
**10.45** FH - ÍBV
**12.20** Seinni bylgjan
**12.50** Formúla 1 - Keppni
**15.00** Crystal Palace - WBA
**16.40** Messan
**18.00** Spænsku mörkin
**18.30** Premier League World
**19.00** KR - Breiðablik
**21.10** Þýsku mörkin
**21.40** ÍBV - FH
**23.10** Seinni bylgjan

### STÖÐ 3

**19.10** The Last Man on Earth
**19.35** Anger Management
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** Supergirl
**21.35** Arrow
**22.20** Gotham
**23.05** The Simpsons
**23.30** American Dad
**23.55** Bob's Burger
**00.45** Seinfeld
**01.10** Friends
**01.35** Tónlist

### STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.13** Tindur
**07.27** K3
**07.38** Mæja býfluga
**07.50** Kormákur
**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.47** Doddi litli og Eyrnastór
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Lalli
**09.55** Rasmus Klumpur og félagar
**10.00** Strumparnir
**10.25** Hvellur keppnisbíll
**10.37** Ævintýraferðin
**10.49** Gulla og grænjaxlarnir
**11.00** Stóri og litli
**11.13** Tindur
**11.27** K3
**11.38** Mæja býfluga
**11.50** Kormákur
**12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.47** Doddi litli og Eyrnastór
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Lalli
**13.55** Rasmus Klumpur og félagar
**14.00** Strumparnir
**14.25** Hvellur keppnisbíll
**14.37** Ævintýraferðin
**14.49** Gulla og grænjaxlarnir
**15.00** Stóri og litli
**15.13** Tindur
**15.27** K3
**15.38** Mæja býfluga
**15.50** Kormákur
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.47** Doddi litli og Eyrnastór
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Lalli
**17.55** Rasmus Klumpur og félagar
**18.00** Strumparnir
**18.25** Hvellur keppnisbíll
**18.37** Ævintýraferðin
**18.49** Gulla og grænjaxlarnir
**19.00** Lína Langsokkur

**Mörgæsirnar frá Madagaskar kl. 08.24, 12.24 og 16.24**



### GOLFSTÖÐIN

**07.45** Golfing World
**08.35** The Players Championship
**13.35** PGA Highlights
**14.30** Kingsmill Championship
**16.30** Golfing World
**19.35** Inside the PGA Tour
**20.00** AT&T Byron Nelson
**23.00** Kingsmill Championship

### STÖÐ 2 BÍÓ

**12.00** High Strung
**13.35** Southside with You
**15.00** Ghostbusters
**16.55** High Strung
**18.35** Southside with You
**20.00** Ghostbusters Ævintýraleg gamanmynd frá 2016 með Kristen Wiig , Melissu McCarthy, Chris Hemsorth, Kevin James og Bill Murray.
**22.00** Max Steel
**23.35** The Girl in the Book Hin þrítuga Alice starfar sem ritstjóri hjá útgáfufyrirtæki í New York. Henni bregður mikið þegar henni er falið að lesa yfir eina af bókum rithöfundarins Milans Daneker. Í ljós kemur að ástæðan fyrir uppnámi Alice er að hún er í raun ein af sögupersónum Milans í bókinni eftir að hafa átt í forboðnu ástarsambandi við hann fimmtán árum fyrr.
**01.05** Sabotage
**02.55** Max Steel

### RÚV

**16.35** Sjóræningjarokk
**17.20** Faðir, móðir og börn
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Ronja ræningjadóttir
**18.24** Einmitt svona sögur
**18.37** Hrúturinn Hreinn
**18.44** Flink
**18.47** Tulipop
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**19.50** Menningin
**20.00** Djók í Reykjavík
**20.35** Eldað með Niklas Ekstedt
**21.10** Auratal
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veður
**22.20** Lögregluvaktin
**23.05** Endurheimtur
**23.50** Kastljós
**00.05** Menningin
**00.10** Dagskrárlok

### SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** King of Queens
**08.25** Dr. Phil
**09.05** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**09.45** The Late Late Show with James Corden
**10.25** Síminn + Spotify
**13.10** Dr. Phil
**13.50** American Housewife
**14.15** Survivor
**15.00** America's Funniest Home Videos
**15.25** The Millers
**15.50** Solsidan
**16.15** Everybody Loves Raymond
**16.40** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**19.00** The Late Late Show with James Corden
**19.45** The Mick
**20.15** Gudjohnsen
**21.00** Station 19
**21.50** How to Get Away with Murder
**22.35** Mr. Robot
**23.25** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**00.45** 24
**01.30** Salvation
**02.15** Law & Order: Special Victims Unit
**03.05** SEAL Team
**03.50** Agents of S.H.I.E.L.D.
**04.40** Síminn + Spotify

### ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |

# PIER

**ALLT AÐ 30%**
afsláttur þegar keypt er allt settið úr BISTRO ÚTIHÚSGAGNA línunum: HOLT, OPTIKA , ZOYSI.





**25-40%**
afsláttur af ÚTIHÚSGAGNA settum.



PIER
REGINA
SPARIÐ
20.000 kr.
VERÐ NÚ
79.900 kr.



REGINA



HAAG

PIER
HAAG HORNSÓFI
SPARIÐ
34.000 kr.
VERÐ NÚ
135.900 kr.



PIER
TALISA
SPARIÐ
20.000 kr.
VERÐ NÚ
79.900 kr.

TALISA

**ALLT AÐ 30%**
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BLÓMUM & BLÓMAPOTTUM



**SKIPULAGSDAGAR.**
Tilboð á öllum körfum og skipulagseiningum




## Skoðið nýju sumarhúsgögnin á
## www.pier.is

Gildir 17. - 23. maí. Gildir ekki með öðrum tilboðum.



Andri Davíð var besti barþjónn landsins árið 2016. Hér sést hann einbeittur í World Class keppninni það árið. MYND/ÞORGEIR ÓLAFSSON

# Kokteilvikan hefst í dag

Á þriðjudaginn verður besti barþjónn landsins krýndur í Perlunni. Þetta er í þriðja sinn sem World Class barþjónakeppnin er haldin hér á landi en í fyrsta sinn verður sérstök kokteilavika í kringum keppnina.

World Class barþjóna-keppnin er sú stærsta í heiminum. Barþjónar frá öllum löndum mæta og keppa um titilinn besti barþjónn heimsins. Það má kannski bera titilinn saman við Michelin-stjörnuna í veitingaheiminum og því til mikils að vinna. Í vetur kepptu 32 barþjónar um að komast í úrslitin sem verða haldin núna á þriðjudaginn en aðeins 10 barþjónar komust í gegnum niðurskurðinn. Sá sem sigrar á þriðjudaginn verður krýndur besti barþjónn landsins og fær keppnisrétt í alþjóðlegu keppninni.

Úrslitakeppnin stendur yfir allan þriðjudaginn og er fyrri hluti hennar lokaður gestum. Þær þrautir sem barþjónarnir þurfa að leysa eru:

**Mystery basket** Barþjónarnir fá körfu með óvæntum hráefnum sem þeir þurfa að gera kokteil úr.

**Blindsmakk** Barþjónarnir þurfa að greina mismunandi áfengistegundir upp úr ómerktum svörtum glösum. Bæði þurfa þeir að geta svarað því hvaða tegund þetta er og um hvaða vörumerki er að ræða.

**Past vs present** Keppendur þurfa að blanda einn klassískan kokteil og svo búa til sína útgáfu af honum. Drykkirnir þurfa að passa saman en á sama tíma að vera í ákveðinni mótsögn – til að mynda svartur og hvítur drykkur, fordrykkur og eftirdrykkur og svo framvegis.

Um kvöldið verður svo búið að skera niður í fjóra barþjóna og þá hefst partíið sem allir eru velkomnir í. Síðasta þrautin – sem partígestir fá að fylgjast með – er hraðakeppnin þar sem fjórir bestu barþjónar landsins þurfa að blanda átta drykki á átta mínútum.

## Kokteilvikan







Klassískur kokteill

### Martini

Það verður ekki mikið klassískara en Martini. Í hann þarf ekki mikið en á móti verða þetta að vera hágæða hráefni – gin eins og Tanqueray no. 10, vermút og svo ólífa eða sítrónubörkur til skrauts.

- 60 ml gin
- 1 matskeið vermút

Hrærið vökvunum saman með smá ís eða skellið þeim í hristarann til blöndunar. Hellið í martini-glas (mikilvægt). Ólífa á kokteilpinna ofan í, eða smá sítrónubörkur.



# TAXFREE
# DAGAR Í ELLINGSEN

Fatnaður, skór, töskur, reiðhjól og fylgihlutir, tjöld, svefnpokar, dýnur, bakpokar, útilegu stólar, borð og fleira fyrir sumarið.

SKECHERS · MOUNTAIN HARD WEAR · zamberlan · Champion · DEVOLD · ecco · Bergans OF NORWAY · MILLET · NIKE · HOUDINI · PRIMUS · DIDRIKSONS1913 Grundsund SWEDEN · Coleman · speedo · Columbia · CAMPINGAZ · MERIDA

ELLINGSEN

FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVABRAUT 1–3 AKUREYRI / 580 8500 / SÍÐAN 1916 / WWW.ELLINGSEN.IS

WWW.ELLINGSEN.IS

Sveitarfélagið ÁRBORG

## Auglýsing

### Tillaga að deiliskipulagi Votmúla 2 og Austurkots í Sveitarfélaginu Árborg

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 11. maí 2018 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi í landi Votmúla 2 og Austurkots samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Um er að ræða deiliskipulag á um 20 ha landbúnaðarlandi sem nær yfir Votmúla 2, landnr. 192087, sem er um 15 ha. Um 3 ha spildu úr landi Austurkots, landnr. 166176, og vegsvæði Votmúlavegar (310) sem er um 2 ha. Á deiliskipulagssvæðinu eru 6 lóðir undir íbúðarhúsnæði með bílskúr, gestahús, hesthús og skemmu/geymslu tengda starfseminni, 2 spildur undir vegsvæði og 1 lóð fyrir beit. Gert er ráð fyrir tveimur nýjum aðkomuvegum að lóðunum frá Votmúlavegi (310) og Lækjamótsvegi (3175). Kvöð um aðkomuvegi verður á lóðunum. Svæðið liggur að mörkum Nýju- Jórvíkur (210194) að vestanverðu, Jórvík landi 1 (210193) að norðvestan, Fossmúla (166216) og Lækjamóti 1 (166198) að norðan. Svæðið liggur að Lækjarmótsvegi til austurs og Votmúlavegi til suðurs.

Innan byggingarreita er heimilt að reisa íbúðarhús á tveimur hæðum, allt að 350 m², 50 m² gestahús, 80 m² bílskúr og 800 m² hesthús/skemmu. Bílskúrar geta verið stakir eða sambyggðir íbúðarhúsum. Hús verða staðsett innan byggingarreita í samráði við byggingarfulltrúa. Byggingarreitir eru að lágmarki 10 m frá lóðarmörkum, nema annað sé tekið fram á uppdrætti.
Mesta leyfilega mænishæð er 7 m miðað við gólfplötu. Þakform og byggingarefni er frjálst en mikilvægt er að húsin falli sem best að umhverfi sínu og hafi sama yfirbragð og megin form.
Lögð er áhersla á að útsýni sé sem mest til suðausturs og skjólmyndun með skjólvegg eða gróðri frá norðri. Koma má fyrir trépalli og heitum potti innan byggingarreita íbúðarhúsa.

Teikningar ásamt greinargerð og skilmálum, vegna tillögunnar munu liggja frammi á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi frá 17. maí til 28.júní 2018. Öllum er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila athugasemdum rennur út fimmtudaginn 28.júní 2018 og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa á skrifstofu hans að Austurvegi 67, 800 Selfossi.

Á sama tíma eru teikningar,greinargerð og skilmálar til kynningar á heimasíðu Árborgar http://www.arborg.is þar sem hægt er að skoða tillöguna og senda athugasemdir

*Virðingarfyllst,*
*Bárður Guðmundsson*
*skipulags- og byggingarfulltrúi*



FRÉTTABLAÐIÐ.IS
Stendur undir nafni
FRÉTTABLAÐIÐ FRÉTTABLAÐIÐ APP FRÉTTABLAÐIÐ.IS


# Don Johnson vildi of margar milljónir




**Hönnunarhúsið Döðlur hefur aðstoðað kappana við að gera húsið sem glæsilegast að innan. „Ég er ekki hlutlaus en þetta verður fallegur bar og einn sá fallegasti í heiminum – kalt mat," segir Gunnsteinn.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Lífsstílsbarinn Miami verður opnaður í gamla Framsóknarhúsinu á Hverfisgötu innan tíðar. Þar verða öll húsgögnin sérsmíðuð og þjónar verða í sérsaumuðum fötum. Don Johnson átti að koma í opnunarpartíið en vildi fá spikfeitan tékka fyrir að koma.

## Stórstjarna sem Sonny



Don Johnson sló í gegn sem James „Sonny" Crockett í Miami Vice frá 1984-1989. Þar klæddist hann rándýrum tískufötum og ók á flottustu bílunum. Meðal annars á Ferrari Testarossa, þeim draumabíl. Eftir að sú sería kláraðist varð hann Nash Bridges, lögregluforingi frá San Francisco. Síðan hefur hann sést hér og þar í hinum ýmsu hlutverkum. Johnson var og er trúlega enn mikill kvennabósi en nú er það dóttir hans og Melanie Griffith, Dakota Johnson, sem heldur nafninu á lofti.

Gunnsteinn Helgi og félagar hans, sem eiga og reka meðal annars Burro, stefna hátt með nýjustu viðbót sína í skemmtanaflóru miðborgar Reykjavíkur. Staðurinn er svokallaður lífsstílsbar og kallast Miami, til húsa í gamla Framsóknarhúsinu á Hverfisgötu. Staðurinn verður með sérhönnuð og sérsmíðuð húsgögn og starfsfólkið verður í sérsaumuðum jakkafötum.

Gestir geta svo keypt það sem þeim líst á á heimasíðu staðarins, hvort sem það er húsgagn eða fatnaður. „Við verðum með okkar eigin Miami fata- og húsgagnalínu og gestir geta keypt fötin og stólana og borðin og það sem þeim líst á," segir Gunnsteinn. Hann heldur að þetta sé í fyrsta sinn í heiminum sem bar er með sína eigin húsgagna- og fatalínu.

„Niðri verða borðtennisborð, við erum að láta gera sér spaða og kúlur og fólk getur keypt sér borðtennisgræjur á heimasíðunni.

Það sem við erum að gera hefur aldrei sést áður í heiminum, því hvert einasta húsgagn er sérhannað og sérsmíðað. Það er ekkert sem við höfum fundið sem er líkt þessum stað."

Gunnsteinn segir að Miami verði ekki skemmtistaður enda ekkert dansgólf, enginn trúbador og enginn matur. Bara kokteilar og góða skapið. „Þarna verður 80s og 90s þema með smá áhrifum frá Miami. Bleik og blá teppi á gólfunum og þessa dagana erum við að vakta uppboð til að kaupa hönnunarverk frá þessum tíma. Stefnan er að staðurinn verði eitt stórt hönnunarlistaverk."

Til að fanga tímann var leitað til stærstu stjörnu níunda áratugarins, Dons Johnson, sem gerði garðinn frægan í Miami Vice, til að koma í opnunarpartíið. Því miður gekk það ekki. „Við höfðum samband við umboðsmanninn hans sem sagði að hann væri alveg til í að koma en einungis ef við borguðum honum mikið fyrir. Það var aðeins of dýrt fyrir okkur. En við hættum ekkert við opnunarpartíið. Það verður alveg þó að hann komist ekki," segir Gunnsteinn. **benediktboas@frettabladid.is**


**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*

# Innréttingar í öllum stærðum og gerðum









Við aðstoðum þig við að hanna Schmidt eldhúsinnréttingu sem hentar þér og þínum þörfum. Óteljandi möguleikar eru í boði í hæsta gæðaflokki sem völ er á. Komdu og sjáðu úrvalið!

Bjóðum aðeins það besta fyrir þig!

SCHMIDT
Innréttingar

Parki
INTERIORS

Parki ehf. • Dalvegi 10-14 • 201 Kópavogi • www.parki.is • parki@parki.is • sími: 595 0570



TILBOÐ
50%
AFSLÁTTUR

## DAGMAR
2,5 & 3ja sæta

Ljós- eða dökkgrátt áklæði.

2,5 sæta: 169 x 89 x 87 cm
**Fullt verð: 69.900 kr.**

3ja sæta: 200 x 89 x 87 cm
**Fullt verð: 79.900 kr.**

Aðeins **34.950 kr.** **39.950 kr.**



TILBOÐ
30%
AFSLÁTTUR

Aukahlutur á mynd: Hnakkapúði

## TAMPA
3ja sæta

Ljós- eða dökkgrátt áklæði.

3ja sæta: 242 x 89 x 85 cm.
**Fullt verð: 99.900 kr.**

Aðeins **69.930 kr.**



TILBOÐ
30%
AFSLÁTTUR

Aukahlutur á mynd: Hnakkapúði

## ZERO
hornsófi með tungu

Grátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 288 x 225 x 88 cm.
**Fullt verð: 169.900 kr.**

Aðeins **118.930 kr.**



TILBOÐ
25%
AFSLÁTTUR

## SAGA
tungusófi

Slitsterkt áklæði.
Ljós- og dökkgrár.
Stærð: 208 x 140 x 86 cm
**Fullt verð: 119.900 kr.**

Aðeins **89.925 kr.**



TILBOÐ
50%
AFSLÁTTUR

## VICENZA
svefnsófi

Sérlega vandaður svefnsófi. Dökkgrátt, grátt, dökkblátt og ljóst slitsterkt áklæði.
Stærð: 185 x 94 x 84 cm. Svefnpláss: 140 x 200 cm.
**Fullt verð: 289.900 kr.**

Aðeins **144.950 kr.**



TILBOÐ
25%
AFSLÁTTUR

## RIVER
svefnsófi með tungu



Rúmfatageymsla í tungu. Grænt, svart og grátt, slitsterkt áklæði. Hægri og vinstri tunga.
Stærð: 250 x 157 cm. Svefnsvæði: 140 x 195 cm.
**Fullt verð: 149.900 kr.**

Aðeins **112.425 kr.**

## SQUARE
náttborð



TILBOÐ
40%
AFSLÁTTUR

Náttborð, PU hvítt eða svart
**Fullt verð: 15.900**

Aðeins **9.540 kr.**



TILBOÐ
30%
AFSLÁTTUR

## CARAT rúmgafl

Rúmgafl 160 eða 180 cm í hvítu eða svörtu PU áklæði.
Verðdæmi miðast við rúmbreidd 160 cm.
**Fullt verð: 39.900 kr.**

Aðeins **27.930 kr.**

**Afgreiðslutími Rvk**
Mánudaga til föstudaga kl. 10–18
Laugardaga kl. 11–17
Sunnudaga kl. 13–17 (Smáratorg)
**www.dorma.is**

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.*

*Tilboðin gilda frá 17.–24. maí 2018 eða á meðan birgðir endast.*

OPIÐ Á SUNNUDÖGUM Í DORMA SMÁRATORGI

DORMA

Láttu drauminn rætast

# Vikutilboð

## 17. til 24. maí

**Smáratorgi | Holtagörðum | Akureyri | Ísafirði**



**TILBOÐ**

**30%**

**AFSLÁTTUR**

**af Shape Delux dýnu**
**15% af botni**

## SHAPE DELUXE

og Pertect T stillanlegur botn

Shape Deluxe 90 x 200 heilsudýna og Perfect T stillanlegur botn. Meðal eiginleika Perfect T er að hann er með nuddi, þráðlausri fjarstýringu, USB-tengi, LED lýsinguog tveimur mótorum.

**Fullt verð: 248.900 kr.**

Aðeins **201.080 kr.**

## NATURE'S LUXURY heilsurúm með Classic botni



Nature's Bedding

| Stærð í cm | Fullt verð | Tilboðsverð |
|---|---|---|
| 120x200 | 119.900 | 89.925 |
| 140x200 | 129.900 | 97.425 |
| 160x200 | 149.900 | 112.425 |
| 180x200 | 169.900 | 127.425 |

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

www.dorma.is

VEFVERSLUN

**ALLTAF OPIN**

- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Þrýstijöfnunar yfirdýna
- Burstaðir stálfætur
- Sterkur botn
- 320 gormar á m²

*Verslanir Dorma er lokaðar hvítasunnudag og annan í hvítasunnu*

DORMA

Láttu drauminn rætast

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**

**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**

Kristins Inga Jónssonar



## Þéttari borg

Spurn eftir litlum íbúðum miðsvæðis í Reykjavík hefur farið hratt vaxandi og er langtum meiri en framboðið eins og birst hefur í síhækkandi íbúðaverði á undanförnum árum. Allt bendir til þess að svo verði áfram raunin, enda vill hátt í níutíu prósent ungs fólks búa í póstnúmerum 101, 105 eða 107, ef marka má kannanir, og hægt hefur gengið að auka þar framboð íbúða.

Með því að halda áfram að þenja borgina út og byggja enn eitt úthverfið austan við núverandi byggð eru reykvískir stjórnmálamenn ekki að mæta þessari miklu eftirspurn. Það vantar ekki fleiri sérbýli austast í Reykjavík, eins og stundum mætti halda af umræðunni, heldur litlar og hagkvæmar íbúðir miðsvæðis. Fasteignasalar lýsa því svo að slegist sé um góðar eignir á miðlægum svæðum, einkum í miðborginni og Vesturbænum. Með því að þétta byggðina eru stjórnmálamenn að koma til móts við óskir markaðarins.

Þrátt fyrir góðvilja hefur borgaryfirvöldum ekki tekist að mæta þessum óskum og tryggja að miðsvæði borgarinnar vaxi eins og kallað er eftir. Litlum íbúðum þar hefur ekki fjölgað í takt við eftirspurn.

Reykjavík fór ekki úr því að vera þröngbýlasta borg Norðurlanda í það að vera sú dreifbýlasta af sjálfu sér. Það var pólitísk ákvörðun að skipuleggja borgina með þarfir einkabílsins í huga og gera borgarbúa þannig háða bílnum. Á sama hátt þarf pólitískan kjark til þess að snúa af þeirri leið og skipuleggja þéttari borg með sjálfbærum hverfum.

Gangi spár eftir mun Reykvíkingum fjölga um 25 þúsund á næstu 20 árum. Hvar á allt þetta fólk að búa? Þeirri spurningu þurfa reykvískir stjórnmálamenn að svara.








